

TENGL

IÐNAÐAR OG SJÁVARÚTVEGS

Nóvember 1995

Hr. Finnur Ingólfsson
iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Arnarhvoli
150 Reykjavík

20. október 1995

Með bréfi, dagsettu 16. mars 1992, skipaði þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til að meta hagfræðileg tengsl sjávarútvegs og iðnaðar. Nefndinni var falið að meta hina margvíslegu áhrifaþætti í þessu sambandi, m.a. margfeldisáhrif sjávarútvegs á iðnað og þjónustu. Þeir iðnaðar- og viðskiptaráðherrar, sem síðan hafa setið, lýstu áhuga á því að þessu starfi yrði haldið áfram, nú síðast núverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra Finnur Ingólfsson. Með nefndinni hefur starfað Björn Rúnar Guðmundsson frá Þjóðhagsstofnun sem ritari.

Nefndarmönnum var strax ljóst að hér væri um viðamikil verkefni að ræða sem hægt væri að vinna á margs konar hátt. Strax í upphafi var þó tekin ákvörðun um að reyna að komast eins nálægt viðfangsefninu og mögulegt væri í stað þess að notast við almenna greiningu. Þessi nálgun var að ýmsu leyti erfið, t.d. með tilliti til gagnaöflunar. Þá ákvað nefndin einnig að ræða við marga aðila í þeim greinum sem viðfangsefnið fjallar um. Starf nefndarinnar hefur einnig tekið lengri tíma en ætlað var og hefur í millitíðinni reynst nauðsynlegt að gera hlé á störfum nefndarinnar, m.a. vegna anna nefndarmanna á öðrum vettvangi.

Í skýrslunni er að finna margs konar tillögur og ábendingar varðandi tengsl iðnaðar og sjávarútvegs, svo og stjórn efnahagsmála hér á landi. Fjallað er m.a. um nauðsyn sveiflujöfnunar í íslensku efnahagslífi, þó að ekki séu lagðar fram fullmótaðar tillögur í því sambandi, en bent á hversu aðkallandi viðfangsefnið er.

Það er von okkar að skýrslan verði gott innlegg í þá umræðu sem nauðsynlega þarf að fara fram á næstunni um framtíð íslensks efnahagslífs.

Ari Skúlason formaður
Alþýðusambandi Íslands

Baldur Pétursson
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Halldór Árnason
Sjávarútvegsráðuneyti

Sveinn Hjörtur Hjartarson
Landssambandi ísl. útvegsmanna

Þorsteinn M. Jónsson
Samtökum iðnaðarins

Ágúst Elíasson
Samtökum fiskvinnslustöðva

Gylfi Arnbjörnsson
Samiðn, sambandi iðnfélaga

Benedikt Valsson

Farmanna- og fiskimannasambandi Ísl.

EFNISYFIRLIT


EFNISYFIRLIT	6
I. INNGANGUR	8
II. HELSTU NIÐURSTÖÐUR	9
III. SJÁVARÚTVEGUR	12
III.1 MIKILVÆGI SJÁVARÚTVEGS Í ÍSLENSKU EFNAHAGSLÍFI	12
<i>Sjávarútvegurinn, gengisstefnan og útflutningsiðnaðurinn</i>	12
<i>Uppbygging í skjóli áætlanagerðar</i>	13
<i>Markaðsvæðing sjávarútvegsins</i>	14
<i>Sjávarútvegur og hagstjórn</i>	16
III.2 SÖLUMÁL SJÁVARAFURÐA	18
III.3 SAMANTEKT	21
IV. TENGLI IÐNAÐAR OG SJÁVARÚTVEGS	21
IV.1 SAMKEPPNISSTAÐA OG INNRI GERÐ ATVINNULÍFSINS	21
<i>Frumframleiðsluþættir</i>	22
<i>Eftirspurnarþættir</i>	23
<i>Tengdar greinar</i>	23
<i>Fyrirtækjagerð</i>	24
<i>Tilviljanir</i>	25
<i>Áhrif stjórnvalda</i>	25
IV.2 IÐNAÐUR SEM TENGIST SJÁVARÚTVEGI	30
IV.3 VIÐSKIPTI IÐNAÐAR OG SJÁVARÚTVEGS	32
IV.4 FRAMLEIÐSLA OG VINNUAFL	33
IV.5 ÚTFLUTNINGUR.....	37
V. ÞRÓUN EINSTAKRA GREINA	39
V.1 SKIPASMÍÐAR OG -VIÐGERÐIR.....	39
V.2 MÁLMÍÐNADARGREINAR AÐRAR EN SKIPASMÍÐAR	43
V.3 VEIÐARFÆRAIÐNAÐUR	47
V.4 UMBÚÐAIÐNAÐUR	49
V.5 MATVÆLAIÐNAÐUR	51
<i>Hærra vinnslustig sjávarafurða</i>	51
<i>Skortur á framtengslum</i>	52
<i>Matvælaíðnaður annar en fiskvinnsla</i>	54
V.6 ANNAD	54
VI. FRAMTÍÐ IÐNAÐAR SEM TENGIST SJÁVARÚTVEGI	55
FYLGISKJÖL	59
FYLGISKJAL 1.....	59
HEIMILDIR	61

I. INNGANGUR

Umfjöllun um sjávarútveg og mikilvægi sjávarafurða við öflun gjaldeyristekna fyrir íslenskt þjóðarþú hefur fyrst og fremst mótast af afstöðu til heildarstærða í þjóðarþúskapnum. Má í því sambandi nefna umræður um áhrif af hagsveiflum sem eiga uppruna sinn í sjávarútvegi á aðrar greinar og umfjöllun um samspil afkomu sjávarútvegsfyrirtækja, gengis og samkeppnisstöðu fyrirtækja utan sjávarútvegs. Minna hefur farið fyrir umfjöllun um bein hagræn tengsl milli fyrirtækja í sjávarútvegi og fyrirtækja í öðrum greinum.

Í þessari skýrslu er ætlunin að þrengja sjónarhornið og kanna ítarlega umsvif í iðnaði sem rekja má með beinum hætti til nýtingar fiskistofnanna við landið. Einnig verður reynt að leggja mat á þróun þessara tengsla út frá því sjónarmiði hvort sóknarfæri sem íslenskur sjávarútvegur skapar fyrir aðrar atvinnugreinar hafi verið nýtt sem skyldi. Að ýmsu þarf að huga í þessu sambandi. Í fyrsta lagi þarf að huga að því hve umfangsmikil viðskipti eiga sér stað milli innlendra iðnfyrirtækja og fyrirtækja í sjávarútvegi. Spyrja má hvort þessi umsvif séu eðlileg. Beinir íslenskur sjávarútvegur viðskiptum sínum fremur að erlendum aðilum en íslenskum fyrirtækjum? Hvernig er háttáð samkeppnisstöðu innlendra iðnfyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi samanborið við erlenda keppinauta? Hefur almennt efnahagssumhverfi hér á landi verið með þeim hætti að það hafi hamlað eðlilegri þróun í atvinnulífnum, eða er ef til vill skýringarinnar að leita í innri gerð fyrirtækjanna sjálfra. Að síðustu, hvaða þátt eiga íslensk stjórnvöld í þessari framvindu? Hefur sú efnahags- og atvinnustefna sem mótuð hefur verið á undangengnum árum og áratugum hamlað því að íslenskt atvinnulíf brjótist úr viðjum fábreytileikans yfir í fjölbreyttara efnahagslíf, rekið áfram af tækni og vöruþróun fremur en af magnbreytingu útflutningsframleiðslunnar? Með því að leita svara við þessum spurningum má ef til vill svara þeirri spurningu af hverju iðnaður sem tengist sjávarútvegi er ekki umfangsmeiri en raun ber vitni.

Mynd 1: Vægi sjávarafurða í útflutningstekjum 1960-94



Í flestum iðnríkjum hefur efnahagsþróunin verið með þeim hætti að nokkrar undirstöðugreinar mynda vaxtargrundvöll fyrir fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum. Á þennan hátt má í flestum iðnríkjum sjá þróun efnahagslífsins á þessari öld frá því að byggja á fáum undirstöðugreinum yfir í fjölbreyttari atvinnustarfsemi sem smám saman tapar upphaflegum tengslum við frumframleiðslugreinarnar. Í kjölfarið breytist eðli utanríkisviðskiptanna. Frá því að flytja út lítið unnar afurðir verður hlutur sérhæfðari framleiðslu á ýmsum sviðum mikilvægari.

Út frá þessari reynslu annarra þjóða mætti spyrja hvort eitthvað hindri að sambærileg þróun eigi sér stað hér á landi. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að beina sjónum að íslenskum sjávarútvegi. Allt frá upphafi aldarinnar hafa gjaldeyristekjur þjóðarþúsins að mestu leyti byggst á útfluttum sjávarafurðum. Nú í lok aldarinnar standa sjávarafurðir enn undir 3/4 af þeim gjaldeyristekjum sem aflað er með vöruviðskiptum við aðrar þjóðir eins og sjá má á mynd 1.

Sjávarafurðir eru burðarásinn í öflun gjaldeyristekna, en íslenskur þjóðarþúskapur býr við óstöðugleika af tvennum toga sem rekja má til sjávarútvegs. Í fyrsta lagi þess sem rekja má til óvissra

aflabragða vegna náttúrulegra aðstæðna í hafinu kringum landið og í öðru lagi til þeirra miklu verðsveiflna sem einkenna viðskipti með sjávarafurðir.

En þrátt fyrir að rekja megi óstöðugleika íslensks efnahagslífs að nokkru til sjávarútvegs hafa fiskimiðin umhverfis landið verið undirstaða hagvaxtar og lífskjaraaukningar sem skipað hefur Íslendingum í raðir tekjuhæstu þjóða heimsins.

Samspil sjávarútvegs og annarra atvinnugreina er langt í frá að vera einfalt og auðskilið. Almenn efnahagsástand og sögulegar aðstæður hafa markað brautina fyrir þróunina í sjávarútvegi sem og öðrum atvinnugreinum. Það mikla umbreytingarskeið sem ríkt hefur í íslenskum efnahagsmálum á síðustu árum hefur gjörbreytt öllum fyrri forsendum íslensks atvinnulífs og þar með skapað grundvöll fyrir breyttar áherslur í efnahagsmálum. Þessari skýrslu er ekki ætlað að fjalla um þessar breytingar sérstaklega, en þær hafa grundvallarþýðingu fyrir viðfangsefni nefndarinnar og eru ef til vill lykilinn að meginviðfangsefni hennar sem snýr að breyttum tengslum sjávarútvegs og iðnaðar.

Samantekt og niðurstöður er að finna í kafla II, síðan er fjallað um þróunina í sjávarútvegi í kafla III, sérstaklega út frá þeim breytingum sem orðið hafa í greininni á síðustu árum. Í kafla IV eru rakin tengsl iðnaðar og sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi á almennan hátt, en kafla V fjallar um þróun einstakra greina. Í kafla VI er að síðustu fjallað um framtíð iðnaðar sem tengist sjávarútvegi.

II. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Sú skoðun hefur lengi verið ríkjandi hér á landi að tengsl milli sjávarútvegs og annarra atvinnugreina gætu verið og ættu að vera miklu meiri en raun ber vitni. Nefndin reyndi að meta umfang þessara tengsla milli sjávarútvegs og þeirra iðnaðargreina sem tengjast honum mest. Hér var um að ræða skipasmíðar, málmiðnaðargreinar, veiðarfæraíðnað, umbúðaiðnað og matvælaiðnað. Allar greinarnar nema matvælaiðnaður tengjast sjávarútveginum með baktengslum (þ.e. sjá fyrirtækjum í sjávarútvegi fyrir rekstrar- eða fjárfestingarvörum), en matvælaiðnaður með framtengslum (þ.e. stundar frekari vinnslu sjávarafurða). Mat á tengslum matvælaiðnaðar og sjávarútvegs er nokkrum erfiðleikum háð vegna þess að atvinnugreinaflokkunin miðast fremur við það hráefni sem notað er en endanlegar afurðir.

Mat nefndarinnar á tengslum milli sjávarútvegs og þessara greina er mjög gróft, enda lítið til af áreiðanlegum gögnum um viðskipti á milli einstakra atvinnugreina. Svokölluð aðfanga/afurðagreining hefur ekki tíðkast mikið hér á landi, en eitt meginmarkmið hennar er að skilgreina innbyrðis viðskipti á milli atvinnugreina.

Reynt var að meta framleiðslu þessara greina og vinnuafslnotkun þeirra og bera saman við ýmsar stærðir í hagkerfinu. Þá var einnig reynt að kanna þróun útflutnings þessara greina á undanförunum árum. Helstu niðurstöður sem fengust um umfang þessara greina voru eftirfarandi:

- Hlutdeild iðnaðar sem tengist sjávarútvegi af landsframleiðslunni hefur verið nokkuð stöðugt frá því í upphafi áttunda áratugarins. Á árinu 1983 var þetta hlutfall 3%, en var fallið niður í 2½% á árinu 1992.
- Frá 1973 til 1993 jókst framleiðslan í atvinnulífinu í heild um 3% á ári að meðaltali. Í sjávarútvegi var vöxturinn 3,8%, en einungis 2% í iðnaði sem tengist sjávarútvegi.
- Umsvif iðnaðar sem tengist sjávarútvegi, miðað við umsvif í sjávarútvegi, hafa dregist mikið saman síðan 1987. Á árinu 1987 var hlutfall rekstrartekna í iðnaðargreinunum 20% af tekjum sjávarútvegs. Þetta hlutfall var komið niður í 15% á árinu 1991. Umsvif innlands iðnaðar sem tengist sjávarútvegi drógust því saman um fjórðung á þessum árum miðað við óbreytt umsvif í sjávarútvegi.
- Gera má ráð fyrir að umfang viðskipta iðnaðar sem tengist sjávarútvegi hafi verið um 12-16 milljarðar króna á árinu 1991.
- Fjöldi starfa í þessum iðnaðargreinum hefur verið á bilinu 2½-3½% af heildarvinnuaflinu í landinu á undanförunum árum. Á árinu 1987 voru unnin um 4100 ársverk í þessum greinum, en

þeim hafði fækkað niður í 3100 á árinu 1991, eða um fjórðung. Frá árinu 1986 til 1991 fækkaði ársverkum í þessum greinum um 20%.

- Í sjávarútvegi hefur fiskvinnslustörfum í landi fækkað mikið miðað við störf í fiskveiðum á undanförunum árum. Á árinu 1984 voru 1,8 störf í fiskvinnslu miðað við hvert starf í fiskveiðum. Á árinu 1990 var þetta hlutfall komið niður í 1,1 og stefndi í 1,0 á árinu 1993.
- Útflutningur á iðnaðarvörum til sjávarútvegs hefur einungis verið um 1% af heildarvöruútflutningi á undanförunum árum.
- Hluttur þessa útflutnings hefur hins vegar aukist úr rúmum 5% af iðnaðarvöruútflutningi án stóriðju á árinu 1981 í 17,7% á árinu 1993.
- Innbyrðis skipting útflutnings á vörum til sjávarútvegs hefur breyst mikið á undanförunum árum. Á árinu 1993 var verðmæti rafeindavoga um 40% af þessum útflutningi. Á tímabilinu frá 1981-1993 má sjá skýra þróun frá útflutningi hefðbundins iðnvarnings á borð við umbúðir og veiðarfæri yfir í útflutning á háþrúðum tæknivarningi.
- Á tímabilinu 1981-1993 jókst verðmæti útflutnings iðnvarnings til sjávarútvegs að meðaltali um 7,7% á ári á meðan annar iðnaðarvöruútflutningur án stóriðju jókst einungis um 0,7% á ári. Þrátt fyrir samdrátt á allra síðustu árum hefur útflutningur á iðnaðarvörum til sjávarútvegs því greinilega verið ákveðinn vaxtarbroddur í íslenskum iðnaði á níunda áratugnum.

Nefndin telur að umfang viðskipta milli fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi séu edlileg miðað við þær aðstæður, starfsskilyrði og skipulag sem þessar greinar hafa búið við. Íslensk fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi eru mörg meðal öflugustu fyrirtækja í atvinnulífnum og standa erlendum keppinautum síst að baki í alþjóðlegri samkeppni. Á vissan hátt njóta þessi fyrirtæki ákveðins forskots vegna nálægðar við sjávarútveginn og hafa af þeim sökum náð að byggja upp sterka stöðu hér innanlands. Hins vegar hefur þeim ekki tekist að byggja upp öfluga útflutningsstarfsemi á grundvelli þessara viðskipta milli sjávarútvegs og iðnaðar. Nefndin telur að ástæður þessa séu margþættar, en dregur þó sérstaklega fram óstöðug efnahagsskilyrði, uppbyggingu sjávarútvegs, lágt vinnslustig sjávarafurða og innra skipulag iðnaðarins sjálfs.

Sjávarútvegurinn hefur mikla sérstöðu í íslensku efnahagslífi þar sem hann stendur undir stærstum hluta af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins. Sveiflurnar í sjávarútvegi, sem rekja má til breytilegra aflabragða og óstöðugra viðskiptakjara, hafa skapað ákveðinn óstöðugleika í íslenskum efnahagsmálum. Í almennri umfjöllun í þjóðfélaginu hefur nánast alfarið verið fjallað um neikvæð áhrif þessa óstöðugleika á vaxtarskilyrði almenns iðnaðar og erfiðrar sambúðar hans við sjávarútveginn. Það er hins vegar ljóst að þessi óstöðugleiki vegna sveiflukennrar afkomu einstakra greina sjávarútvegs hefur ekki síður haft neikvæð áhrif á vaxtarskilyrði annarra greina sjávarútvegsins sjálfs. Þetta á einkum og sér í lagi við um þær greinar sem framleiða fyrir neytendavörumarkað, þar sem t.d. hækkandi raungengi hefur ekki síður haft neikvæð áhrif en í almennum iðnaði. Reynt hefur verið að bregðast við þessum óstöðugleika með ýmsum hætti. *Nefndin telur að nauðsynlegt sé að tryggja að breytingar á aðstæðum í sjávarútvegi í framtíðinni raski ekki því jafnvægi sem nú ríkir í efnahagslífinu. Í því sambandi þarf að huga jafnt að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi sem og sértekum lausnum á borð við sveiflujöfnunarsjóði. Það er álit nefndarinnar að ef hægt er að tryggja áframhaldandi stöðugleika ýti það undir frekari þróun fullvinnslu sjávarafurða og skapi jafnframt forsendur fyrir öflugum útflutningsiðnaði. Undanfarin ár hafa róttækar breytingar átt sér stað í íslenskum sjávarútvegi sem best verður lýst með orðinu markaðsvæðing. Mikilvægustu breytingarnar ná til eftirfarandi þátta: Stjórnunar fiskveiða með úthlutun veiðiheimilda, þróunar fiskmarkaða og breytinga á Verðlagsráði sjávarútvegsins, frjáls framsals veiðiheimilda og heimilda erlendra fiskiskipa til löndunar hérlendis. Með þessum breytingum hefur rekstrarumhverfi sjávarútvegsins verið fært til nútímalegra horfs. *Nefndin telur að stefna eigi að enn frekari markaðsvæðingu sjávarútvegs, t.d. með því að huga að breytingum á núgildandi reglum um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi, að því tilskildu að forræði þjóðarinnar yfir auðlindum hafins verði tryggt.**

Lágt vinnslustig hefur löngum einkennt íslenskan útflutning og þá ekki hvað síst sjávarafurðir. Á þessu hefur orðið töluverð breyting á síðustu árum og vinnslustig sjávarafurða hækkar ár frá ári.

Hækkandi vinnslustig sjávafurða kallar á aukin umsvif í iðnaði sem tengist sjávarútvegi, svo sem í málmíðnaði og umbúðaiðnaði, auk þess sem þjónustugreinar af ýmsu tagi njóta góðs af þessari þróun. Með hærra vinnslustigi minnka líkurnar á sveiflukenndri þróun viðskiptakjara þar sem verð á neysluvörumarkaði er mun stöðugra en verð á hrávörumarkaði. *Nefndin telur mikilvægt að stjórnvöld styðji þessa þróun eins og frekast er unnt í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og stuðla að auknum stöðugleika. Í þessu sambandi er mikilvægt að stunda öfluga rannsóknar-, vöruþróunar- og markaðsstarfsemi í matvælaíðnaði sem tengist sjávarútvegi og efla kennslu og starfsþjálfun á þessu sviði.*

Komið hefur í ljós að vandi iðnfyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi snýr ekki einungis að óstöðugum efnahagsskilyrðum og erfiðri sambúð við sjávarútveginn. Smæð fyrirtækja, veik fjárhagsstaða þeirra og vanþróuð lárétt verkaskipting og sérhæfing gerir það að verkum að íslensk iðnfyrirtæki eru mörg hver illa í stakk búin til að nýta þá möguleika sem sjávarútvegurinn býður upp á. Það er skoðun nefndarinnar að íslenskur sjávarútvegur bjóði upp á einstakt tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í iðnaði og þjónustu. Ólíkt því sem gildir um flesta aðra atvinnustarfsemi myndar sjávarútvegurinn stóran og kröfuharðan heimamarkað fyrir vörur og þjónustu af ýmsu tagi. Því ættu fyrirtæki sem hasla sér völl á þessum markaði að hafa kjörna aðstöðu til þess að standa sig vel í alþjóðlegri samkeppni. Ef markaði má þá þróun sem verið hefur í átt til frekari vinnslu sjávafurða er enginn vafi á því að gífurleg verkefni blasa við við framleiðslu á ýmiss konar búnaði og tækjum fyrir sjávarútveg. Við réttar aðstæður getur sjávarútvegurinn því á næstu misserum skapað grundvöll fyrir öflugum og vaxandi iðnaðarframleiðslu sem keppir á heimsmarkaði á því fjölbreytta sviði sem framleiðsla fyrir sjávarútveg kallar á. Nú þegar hafa sprottið upp öflug íslensk iðnfyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi og mörg þeirra eru meðal stærstu fyrirtækja landsins. Til þess að svo megi verða verður iðnaðurinn hins vegar sjálfur að huga að breyttum starfsaðferðum og innra skipulagi. Ef ekki tekst að stuðla að verulegri stækkun á starfandi fyrirtækjum í þessari grein eða stórauðni samstarfi og sérhæfingu þeirra í milli eru miklar líkur til þess að erlend fyrirtæki muni njóta þess mikla vaxtarsvigrúms sem fyrirsjáanlegt er í tengslum við framleiðslu á þeim búnaði sem sjávarútvegurinn hefur þörf fyrir. *Það er álit nefndarinnar að greiða þurfi götu nauðsynlegrar skipulagsbreytingar í íslenskum iðnaði eins og frekast er unnt. Hlutverk stjórnvalda í því efni getur t.d. verið að aðstoða við myndun framsækinnna fyrirtækjaneta eða þróunarklasa þar sem nokkur lítil eða meðalstór fyrirtæki hafa náð samstarf um þróun og markaðssetningu tækja fyrir sjávarútveg. Jafnframt þarf að móta skýra stefnu að því er varðar uppbyggingu og hlutverk fjárfestingarlánasjóðanna í þríhliða samstarfi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Með markvissri stefnu geta sjóðirnir stuðlað að skipulagsbreytingum í iðnaði til þess að auka viðskipti milli sjávarútvegs og iðnaðar.*

III. SJÁVARÚTVEGUR

III.1 Mikilvægi sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi

Það er engin nýlunda að varpað sé fram áleitnum spurningum um mikilvægi sjávarútvegs í íslensku efnahagsþróun og tengsl hans við aðrar greinar atvinnulífsins. Sem burðarás í atvinnulífi landsmanna víða um land hefur sjávarútvegurinn töluverða sérstöðu í hagkerfinu. Þessu til viðbótar hafa mikilvægir þættir hagstjórnarinnar hér á landi að miklu leyti snúist um stöðu sjávarútvegsins. Nægir þar að nefna samspil afkomunnar í sjávarútvegi og gengisskráningar krónunnar, samspil launamyndunar hjá sjómönnum og launafólki í landi og áhrif breytinga í sjávarútvegi á þróun einstakra byggðarlaga.

Í þessum kafla er fjallað um samspil sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina í sögulegu og hagrænu samhengi. Reynt verður að draga upp mynd af framvindunni í íslenskum sjávarútvegi á síðastliðnum þremur áratugum. Einnig er fjallað um þann hagstjórnarvanda sem leiðir af þeim miklu sveiflum sem fylgja atvinnugrein á borð við íslenskan sjávarútveg. Hér er á engan hátt um tæmandi umfjöllun að ræða og mörg verkefni eru enn óleyst við að bæta samspil sjávarútvegs við aðrar atvinnugreinar og hlutverk almennrar hagstjórnar í því samhengi.

Sjávarútvegurinn, gengisstefnan og útflutningsiðnaðurinn

Umfjöllun um sjávarútveg og tengsl hans við aðrar atvinnugreinar er ekki ný af nálinni. Langt er síðan sú skoðun kom fram að ákveðin togstreita hafi skapast milli fyrirtækja í sjávarútvegi og í öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum. Samkvæmt þessu hefur gengi krónunnar löngum verið skráð of hátt með þeim afleiðingum að afkoma sjávarútvegsfyrirtækja hefur verið óeðlilega léleg. Þessu til mótvægis hafa verndartollar og innflutningshöft gegnt því hlutverki að bæta öðrum greinum upp þessi óhagstæðu rekstrarskilyrði.¹ Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram að einfaldasta aðferðin til að leysa þessa togstreitu væri að leggja sérstakt gjald á sjávarútveginn.

Enn í dag kveður við svipaðan tón. Því hefur verið haldið fram að sjávarútvegurinn gæti lifað við hærra raungengi en aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar vegna nálægðarinnar við gjöful fiskimið. Mjög skiptar skoðanir hafa verið um þetta atriði. Talsmenn sjávarútvegsins hafa haldið því fram að þessi skoðun ætti ekki við rök að styðjast. Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja hafi verið síst betri en fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum og þar með geti ekki verið um bjöguð samkeppnisskilyrði að ræða. Þeir sem haldið hafa fram öndverðu sjónarmiði hafa aftur á móti bent á að útflutnings- og samkeppnisgreinar aðrar en sjávarútvegur og stóriðja hafi átt mjög erfitt uppdráttar og ekki náð að vaxa samhliða sjávarútvegi og skapa þannig aukna breidd og fleiri undirstöður undir íslenskt atvinnulíf.

Frá því að aðlögun Íslands að EFTA-aðildinni lauk 1980 hafa verndartollar og innflutningshöft að fullu verið aflögð jafnframt því sem nú ríkir nær fullkomið frelsi í fjármagnsviðskiptum við önnur lönd, að því undanskildu að reglur um fjárfestingu útlendinga í frumframleiðslugreinum eru fremur strangar. Útflutnings- og samkeppnisiðnaður hefur lagað sig að alþjóðlegri samkeppni með misjöfnum árangri, sum fyrirtæki hafa náð að skapa sér fótfestu, en önnur orðið að láta í minni pokann fyrir erlendri samkeppni. Fyrirkomulag gengisskráningar hefur aftur á móti ekki tekið róttækum breytingum fyrr en á allra síðustu árum samfara auknu frjálsræði á gjaldeyrismarkaði. Nú er svo komið að fyrirkomulag þeirra mála hér á landi er í meginatriðum sambærilegt við það sem gerist meðal helstu viðskiptaþjóða okkar. Stjórnvöld geta þó enn gripið til þess ráðs að breyta gengi krónunnar ef talin er ástæða til, en opin fjármagnsmarkaður setur þessu tæki augljóslega meiri skorður en áður þekktist.

Þrátt fyrir róttækar breytingar í sjávarútvegi hefur auðlindaskattur ekki verið lagður á greinina og á síðustu misserum hefur umfjöllun um eignarhald á auðlindinni á vissan hátt tekið við af deilum um auðlindaskattinn. Fyrir þessu eru einkum tvær ástæður. Í fyrsta lagi hefur efnahagsstöðugleiki síðustu ára skapað aukið svigrúm fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar utan sjávarútvegsins.

¹ Sjá grein Jónasar H. Haralz: Staða sjávarútvegs í efnahagslífinu, Tímarit Verkfræðingafélags Íslands 1967.

Raungengi krónunnar er í sögulegu lágmarki, hóflegir kjarasamningar á undangengnum árum og afnám og lækkun skatta af ýmsu tagi hafa gjörbreytt samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Í öðru lagi hefur orðið gjörbreyting á stöðu sjávarútvegsins. Niðurskurður aflaheimilda, sérstaklega á þorski vegna bágs ástands þorskstofnsins, hefur þrengt mjög að mörgum fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Uppbygging í skjóli áætlanagerðar

Árin 1967-69 marka eitt mesta samdráttarskeið í íslenskum þjóðarbúskap þegar síldin hvarf og verðþróun á erlendum mörkuðum varð afar óhagstæð. Fljótlega tók þó við betri tíð og ráðist var í miklar framkvæmdir, meðal annars í gífurlega uppbyggingu á nýttísku frystihúsum hringinn í kringum landið. Í málefnaþingi ríkisstjórnarinnar frá 14. júlí 1971 er lögð rík áhersla á eflingu undirstöðu atvinnuvega þjóðarinnar á grundvelli áætlunargerðar. Eitt helsta verkefnið á þessu sviði var framkvæmd svokallaðrar frystihúsaáætlunar á árunum 1971-1976. Þrjár meginástæður lágu að baki þessari ákvörðun. Í fyrsta lagi gerði hvarf síldarinnar það að verkum að aukin áhersla var lögð á botnfiskvinnslu. Í öðru lagi höfðu komið fram í Bandaríkjunum strangari kröfur um hreinlæti við fiskvinnslu, en Bandaríkin voru langmikilvægasti markaðurinn fyrir frystar sjávarafurðir. Að síðustu þurfti að búa í haginn fyrir þann aukna afla sem útfærsla landhelginnar hafði í för með sér. Framkvæmdir samkvæmt þessari áætlun voru geysilega víðtækar. Þau ár sem áætlunin stóð yfir náði hún yfir megnið af framkvæmdum í fiskvinnslunni og tók til flestallra vinnslustaða á landinu.

Eftir á er auðvelt að gagnrýna þessa umfangsmiklu framkvæmdaáætlun, sérstaklega þar sem mikið virðist hafa skort á að fram hafi farið raunhæft mat á arðsemi þeirrar fjárfestingar sem ráðist var í. Í skýrslu sem áætlanaeild Framkvæmdastofnunar ríkisins gerði um þessa áætlun er því reyndar beinlínis haldið fram að ekki hafi verið unnt að koma við hefðbundnu mati á arðsemi nýframkvæmda. "Í stað fjárhagslegs arðsemismats var því fyrst og fremst stuðst við þörfina fyrir afkastagetu til að vinna úr frystingarhæfum afla, sem til fellur og vænta má næstu árin."²

Jafnframt var einnig unnin svokölluð "skuttogaraáætlun" sem tengd var við frystihúsaáætlunina þar sem lagður var grunnur að því að jafna tilfærslu hráefnis í nýju frystihúsin. Til þess að fjármagna þessar áætlanir hafði Framkvæmdastofnun ríkisins, sem sá um gerð þeirra, einnig það hlutverk að dreifa (erlendu láns)fjármagni til einstakra fjárfestingarlánasjóða. Þar nutu Byggðasjóður og Fiskveiðisjóður fyrirgreiðslu til að geta fjármagnað þessar áætlanir. Það má því fullyrða að þessi áætlun hafi markað brautina fyrir framvinduna í fiskvinnslunni síðastliðna tvo áratugi.

Í stað þess að móta atvinnuvegunum almenn starfsskilyrði var ráðist í umfangsmikla áætlanagerð þar sem botnfiskvinnslunni var markaður fremur þröngur bús við framleiðslu á frystum afurðum. Auk þess var á engan hátt tekist á við þann grundvallarvanda íslensks efnahagslífs sem sneri að sambúðarvanda sjávarútvegs og annarra útflutnings- og samkeppnisgreina.

Þessi umfangsmikla áætlanagerð leysti að mörgu leyti úr þeim mikla atvinnuleysis- og byggðavanda sem landsmenn stóðu frammi fyrir við hrun síldarstofnanna, verðfall botnfiskafurða og hertar hreinlætiskröfur í Bandaríkjunum í lok sjöunda áratugarins. Á örfáum árum tókst að umbylta vinnslu botnfiskafurða og setja þær í fremstu röð á alþjóðlegan mælikvarða. Þessar aðgerðir ásamt útfærslu fiskveiðilögsögunnar lögðu grunninn að einu mesta hagvaxtarskeiði Íslandssögunnar sem stórjök velferð þjóðarinnar.

Reynslan sýnir að á þessari víðtæku áætlanagerð voru a.m.k. tveir megingallar. Í fyrsta lagi var ekki tekist á við þann grundvallarvanda íslensks efnahagslífs sem snýr að sambúð sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina. Nokkrum árum áður höfðu komið fram ráðleggingar um að tekist yrði á við þennan vanda með því að móta atvinnuvegunum almenn starfsskilyrði.³ Í öðru lagi var í þessari áætlanagerð ekkert tillit tekið til þess hvaða þættir það eru í efnahagslífinu sem sem í raun eru drifkraftur eðlilegrar framvindu. Aðlögun að breyttum ytri aðstæðum, s.s. lækkandi afurðaverði eða minni fiskafli, átti sér stað með íhlutun stjórnvalda í formi gengisbreytinga eða í gegnum flókið

² Hraðfrystihúsaáætlunin 1971-1976, Framkvæmdastofnun ríkisins, 1974, bls. 12.

³ Jónasar H. Haralz: Staða sjávarútvegs í efnahagslífinu, Tímarit Verkfræðingafélags Íslands 1967

sjóðakerfi ásamt lánaþyrirgreiðslu með neikvæðum raunvöxtum til að tryggja rekstrarafkomu fyrirtækjanna.

Þótt þessi mál hafi ekki enn verið að fullu til lykta leidd hefur íslenskur sjávarútvegur tekið stakkaskiptum á síðustu árum og allt efnahagsumhverfi sjávarútvegs og annarra greina færst í eðlilegra horf. Nú hafa ef til vill skapast betri forsendur fyrir vexti öflugra útflutnings- og samkeppnisgreina í sjávarútvegstengdum iðnaði við hliðina á hefðbundnum sjávarútvegi.

Markaðsvæðing sjávarútvegsins

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku atvinnulífi á síðustu tíu árum eða svo. Mikilvægasta breytingin er án efa sú gjörbylting sem orðið hefur á innlendum fjármagnsmarkaði. Með verðtryggingu fjármagns, breytingum á banka- og sjóðakerfinu og nú síðast fullu frelsi í fjármagnsviðskiptum hafa verið stigin mikilvæg skref í endurskipulagningu efnahagslífsins. Allt fram á seinni hluta níunda áratugarins bjó íslenskt atvinnulíf við neikvæða raunvexti og takmarkaðan aðgang að fjármagni. Ekki sátu allir við sama borð í þessu efni. Í skjóli ríkisrekens banka- og sjóðakerfis mótaðist ráðstöfun fjármagns meira af pólitískum en viðskiptalegum sjónarmiðum. Nú á tímum er hins vegar ekki hægt að halda því fram að ein atvinnugrein umfram aðra eigi greiðari aðgang af fjármagni en önnur. Í þeim efnum ríkir að heita má jafnræði milli geina.⁴

Áhrif þessara breytinga á rekstrarskilyrði atvinnulífsins hafa verið mikil. Aukinn fjármagnskostnaður hefur breytt öllu mati á arðsemi fjárfestinga og orðið hvati hagræðingar í rekstri. En það er ekki aðeins fjármagnsmarkaðurinn sem hefur breyst. Efnahagslegur stöðugleiki undanfarinna ára hefur orðið til þess að stjórnendur fyrirtækja geta nú mótað sér stefnu til lengri tíma en áður. Á tímum óðaverðbólgu og gengisfellinga var nánast ómögulegt fyrir stjórnendur fyrirtækja að horfa fram á veginn. Nú þegar svo virðist sem tekist hafi að skapa efnahagslífinu sambærileg rekstrarskilyrði og það nýtur í viðskiptalöndunum horfa þessi mál allt öðruvísi við en áður.

Afleiðingar þessara breytinga á skipulag sjávarútvegs hafa verið mjög miklar. Hann hefur á vissan hátt brotist út úr því lokaða rekstrarumhverfi sem honum var mótað og stendur nú frammi fyrir mun opnara kerfi en áður þar sem fyrirtækin verða í ríkara mæli en þá að treysta á eigin mátt, en geta ekki á sama hátt og fyrr treyst á almáttuga hönd ríkisvaldsins til að leysa úr aðsteðjandi vanda. Orsakir þessara breytinga hafa verið af ýmsum toga. Þar má nefna áhrif breyttrar stefnu stjórnvalda í sjávarútvegsmálum, öra tækniþróun í sjávarútvegi og tengdum greinum og í síðasta lagi aflasamdrátt síðustu ára.

Í þessum kafla verður fjallað um áhrif breyttrar stefnu stjórnvalda sem snýr fyrst og fremst að því sem kalla má markaðsvæðingu sjávarútvegs. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

- Stjórnun fiskveiða með veiðiheimildum.
- Stofnun og þróun fiskmarkaða víða um land og breytingar á Verðlagsráði sjávarútvegsins.
- Frelsi til framsals veiðiheimilda.
- Heimildir erlendra fiskiskipa til löndunar hér við land.

Það er tvímælalaust umdeildasta, en jafnframt áhrifamesta stjórnvaldsaðgerðin sem gripið hefur verið til hér á landi á síðari árum þegar kvótakerfið var tekið upp. Með því að takmarka aðgang að fiskveiðiauðlindinni var mörkuð stefna í sjávarútvegsmálum sem haft hefur víðtækar afleiðingar. Meginmarkmið þessarar stefnu var og er enn að tryggja skynsamlega nýtingu fiskistofnanna innan fiskveiðilögsögunnar og stuðla að aukinni hagkvæmni við veiðarnar. Töluverðar deilur, sem meðal annars snúa að hagsmunum annarra atvinnugreina og ekki verða raktar hér, hafa verið um

⁴ Samkvæmt núgildandi reglum er það einungis landbúnaður sem nýtur sérkjara varðandi fjárfestingarlán í gegnum Stofnlánadeild landbúnaðarins. Útlán annarra fjárfestingarlánasjóða eru á markaðskjörum.


kvótakerfið og þann árangur sem það hefur skilað, en áhrifin á íslenskan sjávarútveg hafa verið gífurleg.⁵

Veruleg breyting hefur verið gerð á starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins, en til skamms tíma var verð á fiski upp úr sjó (og þar með skiptahlutur sjómanna) ákveðinn með reglulegu millibili af opinberri nefnd sem skipuð var fulltrúum hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Breytingin fól í sér að yfirnefnd verðlagsráðsins var lögð niður og því þarf einungis einfaldan meirihluta í ráðinu til að ákveða verð á fiski. Í reynd er nú komin tiltölulega frjáls verðmyndun, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem veiðar og vinnsla eru aðskilin og kvótaviðskipti hafa ekki áhrif á verð.

Jafnframt því sem starfsemi verðlagsráðs hefur verið breytt spruttu upp fiskmarkaðir víða um land þar sem afli einstakra skipa er boðinn upp. Fiskmarkaðirnir sem nú eru 14 hafa sett mikinn svip á þróunina í sjávarútvegi á síðustu árum. Hlutdeild þeirra af heildarviðskiptum með afla upp úr sjó hefur verið nokkuð breytileg frá ári til árs og einnig eftir fisktegundum. Árið 1994 fór um 27% af viðskiptum með þorsk fram á fiskmörkuðum, en sambærileg tala fyrir ýsu, ufsa og karfa er 30% , 24% og 5%.

Tiltölulega lágt hlutfall fiskmarkaða í heildarviðskiptum með fisk hér á landi endurspeglar fyrst og fremst þá staðreynd að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi stunda bæði veiðar og vinnslu. Samkvæmt lauslegri áætlun er talið að um 70% af þeim fyrirtækjum sem aðallega stunda fiskvinnslu séu jafnframt útgerðarfyrirtæki. Þau fyrirtæki sem stunda bæði veiðar og vinnslu bjóða yfirleitt ekki afla sinn til sölu á fiskmörkuðum þótt töluvert sé um að hluti hans sé settur á fiskmarkaði ef hann hentar ekki til vinnslu í fyrirtækinu.

Mynd 2: Hlutdeild innlendra fiskmarkaða í heildarafla helstu botnfisktegunda 1987-94




Tilkoma fiskmarkaðanna hefur orðið til þess að mörg fiskvinnslufyrirtæki hafa sérhæft sig í vinnslu þar sem fiskmarkaðirnir hafa boðið upp á þann möguleika að kaupa einungis það hráefni sem hentar, en áður fyrr þurftu fiskvinnslufyrirtækin að geta verið með sem fjölbreyttasta vinnslu eftir því hvaða fiskur kæmi að landi. Það má því leiða að því líkur að fiskmarkaðirnir hafi stuðlað að aukinni hagræðingu, þróun og fjölbreytileika í fiskvinnslunni.

Verð á fiskmörkuðum hefur verið töluvert hærra en það verð sem fengist hefur fyrir fiskinn í hefðbundinni löndun. Þessi verðmunur hefur verið nokkuð breytilegur milli ára og milli tegunda. Af helstu botnfisktegundum hefur mestur verðmunur verið á ýsu, að meðaltali 44% á tímabilinu 1987-1994. Þorskur hefur á sama tímabili að jafnaði verið 34% dýrari á fiskmörkuðum en í hefðbundinni löndun. Verðmunur á ufsa hefur verið minni og árið 1993 fékkst að meðaltali lægra verð fyrir ufsa á fiskmörkuðum en í hefðbundinni löndun. Að meðaltali hefur ufsaverð verið um 25% hærra á fiskmörkuðum. Karfaverð hefur að jafnaði verið um 37% hærra á fiskmörkuðum en í hefðbundinni löndun.

⁵ Ítarlega umfjöllun um kvótakerfið er að finna í Skýrslu til sjávarútvegsráðherra, Nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu, 1993.

Mynd 3: Munur á meðalverði á fiskmörkuðum og í hefðbundinni löndun á helstu botnfisktegundum 1987-1994



Önnur mikilvæg breyting sem orðið hefur í íslenskum sjávarútvegi á síðustu árum er breyttar reglur um framsal veiðiheimilda. Með lögum um stjórnun fiskveiða frá 1990 var öllum hömlum á viðskiptum með kvóta aflétt milli innlendra útgerðaraðila. Áður en þessi lög tóku gildi var einungis heimilt að flytja aflaheimildir milli skipa væri skip tekið út af skipaskrá. Tilgangur þess að heimila frjáls viðskipti með aflaheimildir var sá að hvetja til hagræðingar í greininni.

Mikilvægt skref til aukins frjálsræðis var einnig stigið með breytingu á reglum um landanir erlendra skipa. Áður fyrr voru í gildi mjög strangar reglur sem beinlínis miðuðu að því að koma í veg fyrir að erlend fiskiskip legðu upp afla sinn hér á landi. Auk þess sem þessar reglur takmörkuðu framboð á hráefni komu þær í veg fyrir að innlend fyrirtæki önnur en sjávarútvegsfyrirtæki gætu stofnað til viðskipta við erlend fiskiskip. Þetta á sérstaklega við um innlendar skipasmíðastöðvar og önnur fyrirtæki sem veita staðbundna þjónustu. Á allra síðustu árum hafa töluverð viðskipti verið við erlend fiskiskip, sérstaklega frá Rússlandi. Árið 1994 var alls landað rúmum 65 þúsund lestum úr erlendum fiskiskipum, þar af um 22 þúsund lestum af þorski að verðmæti alls um 1,2 milljarðar, en alls er áætlað að heildarverðmæti afla úr erlendum fiskiskipum hafi verið um 1,7 milljarðar króna. Reikna má með að verðmæti þessarar framleiðslu hafi aukist töluvert í fiskvinnslunni og því skilað hærra útflutningsverðmæti. Árið 1993 lönduðu erlend fiskiskip alls 33 þúsund lestum af fiski hér á landi og árið þar áður um 21 þúsund lestum. Ekki liggja fyrir tölur um viðskipti þessara erlendu fiskiskipa við íslensk fyrirtæki utan sjávarútvegs, en ljóst er að þau eru umtalsverð.

Sjávarútvegur og hagstjórn

Segja má að meginviðfangsefni hagstjórnar hér á landi á umliðnum árum hafi verið að bregðast við afleiðingum af sveiflum í sjávarútvegi fyrir efnahagslífið í heild. Það þarf ekki að rýna mikið í hagsöguna til að sannfæra um þetta. Hvort sem rekja hefur mátt þessar sveiflur til breytinga á viðskiptakjörum eða aflabrogðum er sjávarútvegurinn svo fyrirferðarmikill að sveiflur í sjávarútvegi hafa óhjákvæmileg áhrif á allan þjóðarbúskapinn. Þrátt fyrir að hlutdeild sjávarútvegs í vergri landsframleiðslu sé einungis um 16% (áætlun fyrir 1994) gerir hlutdeild sjávarafurða í útflutningi vöru og þjónustu (sem var 53% árið 1994) það að verkum að sveiflurnar í sjávarútveginum hafa afgerandi áhrif á kaupmátt þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Þegar við þetta bætist að sjávarútvegurinn hefur löngum verið leiðandi við launamyndun í öðrum atvinnugreinum sem ekki búa við sömu aðstæður og fyrirtæki í sjávarútvegi, þarf ekki að koma á óvart að framvindan í sjávarútvegi hafi skipt sköpum við mótun efnahagsrammans fram að þessu. Mynd 4 sýnir breytingar á vergum þáttatekjum í fiskveiðum annars vegar og hagkerfinu í heild. Glöggt má sjá þær miklu sveiflur sem einkenna sjávarútveginn og að hagkerfið í heild fylgir í meginatriðum sams konar sveiflu


þótt heildarhagsveiflan sé töluvert minni en sveiflan í sjávarútvegi.⁶

Viðbrögð stjórnvalda gagnvart þessu hagstjórnarverkefni hafa verið með ýmsum hætti. Fyrirkomulag gengisskráningar og miðstýring í peningamálum ásamt þeirri miklu þenslu sem einkenndi íslenskt efnahagslíf á árunum 1970-87 olli því að nánast ómögulegt var að fást við vandann nema með því að beita áhrifamiklum hagstjórnartækjum á borð við gengsskráningu krónunnar, lánsfjárskömmtnun og ákvörðun fiskverðs. Einnig hefur verið reynt að jafna sveiflur í sjávarútvegi með jöfnunarsjóðum af ýmsum toga.

Erfitt er að leggja heildarmat á árangur stjórnvalda við úrlausn þessa verkefnis. Fyrir liggur að almennt samkomulag ríkir um þá stefnu sem mótuð hefur verið á síðustu árum, að draga úr miðstýringu í hagkerfinu og auka markaðsvæðingu á flestum sviðum.

Reynslan hér á landi og erlendis sýnir að ekki er unnt að ná samtímis tveimur markmiðum með einu stjórnartæki. Þannig er ekki hægt að beita gengisskráningu krónunnar við að jafna sveiflur í sjávarútvegi og stuðla að stöðugleika í verðlagsmálum. Við núverandi aðstæður, þegar tekist hefur að ná efnahagslegum stöðugleika og lækka verðbólguna er óhjákvæmilegt annað en leggja höfuðáherslu á stöðugleikamarkmiðið og fórna þar með genginu sem hagstjórnartæki við sveiflujöfnun og jöfnun samkeppnisskilyrða. Reyndar valda þær breytingar sem orðið hafa á gjaldeyrismarkaði því að ekki er sama svigrúm og áður til einhliða ákvörðunar um gengisskráningu.⁷

Mynd 4: Breytingar á vergum þáttatekjum í fiskveiðum og atvinnulífinu í heild 1974-93



Sú spurning hlýtur því að vakna á hvern hátt stjórnvöld eiga að bregðast við uppsveiflu í sjávarútvegi. Hér er komið að grundvallarspurningum um hagstjórn og trúverðugleika efnahagsstefnunnar. Varanlegur stöðugleiki verður einungis byggður á trúverðugri efnahagsstefnu. Til þess að festa efnahagsstöðugleikann í sessi verður að tryggja að tekjuaukning í sjávarútvegi leiði ekki til kostnaðarhækkana í öðrum atvinnugreinum og grafi þannig undan þeim hagstæðu samkeppnisskilyrðum sem nú hafa skapast. Ýmsar leiðir eru færar í þessu efni. Í fyrsta lagi má hugsa sér að leggja sérstakt gjald á sjávarútveginn sem renni í ríkissjóð til að hamla gegn umframhagnaði í greininni. Einnig kemur til álita að endurvekja Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og koma á verð- eða tekjujöfnun af einhverju tagi. Að síðustu er hugsanlegt að sú staða sé þegar komin upp að sveiflujöfnun af þessu tagi sé óþörf þar sem sjávarútvegsfyrirtækin sjálf geti tekið á sig afkomusveifluna án þess að hleypa henni út í hagkerfið.

Tilraunir til að jafna áhrif af sveiflum í sjávarútvegi með jöfnunarsjóðum hafa þegar á heildina er litið ekki gefið góða raun. Verulegur ágreiningur hefur ríkt um sjóði af þessu tagi og erfitt hefur

⁶ Sjá grein Friðriks M. Baldurssonar: Auðlindaskattur og gengisstefna, í Vísbandingu 27. júlí 1989, þar sem rakið er samband gengisskráningar og afkomu í sjávarútvegi, og grein Ásgeirs Daníelssonar: Sveiflur í sjávarútvegi, gengisstefna og almenn hagstjórn, í Fjármálatíðindum XXXVIII.3 1991.

⁷ Hér er átt við breytingar sem urðu á gengisskráningu krónunnar á miðju ári 1993, þegar komið var á fót millibankamarkaði með gjaldeyri, og síðan aukið frelsi í fjármagnsviðskiptum á síðustu árum, sérstaklega á skammtímahreyfingum á gjaldeyrismarkaði.

reynst að finna málamiðlun sem öllum hentar. Því er ekki á móti mælt að starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins á árunum 1990-91, þegar verðlag sjávarafurða hækkaði mjög ört, kom í veg fyrir að hefðbundin uppsveifla í sjávarútvegi leiddi til þensluástands í öðrum atvinnugreinum. Það er því hugsanlegt að til skamms tíma sé einhvers konar lausn af þessu tagi nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi stöðugleika ef mikil uppsveifla verður í sjávarútvegi.

Á síðustu árum hefur mátt sjá verulega breytingu á uppbyggingu og rekstri fyrirtækja í sjávarútvegi. En þrátt fyrir allt eru stærstu fyrirtækin ekki ýkja stór, hvorki á alþjóðlegan mælikvarða né í ljósi þess óstöðugleika sem sjávarútvegurinn býr við. Það er því mjög mikilvægt að öllum hindrunum fyrir eðlilegum vexti þessara fyrirtækja sé rutt úr vegi. Í því sambandi leggur nefndin til að hugað verði að breytingum á núgildandi reglum um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi, að því tilskildu að forræði þjóðarinnar yfir fiskimiðunum verði tryggt. Með rýmri reglum um fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi verður auðveldara að byggja upp fjárhagslega sterk fyrirtæki, auk þess sem slík breyting er líkleg til að flýta fyrir þeirri þróun sem þegar er hafin í þá átt að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hefji starfsemi erlendis. Þessi alþjóðavæðing er liður í því að skjóta fleiri stoðum undir rekstur fyrirtækjanna og draga þar með úr sveiflukenndri afkomu.

Miðað við það sem gerist og gengur í nágrennalöndunum er sjávarútvegur hér á landi vel rekinn og býr við hagstæð skilyrði að flestu leyti. Erlendis er sjávarútvegur ýmist rekinn í skjóli ríkisstyrkja eða fákeppni fjölþjóðlegra risafyrirtækja. Það er því nauðsynlegt að vera á varðbergi gagnvart ásókn erlendra fjárfesta í íslenskan sjávarútveg.

III.2 Söllumál sjávarafurða

Frá því að viðreisnarstjórnin hóf að afnema viðskiptahöft í kringum 1960 hefur stefnan í utanríkisviðskiptamálum verið sú að auka frelsi í viðskiptum við önnur lönd. Inngangan í EFTA 1970, viðskiptasamningurinn við EB 1973, þátttakan í EES og nú síðast undirritum GATT-samningsins eru til vitnis um samfellda þróun til aukins viðskiptafrelsis. Fáum blandast hugur um að þessi stefna er í góðu samræmi við hagsmuni þjóðarbúsins, enda eiga fáar þjóðir jafn mikið undir frelsi í utanríkisviðskiptum og við Íslendingar.

Útflutningur sjávarafurða var lengst af háður leyfisveitingum af ýmsu tagi og var markaðssetningin í höndum sölusamtaka framleiðenda. Útflutningur frystra sjávarafurða var að mestu í höndum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, SH, sem var stofnuð 1943, og Sjávarafurðadeildar SÍF (nú Íslenskar sjávarafurðir hf., ÍS), sem stofnuð var árið 1957. Útflutningur til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna var háður leyfisveitingum fram á síðasta áratug, en útflutningur til annarra markaðssvæða var frjáls. Fyrir utan sölusamtökin höfðu nokkur önnur fyrirtæki leyfi til útflutnings til Bandaríkjanna.

Útflutningur á saltfiski var að mestu í höndum Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, SÍF, sem sett var á laggirnar árið 1932, og útflutningur á saltsíld var í höndum Síldarútvegsnefndar frá árinu 1934. Útflutningur lagmetis var í höndum Sölustofnunar lagmetis sem var stofnuð 1972. Að síðustu má nefna að útflutningur á ferskum fiski er háður leyfi frá Aflamiðlun sem sett var á laggirnar árið 1990 í þeim tilgangi að stýra útflutningi á ferskum fiski.⁸

Öllum þessum samtökum var stjórnað af framleiðendum sem töldu hagsmunum sínum best borgið með því að starfa saman að markaðsmálum.


Útflutningur á frystum fiski var gefinn frjáls á síðasta áratug og er hlutdeild SH og ÍS nú um 60% í útflutningi frystra sjávarafurða. Einkaleyfi SÍF á útflutningi á saltfiski var afnumið formlega 1992, en aðrir útflutningsaðilar höfðu þá haft leyfi til útflutnings einnig um margra ára skeið. Hlutdeild SÍF í útflutningnum minnkaði nokkuð eftir að leyfið var afnumið, en hefur aukist aftur. Samkvæmt lögum um Síldarútvegsnefnd hefur sjávarútvegsráðherra heimild til þess að veita nefndinni einkaleyfi til útflutnings á saltsíld, þó ekki í neytendaumbúðum. Slík leyfi hafa aldrei verið veitt nema til eins árs í

⁸ Áður en Aflamiðlun var stofnuð var útflutningi á ferskum fiski í skipum stýrt af LÍÚ, en útflutningur í gámum var háður leyfi stjórnvalda.


senn og slíkt leyfi hefur ekki verið veitt um langt árabíll. Útflutningur á lagmeti hefur verið frjálss um nokkurra ára skeið.

Margar ástæður voru fyrir þessu fyrirkomulagi á útflutningsversluninni. Í kjölfar heimskreppunnar fylgdu viðskiptahöft á ýmsum sviðum, bæði í inn- og útflutningsverslun. Segja má að í grundvallaratriðum sé það takmark sölufyrirkomulags af þessu tagi að hafa áhrif á viðskiptakjörin. Með því að fela fáum aðilum útflutning á ákveðinni vörutegund aukast líkurnar á því að hægt sé að nýta sér markaðsmátt til þess að ná fram hagstæðari viðskiptasamningum. Ekki er vafi á því að þessi stefna hefur skilað árangri við markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Hagstæð verðþróun og mikil vörugæði hafa einkennt íslenskar sjávarafurðir og útflutning þeirra um langt skeið. Það má án efa að miklu leyti rekja til sölusamtaka í sjávarútvegi. Auk þess hafa sölusamtökin á allra síðustu árum stuðlað mjög að vörupróun og nýbreytni í markaðsmálum sjávarafurða. Þetta er m.a. vegna þess að lítil fyrirtæki sem standa ein að útflutningi hafa takmarkað bolmagn til vörupróunar og markaðssetningar á fullnum afurðum. Jafnframt setja erlendir viðskiptaaðilar öruggan afhendingartíma og jafnt og öruggt framboð sem skilyrði fyrir viðskiptum.

Mynd 5: Útflutningur sjávarafurða til Asíu og gengi jens gagnvart dollar 1972-1993



Mynd 6: Útflutningur sjávarafurða til N-Ameríku og gengi dollars gagnvart þýsku marki 1972-1993



Komið hefur í ljós að breytingar á hlutdeild einstakra markaðssvæða í útflutningi sjávarafurða eru í góðu samræmi við gengisþróun erlendis sem bendir til þess að íslenskir útflytjendur fylgist vel með því hvar hagkvæmast sé að selja vöruna og séu fljótir að bregðast við breyttum aðstæðum. Á myndum 5 og 6 má sjá skýrt samband milli aukins útflutnings til Asíu og gengis jens gagnvart dollar og sömuleiðis minnkandi útflutning til Ameríku og gengi dollars gagnvart þýsku marki. Hugsanlegt er að sterk sölusamtök á borð við SH og ÍS geri auðveldara að stjórna markaðsmálunum með það í huga að fá hámarksskilaverð fyrir afurðirnar út frá breytilegum markaðsaðstæðum.


Þrátt fyrir þetta má hefur komið fram gagnrýni á þær takmarkanir sem voru á útflutningi sjávarafurða. Með því að láta markaðsmálin í hendur fárra aðila breytist tengslin milli framleiðenda og þess markaðar sem framleitt er fyrir. Afleiðingin geti orðið ónóg vörupróun og lakari samkeppnisstaða á markaðnum ef ekki er sjálfstæður hvati fyrir sölusamtökin til að stunda öflugra vörupróun. Jafnframt sé hætta á að slík sölusamtök sinni ekki litlum mörkuðum vegna þess að það þjóni ekki hagsmunum fjöldans. Í sögulegu samhengi má e.t.v. gagnrýna starfsemi sölusamtakanna á áttunda og fyrrihluta níunda áratugarins einmitt fyrir þetta. Þá komu stundum þær aðstæður að útflutningur sjávarafurða einkenndist fremur af því að flytja út mikið magn en af því að hráefnið hafi verið fullunnið fyrir neytendur. Þetta átti jafnt við um útflutning á frystum og söltuðum fiski.

Hvað sem segja má um gagnrýni af þessum toga hefur orðið töluverð breyting á sölu- og markaðsmálum sjávarafurða á allra síðustu árum. Við núverandi aðstæður, þegar útflutningur sjávarafurða er fullkomlega frjálss, halda sölusamtökin ekki aftur af minni framleiðendunum sem vilja starfa sjálfstætt að markaðsmálum. Aukin fjölbreytni í þessum efnem kann einnig að hafa haft þau áhrif að útflytjendum hafi orðið betur ljós en áður þörfin á öflugra vörupróunar- og markaðsstarfi. Hún hafi þannig orðið sá hvati vörupróunar sem áður skorti.

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að aðstæður í íslenskum sjávarútvegi hafa ef til vill ekki boðið upp á að hér þróaðist mikil fullvinnsla á sjávarafurðum fyrr en á allra síðustu árum. Í fyrsta

lagi hefur uppbygging botnfiskvinnslunnar miðast við að vinna mikið magn af hráefni miðað við það framboð vinnuafls sem verið hefur til staðar.

Mynd 7: Skipting botnfiskaflans eftir vinnsluáðferðum 1981-94, þús. tonn



Í öðru lagi bjó íslensk fiskvinnsla við takmarkaðan markaðsaðgang fyrir fullunnar sjávarafurðir, bæði fyrir Evrópu- og Bandaríkjamarkað. Til að bregðast við þessu hafa íslenskir útflytjendur sett á laggirnar fiskvinnslufyrirtæki erlendis. Bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskar sjávarafurðir eiga fiskvinnslufyrirtæki í Bandaríkjunum, auk þess sem SH á fiskvinnslufyrirtæki í Bretlandi. Nýlega keypti SÍF síðan saltfiskvinnslu í Frakklandi. Frá sjónarhóli þeirra sem flytja út sjávarafurðir kann fyrirkomuleg af þessum toga að vera hentugt. Auk þess að komast undan viðskiptahindrunum af margvíslegu tagi er hugsanlegt að töluverð rekstrarhagkvæmni sé í því fólgin að flytja fullvinnsluna eins nálægt markaðinum og frekast er unnt. Þessu til viðbótar bjó fiskvinnslan við stöðugan skort á vinnuafli sem óneitanlega hefur sett mikinn svip á þróun greinarinnar. Til marks um þennan vinnuafllsskort er sá tiltölulega mikli innflutningur á erlendu vinnuafli sem einkennt hefur íslenska fiskvinnslu um alllangt skeið. Eftir að meira jafnvægi en áður myndaðist á vinnumarkaði hefur þó orðið mikil breyting til batnaðar hvað þetta varðar. Bæði hefur aukin tæknivæðing minnkað vinnuafllspörfina í fiskvinnslunni og vaxandi atvinnuleysi hefur aukið svigrúm fyrirtækjanna í þessum efnun.

Skilgreina má fullvinnslu á margan hátt. Allri þróun í átt til fullvinnslu er þó það sameiginlegt að vörur verða dýrari og fjölbreyttari en áður og skila virðisauka og verðmætasköpun í viðkomandi atvinnugrein og þjóðfélagi. Neytendavara sem er tilbúin til notkunar í eldhúsi á veitingastöðum eða heimilum getur þannig talist fullunnin. Stærð pakkinga fremur en frágangur ræður því hvort varan er ætluð stórelldhúsi eða til heimilisnota. Stærð neytendapakkinga frá íslenskum framleiðendum getur verið frá 200 g til 20 lbs. og afurðirnar eru t.d. flök, flakahlutar, stærðarflokkaðir flakabitar og lausfrystur skelfiskur. Fiskafurðir sem fara óbreyttar frá framleiðanda til endanlegs notanda í upprunalegum umbúðum eru því neytendavara.

Bent hefur verið á að tiltölulega lítill hluti af íslenskum sjávarafurðum fari í framleiðslu á fiski í smásölupakkingum, þótt á síðustu árum hafi framleiðsla af þessum toga aukist. Frá sjónarhóli fyrirtækja í iðnaði og þjónustu er framleiðsla af þessum toga sérlega áhugaverð þar sem hún kallar á fjölbreytileg aðföng sem annars ekki koma til sögunar. Nægir þar að nefna umbúðir, matvælaíðnað og flutninga auk annarra þjónustugreina sem hugsanlega gætu tengst slíkri framleiðslu. Forsvarsmenn sölusamtakanna hafa þó bent á að í þessu sambandi sé ekki sjálfgefið að framleiðsla af þessum toga gefi meira af sér en sú sem hingað til hefur aðallega verið stunduð. Þeir benda á að samkeppnin á þessum mörkuðum sé gífurleg og í raun séu það örfá risafyrirtæki á borð við Unilever og Nestlé sem séu allsráðandi, t.d. á Evrópumörkuðum, í skjóli markaðsráðandi vörumerkja. Reyndin hefur einnig orðið sú að þau íslensku fyrirtæki sem farið hafa út í framleiðslu sem þessa hafa oftast nær framleitt undir þekktum vörumerkjum og greitt viðkomandi fyrirtækjum leyfisgjald fyrir afnot af þeim. Íslensk fiskvinnslufyrirtæki hafa þrátt fyrir leyfisgjöld náð talsvert herra verði fyrir þessar

vörur en fyrir hefðbundna framleiðslu, jafnframt því sem vinnslan hefur skilað mikilvægri reynslu við vöruþróun og markaðstengslum. Þá hefur tekist að að fjölga störfum í fiskvinnslu. Auk þess kallar svona vinnsla á aukna fjárfestingu í vélum og tækjum og eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem eykur tengslin við aðrar greinar og stuðlar að aukinni verðmætasköpun.

III.3 Samantekt

Miklar breytingar hafa orðið á sjávarútvegi hér á landi á undanförunum áratugum. Botnfiskafli hefur farið minnkandi á allra síðustu árum, nýting aflans og sóknin breyst og markaðsvæðing sjávarútvegsins aukist. Þrátt fyrir minni afla hefur ekki dregið úr útflutningsverðmæti sjávarafurða að neinu ráði. Þær standa eftir sem áður undir þremur fjórðu hlutum gjalddeyristekna af vöruútflutningi. Þrátt fyrir margra ára umræðu um mikilvægi sjávarútvegsins fyrir íslenskan þjóðarbúskap og nauðsyn þess að skjóta fleiri stöðum undir efnahagslífið er staðan enn sú sama hvað þetta varðar.

Þróun sjávarútvegsins á síðustu áratugum einkenndist fyrst og fremst af mikilli aukningu afla í kjölfar útfærslu landhelginnar og miklum afla fram á síðustu ár. Skipulag greinarinnar miðaðist fyrst og fremst við að vinna mikinn afla sem barst að landi og það þurfti að gerast hratt. Vinnlustigið þurfti því að víkja fyrir kröfu um afköst. Skipulag sölumála var þannig að sala afurðanna var að mestu í höndum fárra, sérhæfðra sölusamtaka. Þetta fyrirkomulag var talið skila hvað bestum árangri við markaðssetningu afurðanna. Gæði framleiðslunnar voru mikil og stöðug og tekjurnar tiltölulega öruggar. Yfirsýn sölusamtakanna varð líka til þess að hægt var að bregðast fljótt við breyttum aðstæðum á markaðinum til þess að tryggja hagstæðasta verðið á hverjum tíma.

Sambúð og tengsl sjávarútvegsins við aðrar greinar skipta miklu máli fyrir íslenskt efnahagslíf. Það ræður miklu um möguleikana til öflugrar hagþróunar hve viðskipti annarra greina við sjávarútveginn eru mikil. Í næsta kafla verður fjallað um sambúð sjávarútvegsins við þær iðngreinar sem tengjast honum hvað mest.

IV. TENGLI IÐNAÐAR OG SJÁVARÚTVEGS

IV.1 Samkeppnisstaða og innri gerð atvinnulífsins

Áður en gerð verður grein fyrir hagrænum tengslum sjávarútvegs og iðnaðar er ekki úr vegi að fjalla almennt um tengsl milli atvinnugreina og þá þætti sem taldir eru móta samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja, atvinnugreina og þjóða. Hér verður aðallega stuðst við rannsóknir bandaríska hagfræðingsins Michael E. Porter sem fjallað hefur ítarlega um þetta efni og athugað samkeppnisstöðu einstakra landa út frá innri gerð atvinnulífsins fremur en með því að líta einungis á afstæður framleiðslukostnaðar milli landa eins og tíðkast í flestum könnunum af þessu tagi. Í grófum dráttum greinir Porter alþjóðlega samkeppnisstöðu á tilteknu sviði út frá fjórum meginþáttum og samspili þeirra í milli:

- *Frumframleiðsluþættir.* Náttúruauðlindir, framboð á vinnuafli og fjármagni. Þekking og verkunnátta. Innri gerð hagkerfisins og aðrir þeir grunnþættir sem skapa sterka samkeppnisstöðu á ákveðnu sviði.
- *Eftirspurnarþættir.* Eftirspurn á heimamarkaði fyrir vörur eða þjónustu viðkomandi greinar.
- *Tengdar greinar.* Hér er átt við þróunarstig þeirra atvinnugreina sem tengjast greininni.
- *Fyrirtækjagerð.* Stofnsetning nýrra fyrirtækja, uppbygging, rekstur og innbyrðis samkeppni.

Þessir þættir móta það umhverfi sem fyrirtæki í viðkomandi grein starfa í. Við réttar aðstæður ná fyrirtæki í einu landi forskoti á önnur og skapa samkeppnisforskoti í greininni. Talað er um að á

ákveðnum sviðum myndist “klasar” (e. clusters) sem tengi saman fyrirtæki í mismunandi atvinnugreinum. Í þessu sambandi má líta á fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti sem hluta af sama klasanum. Hagkerfi einstakra landa byggist upp af mörgum slíkum klösum sem tengjast innbyrðis með flóknum hætti og móta það sem kallað hefur verið samkeppnisstaða á heimsmarkaði.

Sjávarútvegs-iðnaðar- klasinn hér á landi fellur ágætlega að þessum ramma. Nýting sjávarauðlindarinnar býður upp á möguleika fyrir sértækan iðnað, tengdan sjávarútvegi. Reynslan sýnir að mörg þeirra fyrirtækja sem reynt hafa fyrir sér á þessu sviði hafa náð langt og eru jafnvel meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Hins vegar hefur enn sem komið er ekki sprottið upp öflugur útflutningsiðnaður á þessu sviði þótt vissulega skipti útflutningur á iðnvarningi til sjávarútvegs töluverðu máli. Þrátt fyrir allt eru það fyrst og fremst viðskipti við innlend sjávarútvegsfyrirtæki sem eru uppistaðan í viðskiptum þeirra iðnfyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi.

Ekki eru tók á því að gera hér fullnægjandi grein fyrir aðferðafræði Porters, heldur verður einungis stiklað á stóru við greiningu á íslenska sjávarútvegs-iðnaðar- klasanum.

Frumframleiðsluþættir

Í hefðbundnum skilningi skiptast framleiðsluþættirnir í landgæði, fjármagn og vinnuafli. Greining Porters víkkar hugtakið töluvert þar sem gerður er greinarmunur á auðlindum og þróaðri þáttum.

Með auðlindum er átt við náttúrleg gæði lands og sjávar, vinnuafli og staðbundna þætti. Þjóðir sem byggja auðlegð sína fyrst og fremst á auðlindum af þessum toga eru flestar fremur skammt komnar á þróunarbrautinni. Á vissan hátt er íslenska hagkerfið í þeim flokki. Þrátt fyrir háar þjóðartekjur á alþjóðlegan mælikvarða er mikilvægi sjávarauðlindarinnar í hagkerfinu slíkt að óhjákvæmilegt er annað en að telja okkur meðal þeirra sem eiga sína efnahagslegu tilveru að mestu leyti undir beinni nýtingu náttúruauðlinda. En ýmsir aðrir þættir skipta einnig máli. Framboð á vinnuafli, sérstaklega lítt eða ófaglærðu, ásamt sérstökum staðbundnum þáttum, svo sem legu landsins, loftslagi og öðrum slíkum þáttum sem kunna að skipta máli við að skapa landinu sérstöðu á einhverju sviði.

Þróaðri framleiðsluþættir snúa fyrst og fremst að nútímalegri uppbyggingu samfélagsins, svo sem tölvuvæðingu, samgöngum, fjarskiptum og menntun. Framboði á vel menntuðu vinnuafli á sviði tækni og viðskipta, tungumálakunnáttu og öllu því sem þarf að vera til staðar í nútímaþjóðfélagi til að ná langt í alþjóðlegri samkeppni.

Nú á tímum er sjávarútvegur háþröðuð atvinnugrein sem nýtir fullkonnustu tækni á flestum sviðum. Fyrirtæki í iðnaði sem tengjast sjávarútvegi geta því verið af ýmsum toga. Í sumum tilfellum nýta fyrirtækin fremur ófaglært en faglært vinnuafli. Í vissum tilvikum er um fjármagnsfreka framleiðslu að ræða fremur en vinnuaflsfreka.

Verkþekking á sviði sjávarútvegs er mikil hér á landi. Héðan hefur verið stunduð sjósókn frá því að land byggðist og í árána rás hefur safnast upp gífurleg þekking á þessu sviði. Þessi verkþekking liggur til grundvallar þeim iðnaði sem byggst hefur upp við hlið sjávarútvegsins. Þetta á við um skipasmíðar, veiðarfæragerð, smíði véla og tækja til sjávarútvegs og uppbyggingu matvælaíðnaðar sem byggist á sjávarútvegi. Framboð á vinnuafli hefur yfirleitt verið nægilegt, en á vissum tímabilum hefur vinnuamarkaðurinn einkennst af þenslu og umframeftirspurn. Yfirleitt hafa verkkunnátta og lítil afköst ekki hamlað þróun fyrirtækja í iðnaði sem tengist sjávarútvegi. Þó hefur það komið í ljós að á vissum sviðum hefur ekki tekist að þróa nægilega sérhæfingu til þess að tryggja stöðugt framboð sérhæfðrar framleiðslu, sérstaklega í vissum greinum málm- og vélsmiða. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að almennur iðnaður hér á landi er með töluvert öðru sniði en í flestum nágrannalöndum. Hérlandis hafa ekki orðið til stór iðnfyrirtæki á sviði málm- og vélsmiða sem svo mjög einkenna löndin í Evrópu og N.-Ameríku. Íslenskur iðnaður hefur einkennst af litlum framleiðslueiningum sem fyrst og fremst selja framleiðslu sína á heimamarkaði. Eftirspurn eftir vinnuafli á sviði málm- og vélsmiða hefur því verið mun minni en í nágrannalöndunum og því minna farið fyrir uppbyggingu verkþekkingar á þessu sviði. Á síðari árum hefur mikið starf verið unnið til að bæta menntun á þessu sviði með samvinnu fyrirtækja, fagfélaga og yfirvalda.

Almennt má því segja að hvað varðar framleiðsluþætti séu aðstæður fremur hagstæðar fyrir sjávarútvegs-iðnaðar- klasann, en þó með þeirri undantekningu að á vissum sviðum hefur skort þá sérhæfingu sem þarf til þess að hér verði einnig til stórar framleiðslueiningar á sjávarútvegs-iðnaðar-sviðinu.

Eftirspurnarþættir

Annar mikilvægur þáttur sem markar löndum samkeppnisforskot er sú eftirspurn sem er til staðar fyrir vörur og þjónustu á viðkomandi sviði. Stór og kröfuharður heimamarkaður er meðal mikilvægustu þátta við mótun og uppbyggingu alþjóðlegrar samkeppnishæfni. Porter greinir á milli þriggja mikilvægra atriða: Þarfa heimamarkaðarins, stærðar og vaxtar innlendrar eftirspurnar og hversu vel þarfir heimamarkaðarins endurspeglar alþjóðlega eftirspurn.

Á þessu sviði býr íslenskur sjávarútvegs-iðnaður við mjög hagstæðar aðstæður. Það hve sjávarútvegurinn er fyrirferðarmikil atvinnugrein og þær sérstöku aðstæður sem hér ríkja skapa fyrirtækjum í iðnaði og þjónustu ákaflega hagstæð skilyrði. Þær erfiðu aðstæður frá náttúrunnar hendi sem ríkja hér í Norður-Atlantshafinu hafa skapað sérþekkingu á ýmsum sviðum sem nýst hefur í alþjóðlegri samkeppni. Sem dæmi um þetta má nefna þróun í vigtunartækni um borð í fiskiskipum. Einnig hefur aukin sókn útgerðarmanna í nýjar fisktegundir orðið til þess að búin hafa verið til ný veiðarfæri, eins og *Gloríu*-troll Hampiðjunnar er gott dæmi um.

Með því að leitast við að fullnægja hörðum kröfum innlendra aðila hefur íslenskum iðnfyrirtækjum reynst auðveldara að brjótast inn á heimsmarkaðinn og vinna sér þar sess í alþjóðlegri samkeppni.

Fyrir matvælafyrirtæki sem framleiða fiskafurðir er innanlandsmarkaðurinn ekki eins hagstæður og fyrir önnur iðnfyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi. Þótt neysla á fiski hér á landi sé með því mesta sem gerist í heiminum miðað við fólksfjölda er erfitt að þróa nýjar vörutegundir vegna smæðar markaðarins. Einnig er sterk hefð fyrir neyslu á ferskum fiski fremur en tilbúnum fiskréttum. Af þessum sökum er erfitt fyrir innlend matvælafyrirtæki að nota innanlandsmarkaðinn til að þróa nýjar vörutegundir. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að á þessum markaði gilda ekki gilda sömu lögmál og á mörkuðum fyrir aðföng fyrirtækja og fjárfestingarvörur. Ólíkar matarvenjur þjóða valda því að vara sem líkar vel á einum stað þarf alls ekki að líka vel annars staðar. Vöruþróun í matvælaíðnaði er því ekki eins háð stórum heimamarkaði og margar aðrar greinar.

Tengdar greinar

Að sumu leyti er erfitt að flokka iðnað sem tengist sjávarútvegi sem eina heild. Það sem skilur að þau fyrirtæki sem hér eiga í hlut er oft meira áberandi en það sem sameinar þau. Þannig er ekki margt sameiginlegt með skipasmíðum og fyrirtækjum sem framleiða umbúðir fyrir sjávarútveg annað en sameiginlegur viðskiptavinur. Í þessu ljósi þarf sterk staða á einu sviði sjávarútvegs-iðnaðar ekki sjálfkrafa að leiða til sterkrar stöðu í annarri iðngrein sem einnig tengist sjávarútvegi. Einnig getur verið erfitt að draga skýrar línur á milli fyrirtækja og atvinnugreina sem tengjast með beinum hætti sjávarútvegi og annarra sem hafa óbeinni tengsl við sjávarútveginn.

Til þess að ein atvinnugrein nái að byggja upp og viðhalda sterkri alþjóðlegri samkeppnisstöðu er mikilvægt að hið sama gildi um tengdar atvinnugreinar. Þannig eru mikil gæði hráefnis, véla og tækja og aðkeyptrar þjónustu lykilatriði fyrir atvinnugrein sem vill viðhalda sterkri samkeppnisstöðu. Síkt verður auðvitað best tryggt með því að þau fyrirtæki sem hér um ræðir séu sjálf með sterka samkeppnisstöðu. Þannig getur myndast eins konar fyrirtækjanet þar sem gagnkvæmur styrkleiki tengdra fyrirtækja myndar sterka heild á ákveðnu sviði.

Sjávarútvegs-iðnaðurinn myndar ekki eina slíka heild, til þess er starfsemi fyrirtækjanna of ólík. Hins vegar má yfirfæra þessa mynd á einstakar atvinnugreinar. Sterka stöðu í framleiðslu á toghlerum má t.d. rekja til þeirrar miklu reynslu sem byggst hefur upp á togaraflothanum við botnvörpuveiðar ásamt góðri fagþekkingu við málmsmíðar. Sömuleiðis má að öllum líkindum rekja viðurkennd gæði umbúða sem framleiddar eru hér á landi að einhverju leyti til háþróaðs prentiðnaðar og mikilla gæðakrafna á því sviði héraendis. Hugsanlegt er einnig að rekja megi þróun

veidarfæragerðar til þróunar í spunaiðnaði í tengslum við ullariðnað. Þegar á heildina er litið er þó vart hægt að álykta sem svo að hér á landi séu til staðar öflugar greinar sem tengjast sjávarútvegi. Til þess er þessi atvinnustarfsemi of skammt á veg komin og enn í aðalatriðum byggð upp kringum innlendan sjávarútveg auk þess sem óstöðugleiki efnahagslífsins á undanförunum árum hefur hamlað þróun þessara greina. Ef takast á að byggja upp sterka alþjóðlega samkeppnisstöðu á þessu sviði þarf því jafnframt að huga að mikilvægi óbeinna tengsla af þeim toga sem hér hefur verið fjallað um.

Fyrirtækjagerð

Uppbygging og skipulag fyrirtækja eru lykilþættir við mótun samkeppnisstöðunnar. Hefðir í rekstri fyrirtækja eru ólíkar eftir löndum. Sums staðar eru lítil fyrirtæki meira áberandi en stór og eignarform er sömuleiðis mismunandi frá einu landi til annars. Í þessu sambandi er oft litið til Ítalíu annars vegar og Þýskalands hins vegar. Ítalskt efnahagslíf einkennist af fremur litlum fyrirtækjum sem gjarna eru rekin sem fjölskyldufyrirtæki. Þýsk fyrirtæki eru hins vegar gjarnan stór með vel menntaða stjórnendur þar sem allt er í föstum skorðum. Fyrir ítölsk fyrirtæki skiptir sveigjanleikinn meira máli en stöðugleikinn, öfugt við það sem gildir í Þýskalandi. Árangur þessara tveggja ólíku kerfa má fyrst og fremst rekja til þess að í báðum tilvikum hafa fyrirtækin valið sér starfsvettvang við hæfi. Ítalir hafa einbeitt sér að léttri framleiðslu fyrir neytendamarkað með miklar gæðakröfur og síbreytilega eftirspurn. Framleiðsla á tískuvarningi af ýmsu tagi virðist henta einkar vel fyrir ítölsk iðnfyrirtæki. Andstætt þessu hafa þýsk fyrirtæki haslað sér völl á sviði þungaframleiðslu af ýmsu tagi. Fyrirtæki í Þýskalandi hafa sterkt samkeppnisforskot í greinum þar sem fastur kostnaður er mikill og miklar kröfur gerðar til nákvæmni og tæknikunnáttu. Þetta dæmi sýnir að það er ekki sjálf fyrirtækjagerðin sem skiptir máli, heldur hversu vel tekst að nýta einkenni þeirra fyrirtækja sem eru til staðar á því sviði þar sem skapa á samkeppnisforskot.

Íslensk iðnfyrirtæki eru flest smá í sniðum og yfirleitt rekin sem fjölskyldufyrirtæki auk þess sem einstaklingsrekstur er áberandi. Annað einkenni íslenskra fyrirtækja er veik fjárhagsstaða og oft á tíðum mikil skuldsetning. Einungis örfá fyrirtæki í iðnaði eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands og hlutafjórðarmögnun á almennum fjármálamarkaði skammt á veg komin. Spurningin er hversu vel þetta fyrirtækjaumhverfi hentar iðnfyrirtækjum sem tengjast sjávarútvegi. Aðstæður í sjávarútvegi valda því að oft á tíðum þarf að bregðast við nýjum aðstæðum með skömmum fyrirvara og þá skiptir sveigjanleiki og viðbragðsflýti iðnaðar- og þjónustufyrirtækja miklu máli. Ekki verður séð að það fyrirtækjamynstur sem til hefur orðið hér á landi henti sérstaklega vel við rekstur fyrirtækja á sviði sjávarútvegs-iðnaðar. Í mörgum tilvikum er fastur kostnaður töluverður og því hagkvæmni fólgin í stórum framleiðslueiningum. Sveiflur í afkomu sjávarútvegsfyrirtækja gera það að verkum að fyrirtæki í tengdum greinum þurfa að vera í stakk búin til að mæta breytilegri eftirspurn frá einum tíma til annars og því æskilegt að nokkurt fjárhagslegt bolmagn sé til staðar. Sókn á erlenda markaði kallar á þekkingu í markaðsmálum og færni við að umgangast útlendinga. Þessir þættir hafa verið vanræktir í íslensku atvinnulífi, en hafa á allra síðustu árum fengið meira vægi í stefnumótun innlendra fyrirtækja. Það virðist því mega leiða líkur að því að íslenskt fyrirtækjaumhverfi sé ekki á allan hátt hagstætt til að móta sterka alþjóðlega samkeppnisstöðu á sviði sjávarútvegs-iðnaðar. Sérstaklega á þetta við um smæð og fjárhagslegan veikleika auk þess sem takmörkuð þekking á sviði markaðssetningar kann að vera hamlandi þáttur.

Samkeppni á innanlandsmarkaði milli fyrirtækja í sömu atvinnugrein er mikilvægur þáttur við mótun sterkrar samkeppnisstöðu. Það virðist ef til vill vera fólgin ákveðin soun í því að mörg lítil fyrirtæki í einu landi keppi hvert við annað um lítinn heimamarkað. Svo er þó ekki. Þvert á móti sýna rannsóknir að skortur á samkeppni leiðir mun fremur til sóunar. Hvatinn til hagkvæmni í framleiðslu og nýjunga kemur fyrst og fremst af því aðhaldi sem samkeppnin veitir. Á sama hátt hvetur samkeppnin fyrirtækin til að leita nýrra viðskiptavina með því að leita fyrir sér á alþjóðlegum mörkuðum. Sennilega er fátt mikilvægara en hörð samkeppni á heimamarkaði til að efla og viðhalda samkeppnisforskoti á alþjóðavísu.

Í þessu sambandi má spyrja hver staðan sé meðal íslenskra iðnfyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi. Í flestum tilvikum ríkir töluverð samkeppni. Vegna smæðar markaðarins er þó sjaldnast um mörg fyrirtæki að ræða þótt einokunaraðstaða á þessu sviði sé hvergi til staðar. Gott dæmi um

áhrif samkeppninnar á þessu sviði er hvernig framleiðsla á tölvuvogum hefur þróast hjá tveimur leiðandi fyrirtækjum, Pól hf. og Marel hf., sem átt hafa í harðri samkeppni hvort við annað. Líklega hefði framvindan orðið önnur og lakari ef einungis annað þessara fyrirtækja hefði verið til staðar. Miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja virðist ekki vera hægt að draga aðra ályktun en að samkeppni milli fyrirtækja í sjávarútvegs-iðnaði sé töluverð. Það er því ekki hægt að sjá að í þessu efni búi íslensk fyrirtæki við óeðlileg skilyrði.

Tilviljanir

Í greiningu sinni leggur Porter áherslu á tvo þætti aðra en þá sem þegar hafa verið nefndir, *tilviljanir* og *áhrif stjórnvalda*.

Tilviljanir geta skipt miklu máli í þróun einstakra atvinnugreina. Snöggar og óvæntar breytingar geta á skömmum tíma kollvarpað sterkri stöðu fyrirtækja í einu landi og haft jákvæð áhrif á önnur. Sem dæmi um áhrif tilviljana mætti nefna áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslensk efnahagsmál. Framvinda efnahagsmála hefði án efa orðið með öðrum hætti ef til þessara styrjalda hefði ekki komið.

Í sjávarútvegs-iðnaðinum hafa tilviljanir oft haft mikil áhrif. Má í því sambandi nefna að mikilvægur þáttur í velgengni þeirra fyrirtækja sem framleiða rafeindavogir var stóraukin útgerð fullvinnsluskipa sem þurftu mjög á slíkum búnaði að halda.

Áhrif stjórnvalda

Eitt meginmarkmið stjórnvalda á sviði efnahagsmála er að stuðla að aukinni hagsæld og bættum lífskjörum. Til að slíkt geti orðið verður atvinnulíf að skapa meiri verðmæti en áður og aukna atvinnu með meiri samkeppnishæfni, framþróun og nýsköpun, þar sem vaxandi framleiðni gegnir veigamiklu hlutverki. Hluti af þeim breytingum sem gerast við aukna samkeppnishæfni og verðmætasköpun í atvinnulífi er að lægra launuð störf víkja fyrir hærra launuðum. Stjórnvöld geta stuðlað að aukinni samkeppnishæfni og framþróun atvinnulífs með margvíslegum aðgerðum, svo sem með hefðbundnum efnahagsaðgerðum, stuðningsaðgerðum er varða samkeppni fyrirtækja og með öðrum aðgerðum, beinum eða óbeinum, á sviði menntamála, skatta o.s.frv.

Á undanförunum árum hefur iðnaðar- og atvinnustefna ýmissa OECD-ríkja breyst í takt við breyttar aðstæður. Í þeim ríkjum má almennt segja að atvinnu- og iðnaðarstefna hafi þróast yfir í samkeppnisstefnu. Þannig hefur atvinnustefna OECD-landanna breyst úr stuðningi við ákveðnar atvinnugreinar, sem eru að dragast saman í viðkomandi landi, yfir í almenn stuðningsverkefni sem ekki trufla markað, heldur örva hann á vissum sviðum. Almennt má greina á milli tvenns konar markaðstengdrar iðnaðar- og atvinnustefnu. Annars vegar þeirrar stefnu sem lagar eða örvar ákveðnar markaðsaðstæður, t.d. með aðgerðum sem koma í veg fyrir einokun, snerta verndun eigna, ráðstöfunum í umhverfismálum eða nýtingu auðlinda. Hins vegar er um að ræða þá stefnu sem örvar atvinnulíf yfirleitt með ýmis konar stöðverkefnum, s.s. á sviði vöruþróunar, ráðgjafar, þjálfunar, markaðsmála o.fl. þar sem stuðningurinn felst t.d. í kostnaðarþátttöku vegna þekkingarmiðlunar til fyrirtækja. Svo virðist hins vegar sem Íslendingar standi helstu samkeppnisþjóðum sínum að baki í viðbúnaði til að taka skipulega á slíkum málum.

Innan OECD-landa eru stuðningsverkefni að verða hluti af alhliða samkeppnisstefnu, sem þróast hefur frá því að vera markaðstruflandi og yfir í að vera almenn og markaðsörvandi. Það þarf því meira að koma til af hálfu stjórnvalda en hefðbundnar efnahagsaðgerðir til að stuðla að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs, verðmætasköpun, hagvexti og atvinnu. Að þessu leyti eru nú meiri kröfur gerðar nú en áður til stjórnvalda á sviði stefnumörkunar og samkeppnishæfni í starfsskilyrðum atvinnulífs. Þessar kröfur eru ekkert síðri en gerðar eru til fyrirtækjanna sjálfra á sviði samkeppnishæfni. Áherslum á þessu sviði hér á landi verður ekki breytt nema með skipulögðum hætti og þar skipta stefna og aðgerðir stjórnvalda miklu máli.

Vert er að hafa í huga að samkeppnisstaða atvinnugreina og þjóða verður ekki til á skömmum tíma, svo sem þrem til fjórum árum, heldur tekur slík uppbygging allajafna um áratug. Í þessu

sambandi þarf því ekki að koma á óvart þótt það taki nokkurn tíma að treysta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja eftir tæplega tveggja áratuga óstöðugleika í efnahagsmálum allt frá því um 1970.

Til þess að aðgerðir opinberra aðila til að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun atvinnulífs verði árangursríkar þurfa þær að hafa áhrif á fernt sem áður hefur verið nefnt, en það er:

- framleiðsla,
- stefna, gerð og samkeppni fyrirtækja,
- eftirspurn og tengdar greinar og
- stuðningsgreinar.⁹

Stjórnvöld ættu með aðgerðum sem þetta varða að stuðla að því að samkeppnishæfni atvinnulífs byggist sem mest á öllu þessu, en ekki aðeins sumu. Samkeppnisstaða atvinnugreina sem byggist á einu af því, t.d. framleiðsluþáttum eins og náttúruauðlindum, lágum launakostnaði, lágu raungengi eða einhæfum afurðum, leiðir oftast en ekki til lítillar framleiðni og efnahagslegs óstöðugleika samhliða minni verðmætasköpun og verri líf skjörum en ella. Óstöðugleika í viðskiptakjörum má t.d. í slíkum tilvikum oft rekja til lítt unninna afurða í framleiðslugreinum, þar sem verðsveiflur á slíkum afurðum eru að öllu jöfnu mun meiri en á fullunnum afurðum. Óstöðugleika í viðskiptakjörum íslenska hagkerfisins má einmitt að töluverðu leyti rekja til slíks. Eins og áður hefur komið fram virðist samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs að töluverðu leyti byggjast á atriðum er lúta að framleiðsluþáttunum. Mikilvægt er því að skjóta undir hana fleiri stöðum en nú, svo sem með aðgerðum á sviði vörupróunar og markaðsmála og eflingu klasa í atvinnulífi. Auk áður nefndra fjögurra þátta verður fjallað um

- eignarhald ríkisins á atvinnufyrirtækjum og
- fjármagnsmarkaðinn.

Eignarhald ríkisins á atvinnufyrirtækjum

Á fyrstu stigum iðnvæðingar stendur ríkisvaldið oft sjálft að uppbyggingu ýmissa stórra lykilfyrirtækja, einfaldlega vegna þess að enginn annar aðili í samfélaginu hefur fjárhagslega burði til þess að hefja slíkan rekstur. Allt fram á síðustu ár hafa ríkið og sveitarfélögin látið mikið að sér kveða í rekstri fyrirtækja af þessari gerð. Dæmi um þetta er rekstur Sementsverksmiðjunnar, Áburðarverksmiðjunnar, Síldarverksmiðja ríkisins, Landssmiðjunnar, Lylfjaverslunar ríkisins, iðnaðar- og átöppunardeildar ÁTVR og fleiri. Eftir því sem hagkerfið þróast og stækkar hafa einkaaðilar síðan tekið við þessu hlutverki í vaxandi mæli, einnig hér á landi. Andstætt því sem tíðkast hefur í nágrannalöndunum, s.s. Noregi, Færeyjum og Kanada, hefur rekstur sjávarútvegsfyrirtækja að mestu verið í höndum einkaaðila og ekki notið beinna styrkja frá ríkinu. Reyndar eru dæmi þess að sveitarfélög séu áhrifamikil í rekstri margra sjávarútvegsfyrirtækja. Þetta hefur orðið til þess að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa þurft að treysta í ríkari mæli en sambærileg fyrirtæki í öðrum löndum á eigið bolmagn. Því hefur myndast heilbrigðara umhverfi í sjávarútveginum hér á landi og þar með fyrir tengd fyrirtæki í iðnaði og þjónustu en þekkest í samkeppnislöndunum.

Fjármagnsmarkaðurinn

Aðgangur atvinnulífs að fjármagni á lágum vöxtum er eitt af því sem áhrif hefur á framþróun og nýsköpun í viðkomandi hagkerfi. Lágir vextir auka ekki einungis fjárfestingu í tækni og nýsköpun, heldur hvetja einnig til aukinnar fjárfestingar yfirleitt. Stjórnvöld geta haft áhrif á framboð og eftirspurn fjármagns og skilvirkni og skipulag fjármagnsmarkaða.

Það hefur löngum verið ein fljótvirkasta og áhrifaríkasta leiðin fyrir stjórnvöld til þess hafa áhrif á þróun atvinnulífsins að hafa áhrif á fjármagnsmarkaðinn, bæði dreifingu fjármagns og sjálfa vaxtamyndunina. Zysman¹⁰ hefur til dæmis rannsakað ítarlega áhrif stjórnvalda á þróun

⁹ Byggt er á samkeppnisgreiningu Michaels E. Porters, í bókinni *Competitive Advantage of Nations*, Free Press 1990.

¹⁰ John Zysman: *Governments, Markets and Growth*, Oxford 1983.

atvinnulífsins í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi og Japan. Hann komst að þeirri niðurstöðu að umsvif ríkisvaldsins og möguleikar þess til þess að hafa mótandi áhrif á þróun atvinnulífsins réðust mikið af því hvort ríkisvaldið og embættismenn þess hefðu nægjanleg áhrif á fjármagnsmarkaðinum. Í Bandaríkjunum og Bretlandi sækir þróunin afl sitt í atvinnulífið sjálft, þar sem ávöxtunarkraftur er ráðandi þáttur. Vandamál fyrirtækja í þessum ríkjum er hins vegar að finna hentuga samstarfsaðila til þess að fjármagna þau verkefni sem skila góðri ávöxtun til lengri tíma lítið, en falla ekki að skammsýnum kröfum fjármagnsmarkaðarins. Í Frakklandi og Japan hefur ríkisvaldið veruleg áhrif á þróunina með ríkisreklamum fjárfestingarlánasjóðum og niðurgreiddum vöxtum til þeirra fjárfestingarsviða sem falla að þeirri langtímaatvinnustefnu sem stjórnvöld hafa mótað. Dæmi um þetta eru lánveitingar með sérstökum kjörum til einstakra atvinnugreina eða verkefna. Í Þýskalandi er hins vegar hefð fyrir nánú samstarfi milli bankakerfisins og stórfyrirtækja, þar sem bankar taka virkan þátt í fjármögnun atvinnulífsins með bæði hlutafjárframlögum og langtímalánum.

Eins og fram kom í kafla III, þá má líkja áhrifum íslenskra stjórnvalda fram á allra síðustu ár við stöðu mála í Frakklandi og Japan. Íslensk stjórnvöld hafa löngum verið mjög umsvifamikil á fjárfestingarlánamarkaðinum og tengt lánveitingar við pólitísk markmið í atvinnumálum. Þessi stefna mikilla ríkisafskipta hefur bæði kosti og galla. Kostirnir eru þeir að ef vel er að verki staðið getur ríkisvaldið haft mikil og jákvæð áhrif á uppbyggingu og mótun atvinnulífsins. Reynsla Frakka af þessu er t.d. tvímælalaust jákvæð, en þeir stóðu frammi fyrir því að franskur iðnaður einkenndist mjög af mörgum og litlum framleiðendum sem ekki höfðu fjárhagslega burði til þess að standa sig í samkeppni á alþjóðamörkuðum. Með því að beita ríkisreklamum fjárfestingarlánasjóðum tókst þeim á tiltölulega fáum árum að gerbreyta uppbyggingu iðnaðarinnar og færa hann á allt annað stig án þess að skerða möguleika minni framleiðenda. Sömu sögu er að segja af ríkjum í Suðaustur-Asíu þar sem með markvissri stefnu hefur náðst verulegur árangur í umbreytingu atvinnulífsins.¹¹ Reynsla okkar Íslendinga af gífurlegri uppbyggingu frystihúsa um allt land á fyrrihluta áttunda áratugarins, þegar okkur tókst að gerbreyta fiskiðnaði á tiltölulega fáum árum, er einnig talandi dæmi um möguleika stjórnvalda á því að hafa úrslitaáhrif á þróunina.

Gallarnir eru aftur á móti þeir að of mikil og langvarandi áhrif stjórnvalda geta snúist upp í andhverfu sína, sérstaklega þegar þess er ekki gætt að stefnumörkunin sé í takt við þær efnahagslegu forsendur sem ríkja hér innanlands og erlendis. Í þessu sambandi má benda á tvö afar skýr dæmi um afdrifarík mistök af hálfu íslenskra stjórnvalda. Fyrra dæmið tengist reyndar einnig uppbyggingunni í fiskiðnaðinum, þar sem stjórnvöld huguðu ekki að því í stefnumótun sinni að tryggja nógu vel eðlilega þróun í greininni með tilliti til vöru- og markaðsþróunar. Með því má segja að stjórnvöld hafi með (skammsýnni) atvinnustefnu sinni mótað fiskvinnslunni ákveðinn farveg og þar með að mestu leyti skapað fyrirtækjum í tengdum atvinnugreinum ákveðið (takmarkaðara) starfsumhverfi. Seinna dæmið er þróun fiskeldis á síðasta áratug. Í upphafi virtist uppbygging í fiskeldinu, sem að langmestu leyti var fjármögnuð af opinberu lánsfé, eiga bjarta framtíð. Fljótlega varð þó ljóst að svo var ekki vegna breyttra aðstæðna á alþjóðamörkuðum. Þrátt fyrir það héldu stjórnvöld áfram að lána og styrkja greinina með þeim afleiðingum að fjárhagslegt tap opinberra lánastofnana varð enn meira en ella hefði orðið. Þessa tilhneigingu stjórnvalda til þess að lána atvinnulífinu milljarð á milljarð ofan, má rekja til þess að á áttunda áratugnum voru raunvextir verulega neikvæðir og því þurftu fyrirtækin aldrei að endurgreiða þessi lán að fullu verðgildi. Eftir að raunvextir urðu jákvæðir snerist þessi undarlega atvinnustefna upp í andhverfu sína og afleiðingarnar höfum við fengið að sjá í tugmilljarða afskriftum banka- og fjárfestingarlánasjóðakerfisins á síðustu árum.

Skipulag og framboð áhættufjármagns er afar mikilvægt vegna þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi. Skortur á áhættufjármagni getur haft mjög hamlandi áhrif á nýsköpun og þróun. Telja verður að framboð áhættufjármagns hér á landi hafi verið og sé afar takmarkað og hafi átt sinn þátt í að tefja fyrir þróuninni, þótt skipulag og virkni þessa markaðar hafi batnað og aukist á seinustu árum. Mikilvægt er í þessu sambandi að til staðar sé hvatning í skattalögum til að efla þennan markað.

¹¹ Sjá, The East Asian Miracle, Economic Growth and Public Policy, World Bank 1993.

Aukið frjálstræði á fjármálamörkuðum á seinustu árum hefur hins vegar breytt þeim aðstæðum sem áður ríktu hér á landi sem annars staðar og takmarkar beina íhlutun stjórnvalda á þeim vettvangi mun meira en áður var. Afskipti stjórnvalda af fjármagnsmarkaði eru því fremur bundin við almennar markaðsaðgerðir en beinar tilskipanir eins og áður var.

Framleiðslubættir

Þegar til framleiðslunnar kemur byggja atvinnugreinar og hagkerfi tilvist sína öðru fremur á nýtingu framleiðslubátta, s.s. náttúruauðlinda og vinnuafis, þar sem framleiðsla einkennist oft af verðháðum afurðum sem alla jafna eru einfaldar í framleiðslu og hún krefst ekki mikillar tækni eða þekkingar. Þess vegna er mikilvægt að auka framleiðslu afurða með meiri virðisauka og fullvinnslu samhliða vaxandi tæknivæðingu, sérhæfingu og þekkingu. Svo virðist sem helstu atvinnugreinar hér á landi og um leið hagkerfið í heild beri nokkur einkenni þessa stigs, enda nýting náttúruauðlinda drjúgur þáttur í starfsemi helstu atvinnugreina. Því er mikilvægt að stuðla að þróun atvinnulífs, s.s. með stuðningsaðgerðum og öðrum þeim ráðstöfunum sem hér verður minnst á.

Hið helsta sem framleiðsluna varðar og stjórnvöld geta haft áhrif á er: stoðverkefni, menntun og þjálfun, vísindi og tækni, innri gerð þjóðfélags, fjármagn og aðgerðir á sviði upplýsingamála.

Stoðverkefnum opinberra aðila til að efla samkeppnishæfni atvinnulífs má skipta niður á nokkur svið, en þau helstu eru: almenn aðstoð, s.s. á sviði vöruþróunar, þjálfunar, þekkingaröflunar, ráðgjafar, samstarfs fyrirtækja, upplýsingamiðlunar, útflutnings og rannsókna. Þessi stoðverkefni geta verið með margvíslegum hætti, en yfirleitt hefur aðstoð í OECD-ríkjum breyst úr beinum styrkjum til fyrirtækja, s.s. fjárfestingarstyrkjum, úreldingarstyrkjum og svæðastyrkjum í almenna aðstoð sem er hvetjandi og örvandi fyrir markaðinn almennt eftir sviðum án þess þó að trufla markaðinn eins og beinir styrkir til fyrirtækja gera. Slík verkefni eru þekkt í helstu nágranna- og samkeppnislöndum okkar þar sem skipulega er staðið að slíkum málum. Svo virðist hins vegar sem Íslendingar standi helstu samkeppnisþjóðum sínum að baki í viðbúnaði til að taka skipulega á slíkum málum og hafi lengi vanmetið þörfina á viðeigandi aðgerðum til eflingar samkeppnishæfni og nýsköpun vegna mikilla umsvifa í atvinnulífinu undanfarna áratugi. Hér þarf því að verða breyting á. Stuðningsverkefni eru sérstaklega mikilvæg til að hjálpa smáfyrirtækjum og frumkvöðlum við að koma nýjum hugmyndum í framkvæmd, en fá hagkerfi einkennast svo mjög af smáfyrirtækjum og einstaklingsrekstri sem hið íslenska. Nú þegar er þörf á mun markvissari aðgerðum en hingað til á þessu sviði.

Á sviði menntunar og þjálfunar skiptir miklu að kröfur til náms og kennslu séu nægilega harðar, nemendur komi úr menntakerfinu með þjálfun og reynslu, verkmenntun við hlið háskólastigs sé góð, stuðlað sé að sem bestum samskiptum og tengslum æðri menntastofnana og atvinnulífsins og að fyrirtæki fjárfesti í þjálfun og menntun. Á umliðnum árum virðist sem lítill áhugi hafi verið hjá íslenskum stjórnvöldum á þessu sviði. Þannig hefur lítill sem engin breyting orðið á iðnfræðslunni hér á landi á síðustu áratugum og of lítið fjármagn hefur við sett í starfsþjálfun og fullorðinsfræðslu svo dæmi séu tekin.

Á sviði vísinda og tækni er eitt meginatriðið fyrir stjórnvöld að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstefnu sem er fléttuð við og nýtt í tengslum við markaðstækifæri og viðskipti og tekur mið af samkeppnisstyrkleika í viðkomandi hagkerfi. Áherslu þarf að leggja á hagnýtt og viðskiptalegt vægi í tækni og tengsl milli rannsóknaaðila og atvinnulífsins þar sem kapp sé lagt á rannsóknir innan fyrirtækja og að þær fari frekar fram í háskólum en opinberum stofnunum. Þá þarf að leggja áherslu á rannsóknir með hliðsjón af klasamyndun í iðnaði sem hefur margföldunaráhrif. Á undanföllum árum hefur framlag til rannsókna og þróunar hér á landi verið töluvert undir því sem þekktist í helstu nágranna- og samkeppnislöndum. Á þessu hefur nú orðið nokkur breyting með auknu framlagi stjórnvalda í kjölfar OECD-skýrslu fyrir nokkru. Vandamál er þó enn að framlag og starfsemi fyrirtækja á þessu sviði virðist ekki hafa breyst að sama skapi.

Á sviði innri gerðar þjóðfélagsins skipta miklu atriði eins og samgöngur, flutningar, fjarskipta- og samskiptatækni. Í þessu sambandi má nefna þá stefnu sem framfylgt hefur verið hér á landi á undanföllum árum að auðvelda og bæta samgöngur, m.a. með bættum vegum og bundnu slitlagi. Auðveldar samgöngur eru enda ein af meginforsendum öflugis og samkeppnishæfs atvinnulífs í

viðkomandi landi. Benda má á að eitt af meginvandamálunum í mörgum löndum Austur-Evrópu og þróunarlöndunum er að innri gerð þjóðfélaga er í molum, s.s. á sviði samgangna, pósthúsnáttana og fjarskipta.

Í upplýsingaþjóðfélagi nútímans verða upplýsingakerfi æ þýðingarmeiri. Sérstakar áætlanir stjórnvalda í ýmsum ríkjum, svo sem Japan, Bandaríkjunum og Evrópusambandinu, sem Íslendingar eru aðilar að, hafa verið gerðar á þessu sviði á undanföllum árum. Þeim er m.a. ætlað að glæða vitund, athygli og áhuga fyrirtækja og almennings á þessu sviði, sem síðan gerir það að verkum að þessum atriðum er meira sinnt en áður. Fyrirtæki fara t.d. frekar út í verkefni á þessu sviði og sinna meira rannsóknum, m.a. með stuðningi stjórnvalda, sem aftur hefur margföldunaráhrif og örvar framþróun og nýsköpun á þessu sviði.

Áhrif stjórnvalda á eftirspurn

Megináhrif stjórnvalda á eftirspurn ættu að vera að auka hana. Í mörgum löndum er haldið uppi slagorði eins og "kaupið innlent". Árangur og áhrif slíkra aðgerða geta verið tvíþætt. Annars vegar gæti tímabundin eftirspurn aukist. Hins vegar gæti dregið úr gæðum og samkeppni í framleiðslu viðkomandi vörum og aðgerðirnar því orðið neikvæðar þegar til lengdar lætur. Áhrif stjórnvalda á eftirspurn geta m.a. verið í því fólgin að flýta eftirspurn eftir vörum, sem um leið getur aukið nýsköpun og flýtt fyrir framleiðslu á nýjum afurðum og hert þannig á þróuninni. Kröfur um áreiðanleika og gæði hafa einnig áhrif á eftirspurn. Opinber innkaup ættu þó að endurspeglja alþjóðlegar þarfir og örva þróun. Auk áður nefndra atriða má nefna lög, staðla og reglugerðir um vörur og framleiðsluferli, en aðhald á þessu sviði getur aukið gæði og flýtt fyrir þróun. Dæmi um iðngreinar sem verða beinlínis til vegna slíkra reglna er svokallaður "umhverfisiðnaður" sem hefur orðið til vegna sífellt strangari laga og reglugerða til verndar umhverfinu. Stjórnvöld ættu að stuðla að auknu og ströngu eftirliti í samkeppnismálum og efla samkeppni til að auka eftirspurn, en eignarhald ríkisins á fyrirtækjum getur haft áhrif á gerð atvinnugreina og hamlað samkeppni. Stjórnvöld geta einnig aukið eftirspurn með því að auðvelda kaupendum aðgang að upplýsingum á markaði.

Áhrif stjórnvalda á skyldar greinar og stuðningsgreinar (klasa)

Stjórnvöld geta eflt klasa á margan hátt með því að styðja þróun tengdra greina og stuðningsgreina og efla tengsl þeirra. Þær stuðningsaðgerðir sem áður hefur verið lýst nýttast ekki síst í atvinnugreinum til þess að mynda öflugri klasa og öflugri tengsl fyrirtækja og atvinnugreina en áður. Sem dæmi má nefna þá stefnu japanskra stjórnvalda að styðja tölvuiðnaðinn með rannsóknarstyrkjum. Hún hefur reynst hagstæð, ekki bara fyrir þann iðnað, heldur einnig skyldan iðnað og aðfangasala. Stefna í fjölmiðlun skiptir líka máli í þessu sambandi.

Samkeppnishæfni atvinnugreina og hagkerfi byggja að eins miklu leyti á klösum í atvinnulífi og einstökum iðngreinum. Öflugur klasi fyrirtækja, sem stenst kröfur um gæði á heimsmælikvarða, m.a. vegna sterkra tengdra greina og stuðningsfyrirtækja, er mun líklegri til að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og stuðla að aukinni verðmætasköpun og atvinnu í framtíð en einstaka flokkur atvinnugreina eða fyrirtækja. Stjórnvöld hafa því mikilvægu hlutverki að gegna í því að styrkja og örva þróun klasa í atvinnulífi. Myndun klasa gerist hins vegar í flestum tilfellum af sjálfu sér. Þetta má t.d. sjá í Silicon Valley í Bandaríkjunum og á svæðinu kringum Modena á Ítalíu. Þegar klasar hafa myndast geta stjórnvöld beitt markvissum stuðningsaðgerðum til þess að efla þróun þeirra. Þetta má gera með margvíslegum hætti, svo sem markvissum stoðverkefnum, áherslu á sérstaka þætti eins og tæknistig í stofnunum og háskólum, með því að örva þjálfunaraðferðir, styðja gagnabanka og styrkja samskipta- og samgöngukerfi o.fl. Í Þýskalandi styðja stjórnvöld menntakerfið markvisst með því að styrkja tengsl þess við atvinnulíf. Í Bandaríkjunum eru æ algengari aðgerðir til þess að efla þróun klasa. Vegna mikilvægis landfræðilegrar tengingar sem samkeppnisstyrk, þegar um klasa er að ræða, skipta stuðningsaðgerðir stjórnvalda afar miklu máli. Klasar eru hvað áhrifamestir ef þeir eru byggðir upp í kringum sérhæfða og sérstaka þekkingu eins og t.d. í kringum háskóladeildir, sérhæfða spítala, eða tækni í sjávarútvegi eins og hér á landi, svo að dæmi séu tekin. Stefna

stjórnvalda á þessu sviði, s.s. með stoðverkefnum, er mun líklegri til þess að skila árangri ef hún er miðuð við að örva þá klasa sem fyrir eru í stað þess að ætla að "búa til nýja".

Áhrif stjórnvalda á stefnu, gerð og samkeppni fyrirtækja

Stjórnvöld geta haft hvetjandi áhrif á alþjóðavæðingu fyrirtækja á margan hátt. Það er unnt vegna alþjóðasamninga, eins og EES-samningsins. Það má líka gera með stuðningsaðgerðum eins og þeim að styrkja útflutningsstarfsemi og alþjóðasamvinnu. Ef litið er til lengri tíma, þá eru það hagsmunir atvinnugreina og fyrirtækja og þjóðfélaga að styrkja alþjóðatengsl fyrirtækja. Það er ekki síst vegna þeirra upplýsinga og tækni sem slík starfsemi leiðir af sér. Stjórnvöld geta einnig haft áhrif á markmið einstaklinga og fyrirtækja með þeim boðum sem þau senda til þeirra í fjölmiðlum og með aðgerðum sínum hverju sinni. Jafnframt má hafa áhrif á markmið fyrirtækja á margvíslegan annan hátt. Þetta tengist atriðum eins og fjárfestingu og hvort fyrirtæki horfa langt eða skammt fram í tímann í aðgerðum sínum. Í Japan og Þýskalandi þar sem stofnunarfjárfestar eru sterkir á markaðinum og hafa eignarhald á fjölmörgum fyrirtækjum er meira kapp lagt á langtímaarðsemi en t.d. í Bandaríkjunum þar sem eignarhald fyrirtækja og einstaklinga ræðst fremur af kaupum og sölu hlutabréfa í skammtíma viðskiptum í kauphöllum.

Mikilvægt er fyrir atvinnulífið að stjórnvöld efla og örvi samkeppni. Öflug samkeppni hefur í flestum tilfellum jákvæð áhrif og örvar þróun og nýsköpun fyrirtækja og stuðlar þannig að aukinni verðmætasköpun og bættum lífskjörum. Í þessu sambandi skiptir einnig máli hvernig þróunin verður í atvinnulífinu er á sviði yfirtöku, samruna og samstarfssamninga fyrirtækja. Eignaraðild ríkisins að atvinnutækjum hefur einnig áhrif hér á. Þannig geta mikil ríkisumsvif í ákveðinni atvinnugrein torvelað og útilokað samkeppni á markaði sem aftur hefur áhrif á þróun greinarinnar. Dæmi um þetta má finna í fjarskiptagreinum margra Evrópulanda og fleiri iðngreinum þar sem mikil eignaraðild ríkisins að slíkum fyrirtækjum hefur beinlínis heft þróun og hamlað samkeppni í þessari atvinnugrein í viðkomandi löndum. Af þessum ástæðum hefur aukist þróun í átt til einkavæðingar auk áhrifa af hertum kröfum um samkeppni á markaði, m.a. vegna strangari ákvæða samkeppnislaga en áður.


Nefndin telur að stjórnvöld hafi mikilvægu hlutverki að gegna varðandi þau atriði sem minnst hefur verið á í þessum kafla og snerta tengsl og uppbyggingu sjávarútvegs-iðnaðar-klasans hér á landi og atvinnulífs almennt. Auk þess að taka skipulega á og veita aukið fé til einstakra stoð- og þróunarverkefna er mjög brýnt að hefja markvissa vinnu við að endurskoða þá verk- og tæknimenntun og þau starfsþjálfunarnámskeið sem standa til boða í landinu. Einn liður í því að taka skipulega á þessum málum er að stjórnvöld skipi ráðgjafanefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem komi með tillögur er stuðli að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins, verðmætasköpun og atvinnu. Nefndin vinni ekki að einni lokaskýrslu, heldur fjalli um einstaka tillögur sem jafnóðum verði komið á framfæri við stjórnvöld. Jafnframt er mikilvægt að stuðla að hugarfarsbreytingu sem ýtir undir aukinn skilning á mikilvægi vöruþróunar-, markaðs- og rannsóknarstarfsemi ásamt verk- og tæknimenntun. Svo virðist sem Íslendingar standi helstu samkeppnisþjóðum sínum að baki við að taka skipulega á slíkum málum og ekki hefur verið tekið nægilegt mið af aðgerðum helstu nágranna- og samkeppnislanda okkar á þessu sviði.

IV.2 Iðnaður sem tengist sjávarútvegi

Eins og í öðrum atvinnugreinum þurfa fyrirtæki í sjávarútvegi að eiga viðskipti við fyrirtæki í ólíkum atvinnugreinum í tengslum við sinn eigin rekstur. Fyrirtæki í mismunandi greinum tengjast aðallega með tvennum hætti. Annars vegar með óbeinum og hins vegar með beinum tengslum.

Með óbeinum tengslum er átt við tengsl við aðrar atvinnugreinar vegna almennra eftirspurnaráhrifa sem rekja má til tekjumyndunar í viðkomandi fyrirtæki eða atvinnugrein. Slík eftirspurnartengsl geta verið með ýmsum hætti, en yfirleitt er hér átt við þau almennu hagrænu áhrif sem starfsemi einstakra fyrirtækja og atvinnugreina hefur á efnahagslífið í heild. Í þessu sambandi er gjarnan talað um margfeldisáhrif ákveðinnar starfsemi.

Bein tengsl geta verið af tvennum toga. Í fyrsta lagi er talað um *baktengsl*. Hér er átt við viðskipti þar sem fyrirtæki kaupir hráefni eða önnur aðföng sem nauðsynleg eru í framleiðslunni. Einnig er talað um baktengsl þegar ákveðið fyrirtæki fjárfestir í vélum eða tækjum til framleiðslunnar. Dæmi um baktengsl í sjávarútvegi eru kaup fyrirtækja í fiskveiðum á veiðarfærum og þjónustu skipasmíðastöðva. Í fiskvinnslunni má nefna kaup á fiskvinnslutækjum og umbúðum fyrir afurðirnar. Bein tengsl af öðrum toga eru s.k. *framtengsl*. Framtengsl eru viðskipti þar sem ákveðið fyrirtæki selur framleiðslu sína til annars fyrirtækis sem síðan notar viðkomandi vöru eða þjónustu í eigin framleiðslu. Þannig má segja að baktengsl og framtengsl séu sín hliðin hvor á sama fyrirbærinu. Það sem eru baktengsl gagnvart því fyrirtæki sem kaupir eru jafnframt framtengsl þess fyrirtækis sem selur.



Hér hefur verið fjallað um baktengsl og framtengsl út frá einstökum fyrirtækjum. Á sambærilegan hátt má sjá tengsl af þessu tagi út frá einstökum atvinnugreinum. Víðtæk innbyrðis tengsl af þessu tagi milli fyrirtækja og atvinnugreina eru til vitnis um háþróað efnahagslíf þar sem verkaskipting hefur komist á ákveðið stig. Á sama hátt er skortur á slíkum tengslum vísending um einhæfni eða jafnvel efnahagslega vanþróun af einhverjum toga. Auðveldasta leiðin til að meta tengsl af þessu tagi er að athuga svokölluð aðfanga- og afurðayfirlit sem birt eru í flestum iðnríkjum. Þar eru á skipulegan hátt skráð innbyrðis viðskipti einstakra atvinnugreina, oftast allitarlega sundurliðuð. Því miður er slíkt yfirlit ekki til fyrir íslenska hagkerfið, en Þjóðhagsstofnun stefnir að því í framtíðinni að setja fram slíkt yfirlit. Kerfisbundin athugun á tengslum sjávarútvegs við aðrar atvinnugreinar og samamburður við önnur lönd er því ekki mögulegur á þessu stigi. Því verður að styðjast við grófari aðferðir við mat á viðskiptum íslensks sjávarútvegs við aðrar greinar og þá sérstaklega iðnað.

Á yfirlitsmyndinni hér að ofan má sjá grófa greiningu á mikilvægustu tengslum milli fyrirtækja í sjávarútvegi, tengdra iðnaði og annarri starfsemi. Myndin sýnir bein tengsl fiskveiða, fiskvinnslu, iðnaðar sem tengist sjávarútvegi og annarra atvinnugreina sem tengjast sjávarútvegi. Öllum öðrum tengslum við fyrirtæki í annarri starfsemi er sleppt til einföldunar. Sjávarútvegi er hér skipt í fiskveiðar og fiskvinnslu þótt í mörgum tilvikum geti verið um eitt fyrirtæki að ræða. Einnig er til einföldunar gert ráð fyrir því að allur útflutningur á sjávarafurðum komi frá fyrirtækjum í fiskvinnslu.

Utan um starfsemi þessara greina er teiknaður rammi sem táknar þau starfsskilyrði sem efnahagsstarfseminni eru sett. Greint er á milli þriggja þátta. Í fyrsta lagi er það stefna stjórnvalda.

Undir þennan lið flokkast öll áhrif sem á einn eða annan hátt má rekja til þeirra ákvarðana sem teknar eru af stjórnvöldum og hafa áhrif á starfsumhverfi atvinnugreinanna. Í öðru lagi eru taldar upp ytri aðstæður. Hér er átt við atriði sem eru utan áhrifasviðs stjórnvalda og fyrirtækja, en teljast mikilvægir áhrifavaldar. Sem dæmi má nefna aflabrögð í sjávarútvegi, verð á erlendum mörkuðum, en einnig atriði sem tengjast viðskiptalegu umhverfi, svo sem aðgang að mörkuðum. Í síðasta lagi er svo innra skipulag atvinnugreinanna. Hér er átt við þau atriði sem snúa að formgerð og skipulagi fyrirtækja og atvinnugreina, en eru ekki á áhrifasviði stjórnenda í fyrirtækjum að öllum jafnaði.

IV.3 Viðskipti iðnaðar og sjávarútvegs

Hin beinu tengsl, þ.e. fram- og baktengsl, snúa að fremur fáum atvinnugreinum í iðnaði. Sú atvinnugreinaskipting sem notuð er hér á landi gefur ekki færi á mjög nákvæmri sundurliðun almenns iðnaðar út frá beinum efnahagslegum tengslum við sjávarútveg. Auk þess eru ekki til staðar aðfanga- og afurðatöflur þar sem skráð eru innbyrðis viðskipti milli einstakra atvinnugreina eins og áður segir. Engu að síður má rekja í stórum dráttum tengsl sjávarútvegs og iðnaðar út frá núverandi atvinnugreinaskiptingu. Í nokkrum greinum eru viðskiptin við sjávarútveg yfirgnæfandi, s.s. í veiðarfæragerð, atv.gr. 233, og skipasmíðum, atv.gr. 381, en í öðrum greinum eru viðskiptin við sjávarútveg einungis hluti af heildarumfangi greinanna. Nokkuð misjafnt er hversu mikilvæg viðskiptin við sjávarútveg eru eftir greinum. Hér reyndist nauðsynlegt að nota grófar aðferðir til nálgunar, en vonast er til að heildarniðurstaðan sé í góðu samræmi við raunveruleg tengsl sjávarútvegs og iðnaðar.

Niðursuða og reyking, atv.gr. 205, byggir að mestu leyti starfsemi sína á vinnslu sjávarafurða af ýmsu tagi. Engu að síður er hluti niðurlagningaiðnaðarins sem vinnur úr öðru hráefni en sjávarafurðum, t.d. grænmeti. Hér er miðað við að viðskiptin við sjávarútveg séu um 80% af heildarumsvifum í greininni.

Annar matvælaíðnaður, atv.gr. 209, byggir einungis að hluta á vinnslu sjávarafurða. Til þessarar greinar teljast þó fyrirtæki sem framleiða dýrafóður sem að miklu leyti er unnið úr fiski. Miðað er við að fjórðungur af starfsemi greinarinnar tengist sjávarútvegi.

Veiðarfæraiðnaður, atv.gr. 233, telst eðlilega eiga öll sín viðskipti við sjávarútveg. Ekki er gerður greinarmunur á sjávarútvegi hér á landi og í öðrum löndum, en umtalsverður útflutningur er á veiðarfærum héðan til annarra landa.

Pappa- og pappírsvörugerð, atv.gr. 272, byggir afkomu sína mikið á viðskiptum við sjávarútveg. Framleiðsla af umbúðum af ýmsu tagi fyrir sjávarútveg er drýgsti hluti framleiðslunnar í þessari grein og talin nema $\frac{3}{4}$ hlutum af heild.

Önnur umbúðagrein, plastiðnaður, atv.gr. 398, framleiðir einnig töluvert fyrir sjávarútveg, en ekki eins mikið og atv.gr. 272. Í þessari umfjöllun verður miðað við að fjórðungur framleiðslunnar fari til sjávarútvegs.

Málmsmíði og vélavíðgerðir, atv.gr. 350, á mikil viðskipti við sjávarútveg, bæði vegna véla og búnaðar af ýmsu tagi sem framleiddur er hér á landi og í tengslum við viðhald á skipum og fiskvinnslustöðvum. Þessi viðskipti eru talin helmingur af heildarveltu í greininni.

Viðskipti skipasmíða, atv.gr. 381, beinast að sjálfsögðu að mestu að sjávarútvegi. Engu að síður er hluti framleiðslunnar seldur öðrum, s.s. til annarra skipa en fiskiskipa og á síðari árum til aðila í landi. Hér en miðað við að um 80% af viðskiptum greinarinnar tengist sjávarútvegi.

Smíði og víðgerð mælitækja, atv.gr. 391, beinist að hluta að sjávarútvegi, enda tækjabúnaður af ýmsu tagi mikilvægur í veiðum og vinnslu. Hér er miðað við að um helmingur af viðskiptum greinarinnar tengist sjávarútvegi. Það sama á við um smíði og víðgerð raftækja, atv.gr. 370.


Síðasta iðngreinin sem tengist sjávarútvegi með beinum hætti er rafíðn, atv.gr. 495, en uppsetning og viðhald á rafbúnaði af ýmsu tagi fyrir sjávarútveg er mikilvægur hluti af starfi rafvirkja. Hér er fjórðungur af umfangi greinarinnar talinn tengjast sjávarútvegi.

Viðskipti sjávarútvegs við aðrar atvinnugreinar takmarkast ekki einungis við þessar greinar. Mörg fyrirtæki í byggingariðnaði og þjónustu eiga mikil viðskipti við sjávarútveg. Vegna afmörkunar á viðfangsefni nefndarinnar verður ekki fjallað um þessar greinar sérstaklega, heldur sjónum beint að

almennum iðnaði. Til að meta heildaráhrif af viðskiptum sjávarútvegs við aðrar greinar væri engu að síður nauðsynlegt að taka fleiri atvinnugreinar með í reikninginn.

Eins og fram kemur í töflu 1 tengjast allar iðngreinarnar nema atv.gr. 205 og 209 sjávarútvegi með baktengslum. Í raun má segja að meginframtengsl sjávarútvegsins séu frá fiskveiðum til fiskvinnslu og að framtengslin í lagmetisiðnaði og öðrum matvælaíðnaði séu einungis hluti af þeirri mynd. Sjávarútvegur er í eðli sínu vinnsla á matvælum og því hlýtur það fyrst og fremst að vera matvælaíðnaðurinn, þ.m.t. fiskvinnslan, sem skapar framtengslin við fiskveiðarnar.

Áætlað hlutfall viðskipta einstakra iðngreina við sjávarútveg



IV.4 Framleiðsla og vinnuafli

Hlutdeild iðnaðar sem tengist sjávarútvegi í landsframleiðslunni hefur verið fremur stöðug frá því í upphafi áttunda áratugarins, en hefur þó fallið á síðustu árum. Árið 1973 telst iðnaður sem tengist sjávarútvegi hafa rétt tæp 3% af heildarframleiðslunni í landinu. Árið 1980 er þetta hlutfall svo til óbreytt, en hefur fallið í um 2½% árið 1991 og áætlanir benda til svipaðrar niðurstöðu 1993. Til samanburðar sést að iðnaður sem tengist landbúnaði er töluvert umfangsminni, stendur fyrir um 1½-2% af framleiðslunni mestallt tímabilið. Það er eftirtektarvert að hlutur fiskvinnslunnar í framleiðslunni hefur minnkað samfellt frá 1980, en hlutur fiskveiðanna vaxið. Hlutur iðnaðar dróst saman á þennan mælikvarða, úr 12,2% 1973 í 11,5% 1991.


Mynd 8 sýnir meðaltalsbreytingu vergra þáttatekna¹² á föstu verði á mismunandi tímabilum fyrir iðnað sem tengist sjávarútvegi, sjávarútveg og atvinnulífíð í heild. Frá 1973 til ársins 1993 eykst framleiðslan í atvinnulífínu í heild um 3% á ári að meðaltali. Í sjávarútvegi er vöxturinn töluvert meiri eða 3,8% á ári, en í iðnaði sem tengist sjávarútvegi eykst framleiðslan að meðaltali einungis um 2% á ári að meðaltali.

Grófllega má skipta þessu 20 ára tímabili í tvennt. Annars vegar fram til ársins 1987 og hins vegar frá 1987-1993. Til og með árinu 1987 einkenndist framvindan af stöðugum vexti framleiðslunnar. Í

¹² Vergar þáttatekjur eru samtala launa og hagnaðar, en að frádregnum óbeinum sköttum og að viðbættum framleiðslustyrkjum.

sjávarútvegi aukast vergar þáttatekjur að meðaltali um tæp 10% á ári frá 1973-1980. Hér gættir að sjálfsgöðu áhrifa af útfærslu landhelginnar, fyrst í 50 mílur og síðar í 200 mílur. Í iðnaði tengdum sjávarútvegi er framleiðsluaukningin töluvert minni á þessu tímabili eða um 4½% á ári. Til samanburðar aukast vergar þáttatekjur í atvinnulífinu öllu um 4% á ári að meðaltali á þessum árum. Frá 1980 til 1987 snýst þróunin að nokkru leyti við. Vergar þáttatekjur í sjávarútvegi aukast einungis um 1½% á ári, en mikill samdráttur varð í sjávarútvegi á árunum 1981-1983 þegar bæði botnfisk- og loðnuveiðar drógust mikið saman. Í iðnaði tengdum sjávarútvegi varð hins vegar ekki vart samdráttar, heldur jukust vergar þáttatekjur um tæp 5% að meðaltali á tímabilinu, eða um ½ prósentustigi umfram vöxt vergra þáttatekna í atvinnulífinu í heild.

Mynd 8: Meðaltalsbreyting vergra þáttatekna á föstu verði 1973-1993



Tímabilið frá 1987 hefur einkennst af stöðnun í íslensku efnahagslífi. Þessi stöðnun hefur komið fram í flestum greinum atvinnulífsins og ekki hvað síst í sjávarútvegi og tengdum greinum. Fram til ársins 1993 jukust vergar þáttatekjur í heild einungis um tæpt ½% á ári að meðaltali, en í sjávarútvegi dróst framleiðslan saman um ½% á ári. Innan sjávarútvegsins hefur þróunin verið með ólíkum hætti í veiðum og vinnslu eins og þegar hefur verið lýst. Iðnaður sem tengist sjávarútvegi dróst talsvert saman á þessu tímabili, eða um rúm 3½% á ári að meðaltali. Ekki liggur fyrir nákvæm sundurliðun á þessum samdrætti eftir einstökum greinum, en flestar iðngreinar sem tengjast sjávarútvegi hafa átt undir högg að sækja á allra síðustu árum. Nægir þar að nefna veiðarfæraíðnað, skipasmíðar og málmsmíðar.

Mynd 9 sýnir vísitölu vergra þáttatekna í sjávarútvegi alls, fiskvinnslu og í iðnaði sem tengist sjávarútvegi frá 1973-1993. Glögggt má sjá uppsveifluna í sjávarútvegi á seinni hluta áttunda áratugarins og svo samdráttinn í upphafi níunda áratugarins.


Frá 1983 fram til 1987 er töluverð uppsveifla í sjávarútvegi sem greinilega hefur áhrif í tengdum iðnaði. Frá 1987 hallar undan fæti, bæði í sjávarútvegi og iðnaði, en þó er framleiðslusamdrátturinn sýnu meiri í iðnaðar- en sjávarútvegsgreininum.

Erfitt er að meta af nákvæmni hve mikil viðskipti eiga sér stað milli sjávarútvegs og iðnaðar. Hér að framan var fjallað um þær forsendur sem byggt er á í þessari skýrslu varðandi hlutfallslegt mikilvægi sjávarútvegs í starfsemi einstakra iðngreina.

Miðað við þessi hlutföll, rekstrartekjur í sjávarútvegi og iðnaði og virðisaukaskattsskylda veltu í þessum atvinnugreinum hefur verið reynt að meta hve mikil viðskiptin eru. Í ljós kemur að umsvif sjávarútvegstengds iðnaðar hafa dregist nokkuð saman miðað við umsvif í sjávarútvegi. Árið 1987 var hlutfall rekstrartekna í iðnaði tengdum sjávarútvegi og rekstrartekna í sjávarútvegi alls 0,2. Með öllum þeim fyrirvörum sem nauðsynlegt er að hafa um skilgreininguna á iðnaði sem tengist sjávarútvegi með beinum hætti þýðir þetta að velta í sjávarútvegi upp á eina milljón fól í sér 200 þús. kr. veltu í tengdum iðnaði. Fjórum árum síðar, árið 1991, var þetta hlutfall komið niður í 0,15 sem þýðir að fyrir hverja milljón í sjávarútvegi jukust rekstrartekjur í tengdum iðnaði um 150 þ.kr.

Mynd 10: Framleiðsla í sjávarútvegi alls, fiskvinnslu og tengdum iðnaði 1973-1993

Vísitala 1973=100



Þetta felur í sér að umsvif innlends iðnaðar sem tengist sjávarútvegi hafi dregist saman um fjórðung á þessu tímabili miðað við óbreytt umsvif í sjávarútvegi. Þessu til viðbótar kunna síðan að koma áhrif á iðnað vegna minni umsvifa í sjávarútvegi vegna minnkandi afla. Á þennan mælikvarða lætur nærri að heildarumsvif iðnaðar sem tengist sjávarútvegi hafi verið um 16 milljarðar króna árið 1991 samanborið við heildarumsvif í sjávarútvegi, bæði veiðum og vinnslu, upp á rúma 104 milljarða króna. Rekstrartekjur í iðnaði alls án stóriðju námu tæpum 96 milljörðum króna, þannig að hlutfall iðnaðar sem tengist sjávarútvegi gæti samkvæmt þessu verið um 17% af heildarumsvifum alls iðnaðar án stóriðju.


Samanburður við virðisaukaskattsskylda veltu í þessum atvinnugreinum á árunum 1990-1993 leiðir til svipaðrar niðurstöðu. Árið 1990 má ætla að heildarvelta í iðngreinum sem tengjast sjávarútvegi hafi numið rúnum 15 milljörðum króna á verðlagi þess árs. Þessi upphæð svarar til 2,7% af heildarveltunni í hagkerfinu og tæplega 16% af samanlagðri veltu í sjávarútvegi. Árin 1991 og 1992 haldast þessi hlutföll óbreytt, en árið 1993 má ætla að veltan í sjávarútvegstengdum iðnaði hafi verið um 15½ milljarður á verðlagi ársins, sem svarar einungis til 14,2% af veltu sjávarútvegs. Eins og áður segir er hér um grófar vísbendingar að ræða og því ekki hægt að draga af þessum tölum óyggjandi niðurstöður, en vonandi gefa þær vísbendingar um framvinduna.

Önnur aðferð til að meta umsvif í iðngreinum sem tengjast sjávarútvegi er að kanna rekstrarútgjöld sjávarútvegs og skiptingu þeirra milli einstakra liða. Árið 1991 nam heildarrekstrarkostnaður sjávarútvegs án launagreiðslna og afskrifta samtals um 61 milljarði króna. Hráefniskaup fiskvinnslunnar námu rúnum 31 milljarði sem eru í raun milliviðskipti innan sjávarútvegsins. Útgjöld vegna olíu námu alls 4,3 milljörðum, þannig að útgjöld sjávarútvegsfyrirtækja vegna kaupa á vörum og þjónustu fyrir utan hráefni og olíu námu alls um 26 milljörðum. Út frá afar grófu mati á hlutdeild innflutnings og viðskiptum við fyrirtæki í þjónustugreinum og eftir að tekinn hefur verið með í reikninginn útflutningur á iðnvarningi til sjávarútvegs og innlend nýsmíði skipa, fæst sú niðurstaða að umsvif í iðnaði tengdum sjávarútvegi hafi alls numið um 12 milljörðum króna. Með þessari aðferð fæst því heldur lægri tala en með því sem rekstrarkostnaður í iðnaði tengdum sjávarútvegi gefur til kynna. Munurinn er þó ekki meiri en svo að telja verður líklegt að "rétt" tala liggi einhvers staðar á bilinu 12-16 milljarðar króna fyrir árið 1991.

Fjöldi starfa í þeim iðnaðargreinum sem tengjast sjávarútvegi hefur verið á bilinu 2½-3½% af heildarvinnuaflinu í landinu, eða á bilinu 3-4 þúsund ársverk. Árið 1987 var fjöldi starfa í iðngreinum tengdum sjávarútvegi í hámarki, um 4100 ársverk, og hafði þá aukist úr um 3.000 í upphafi áttunda áratugarins. Árið 1991 var fjöldi starfa í iðnaði tengdum sjávarútvegi aftur á móti kominn niður í um 3100 ársverk. Það er fjórðungs fækkun á einungis fjórum árum. Til samanburðar fækkaði störfum í heild um tæp 6% á þessu tímabili. Sé tekið tillit til þess að árið 1987 var um margt sérstakt þensluár í íslensku atvinnulífi og miðað við árið 1986 kemur í ljós að störfum í iðnaði tengdum sjávarútvegi fækkaði um 20% á sama tíma og störfum í heild fækkaði lítið sem ekkert.


Hlutfall starfa í iðnaði tengdum sjávarútvegi og starfa í sjávarútvegi hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu tvo áratugi. Nærri lætur að á bak við hvert starf í iðnaði tengdum sjávarútvegi séu um 4 störf (ársverk) í sjávarútvegi. Hér ber að hafa í huga að skilgreining starfa í iðnaði tengdum sjávarútvegi byggir á veikum grunni út frá forsendum sem erfitt eða ókleift er að staðfesta með óbyggjandi hætti. Þetta hlutfall hefur lítið breyst í tæpa tvo áratugi. Á allra síðustu árum hefur þetta hlutfall þó lækkað og má ætla að árið 1993 hafi verið um 5 störf í sjávarútvegi fyrir hvert starf í iðnaði sem tengist sjávarútvegi.

Mynd 9: Vinnuafli í sjávarútvegi alls, fiskvinnslu og í tengdum iðnaði 1973-93



Í sjávarútvegi má sjá skýra þróun frá því á miðjum síðasta áratug til fækkunar starfa í fiskvinnslu miðað við fiskveiðar. Fyrir þann tíma fór störfum í landi fjölgandi miðað við störf úti á sjó. Árið 1984 voru um 1,8 störf í fiskvinnslu fyrir hvert starf í fiskveiðum. Árið 1990 er þetta hlutfall komið niður í 1,1 og stefnir í 1,0 árið 1993 miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar um fjölda ársverka í sjávarútvegi. Skýringar á þessari þróun eru eflaust margar. Með fjölgun frystitogara hefur fiskvinnslan í auknum mæli færst út á sjó og sífellt stærri og stærri hluti af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða kemur frá frystitogurum. Auk þess má nefna að breytingar á flutningatækni hafa aukið verulega útflutning á ferskum fiski og þar með dregið úr fiskvinnslu hér á landi. Á allra síðustu árum hefur þó dregið mjög úr síkum útflutningi

Mynd 11: Meðaltalsbreyting ársverka í iðnaði tengdum sjávarútvegi 1973-1991




Skipta má iðnaði tengdum sjávarútvegi í fimm undirgreinar: Málmiðnað, úrvinnslugreinar, veiðarfæragerð, umbúðaiðnað og tæknigreinar. Af þessum undirgreinum eru málmiðnaðargreinar hlutfallslega mikilvægastar hvað varðar fjölda starfa. Árin 1973 voru 2/3 af störfunum í þessum greinum, en í lok tímabilsins hafði hlutfallið lækkað í tæpa 60%. Til málmiðnaðargreina teljast málm- og skipasmíðar auk rafvirkjunar. Mynd 11 sýnir þróun ársverka í sjávarútvegstengdum iðnaði. Í heild dróst fjöldi ársverka saman í málmiðnaðargreinum og veiðarfæragerð, en í öðrum greinum fjölga ársverkum. Frá 1980 til 1991 fjölga ársverkum um 1½% á ári í úrvinnslugreinum, umbúðaiðnaði og

tæknigreinum, en fækkar aftur á móti um 2-2½% í veiðarfæragerð og málmiðnaði. Samtals fækkar ársverkum um 1% á ári að meðaltali í öllum greinum iðnaðar sem tengjast sjávarútvegi.

Frá 1987 hefur ársverkum í öllum undirgreinum iðnaðar sem tengist sjávarútvegi fækkað verulega. Mest hefur fækkunin orðið í veiðarfæragerð, tæp 12% á ári að meðaltali, en minnst hefur ársverkum fækkað í umbúðaiðnaði, um 3% á ári. Samtals hefur ársverkum fækkað um tæp 7% á ári að meðaltali í þessum iðngreinum.

Í samanburði við aðrar atvinnugreinar er þessi fækkun ársverka í iðnaði sem tengist sjávarútvegi ekkert einsdæmi. Mynd 12 sýnir sambærilegar meðaltalsbreytingar ársverka fyrir nokkrar atvinnugreinar. Þar kemur í ljós að á tímabilinu 1987 til 1993 fækkar ársverkum í iðnaði sem tengist landbúnaði og í fiskvinnslu álíka mikið eða meira. Aftur á móti fækkar ársverkum í heild aðeins um 1½% á ári á þessu sama tímabili. Einnig má benda á að í fiskveiðum fjölgar ársverkum lítillega á þessu tímabili.

Mynd 12: Meðaltalsbreyting ársverka í nokkrum atvinnugreinum 1973-1993




IV.5 Útflutningur

Iðnaður sem tengist sjávarútvegi hefur ekki einungis beint viðskiptum sínum til sjávarútvegsfyrirtækja hér á landi því útflutningur á vörum af ýmsu tagi til sjávarútvegs hefur lengi verið stundaður. Á síðari árum hafa svo þjónustuviðskipti af ýmsu tagi bæst við, sérstaklega eftir að afnumið var bann við löndun erlendra fiskiskipa hér á landi¹³. Einnig hefur útflutningur á tækniþekkingu til annarra landa smám saman verið að aukast.

¹³ Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að banna skipum sem veiða úr sameiginlegum fiskistofnum sem ekki hefur verið samið um að landa héraendis.

Mynd 13: Útflutningur iðnaðarvara til sjávarútvegs 1981-94



Sem hlutfall af heildarvöruútflutningi hefur útflutningur á iðnaðarvörum til sjávarútvegs ekki vegið mjög þungt, eða einungis um 1% á undanförunum árum. Hins vegar er hlutur þessa útflutnings mun hærri ef einungis er miðað við útflutning iðnaðarvöru án stóriðju. Á mynd 13 sést að útflutningurinn vex hlutfallslega frá 1981 úr rúmum 5% af iðnaðarútflutningi án stóriðju í 18,6% 1994 og 1,2% af heildarvöruútflutningi.

Umtalsverð breyting hefur orðið á samsetningu útflutningsins á síðustu tíu árum. Á árunum upp úr 1980 voru pappambúðir, fiskilínur og fiskinet mest áberandi auk véla af ýmsu tagi.¹⁴ Árið 1981 nam útflutningur á þessum vörum tæplega 70% af heildarútflutningi iðnaðarvara til sjávarútvegs. Hlutfall pappambúða, fiskilína og fiskineta lækkar smám saman úr tæpum 70% 1981 í tæp 25% 1988 og í 14% 1994, að verðmæti samtals 200 m.kr.

Hlutur véla og tækja helst nokkuð stöðugur á tímabilinu 1981-1994, um fimmtungur af heildarverðmæti útflutningsins. Ýmis veiðarfærabúnaður, s.s. toghlerar, toghleraskór, botnrúllur, netaspil, trollkúlur og netahringir úr plasti, hafa að jafnaði verið um 10-15% af útflutningsverðmætinu og virðist sem þessi útflutningur standi nokkuð traustum fótum. Útflutningur á fiskikössum og körum úr plasti hefur verið um 10% af útfluttum iðnaðarvörum til sjávarútvegs, að verðmæti samtals 175 m.kr. árið 1994. Sá útflutningur sem vaxið hefur hvað mest hlutfallslega er sala á rafeindavogum og öðrum rafeindabúnaði til sjávarútvegs. Útflutningur á slíkum tækjum hefst árið 1983 og nemur þá rúmum 2% af heildarverðmæti útflutnings iðnaðarvara til sjávarútvegs. Árið 1994 var verðmæti útfluttra rafeindavoga um 650 milljónir króna, eða um 46% af heildarverðmæti alls útflutnings af þessu tagi. Það má því sjá mjög skýra þróun frá útflutningi hefðbundins iðnvarnings á borð við umbúðir og veiðarfæri yfir í útflutning á háþrúðum tæknivarni.

Þegar litið er á útflutning á iðnaðarvörum til sjávarútvegs m.t.t. markaðssvæða kemur í ljós að mikil breyting hefur orðið á landaskiptingu útflutningsins á síðasta áratug. Árið 1981 voru tæp 90% af þessum útflutningi flutt út til landa sem liggja næst okkur landfræðilega, þar sem stundaður er svipaður sjávarútvegur og hér. Sé hins vegar litið á útflutninginn 1994 sést að hlutfall þessara landa hefur fallið í rúm 50%.

Pau lönd sem eru áberandi mikilvæg í upphafi, en dragast síðan aftur úr, eru Kanada og Færeyjar. Til þessara tveggja landa fer rúmur helmingur af heildarverðmæti útflutningsins á árunum í kringum 1980, en í lok tímabilsins er hlutur þessara landa kominn niður í 12%. Önnur lönd sveiflast meira á tímabilinu. Árið 1981 er óverulegur útflutningur á iðnaðarvörum til sjávarútvegs til Grænlands, en hann vex hratt og nær hámarki árið 1988 og er þá um fjórðungur af heildarverðmæti útflutningsins. Eftir það dregur mjög úr útflutningi til Grænlands og árið 1994 nemur hann einungis rúmum 2% af heildarverðmæti útflutningsins. Til Danmerkur og Noregs hafa lengi verið fluttar út vélar og tæki til sjávarútvegs og hefur hlutdeild þessara landa verið fremur stöðug á undanförunum árum, yfirleitt á

¹⁴ Erfitt er að flokka útflutninginn nákvæmlega eftir endanlegum notenda. Þetta á sérstaklega við um vélar og tæki ýmiss konar. Til einföldunar er hér farin sú leið að flokka allan vélaútflutning sem útflutning til sjávarútvegs.

bilinu 20-30%. Útflutningur til Bretlands á vörum af þessu tagi hefur ekki verið mikill, eða að jafnaði innan við 5% af heildarverðmæti. Undantekning frá þessu var þó hlutfallslega mikill útflutningur til Bretlands á árunum 1987-1990, sérstaklega á vélum, rafeindavogum og plastkörum af ýmsu tagi. Útflutningur til ýmissa annarra landa en þeirra sem liggja næst okkur landfræðilega hefur smám saman farið vaxandi. Af einstökum löndum má nefna Bandaríkin, Frakkland og Sovétríkin fyrrverandi, en þangað hafa vörur til sjávarútvegs verið fluttar út í auknum mæli, sérstaklega tæknivörur eins og rafeindavogir.

V. ÞRÓUN EINSTAKRA GREINA


V.1 Skipasmíðar og -viðgerðir

Íslenskur skipaiðnaður hefur mátt þola mikinn andbyr á undanförunum árum. Framleiðslan hefur dregist saman ár frá ári síðan 1987 og störfum í greininni hefur fækkað mikið. Í rauninni má segja að samdrátturinn í skipaiðnaði sé alvarlegasta og erfiðasta einstaka úrlausnarefnið sem komið hefur upp í iðnaði tengdum sjávarútvegi á síðustu árum.

Umsvif í skipaiðnaði eru eins og nærri má geta afar háð aðstæðum í íslenskum sjávarútvegi. Uppistaðan í verkefnum skipaiðnaðar hefur verið viðhald og nýsmíði á íslenskum fiskiskipum. Fram til ársins 1984 fylgja vengar þáttatekjur í skipasmíðum nokkuð vel vísitölu fjárfestinga í fiskveiðum. Fjárfesting í fiskveiðum eykst mjög mikið á árunum 1985-88, aðallega vegna mikillar fjölgunar frystitogara. Framleiðsla í skipaiðnaði eykst umtalsvert fram til ársins 1987, en eftir það hefur dregið mjög úr umsvifum í skipaiðnaði. Mynd 14 sýnir markaðshlutdeild skipaiðnaðar í viðgerðum og nýsmíði fiskiskipa hér á landi á árunum 1983-1994. Að jafnaði hefur markaðshlutdeild innlends skipaiðnaðar verið rúmlega 50%, um 75-80% á fyrri hluta níunda áratugarins, en hefur fallið verulega hin síðari ár. Árið 1992 var markaðshlutdeild skipaiðnaðar komin niður í 8%, en hefur aftur farið vaxandi. Það er því ljóst að gífurleg fjárfesting í fiskveiðum á síðustu árum hefur að mestu leyti verið vegna innfluttra fiskiskipa. Markaðshlutdeild innlendra stöðva í nýsmíðum fiskiskipa hefur verið á bilinu 25-60%, en er nú algjörlega hrugin. Árið 1994 er áætlað að einungis 2,5% af nýsmíði falli til hér innanlands. Markaðshlutdeild í hefðbundnu viðhaldi hefur verið mjög sveiflukennð á þessu tímabili, en hefur farið vaxandi á síðustu þremur árum og er nú um 90%.

Viðskipti skipaiðnaðar við aðrar atvinnugreinar en sjávarútveg hafa á umliðnum árum verið takmörkuð, en um 80-90% af veltu skipaiðnaðar eru viðskipti við fiskiskipaflotann. Á allra síðustu árum hefur orðið á þessu nokkur breyting og fyrirtæki í skipaiðnaði hafa aukið viðskipti sín við fyrirtæki utan útvegs. Árið 1992 voru einungis rúmlega 20% af heildarviðskiptum skipaiðnaðar tengd viðhaldi eða nýsmíði fiskiskipa, en það hlutfall hækkaði í um 33% árið 1993 og enn frekar 1994 vegna bættra samkeppnisskilyrða og jöfnunaraðgerða. Þrátt fyrir þetta hafa umsvifin í skipaiðnaði dregist verulega saman frá árinu 1987.


Mynd 14: Markaðshlutdeild skipaiðnaðar 1983-1994



Störfum í skipaiðnaði hefur farið fækkandi á síðustu árum samfara minnkandi umsvifum. Á árunum 1980 til 1987 voru að jafnaði skráð rúmlega 1000 ársverk í skipaiðnaði hér á landi, en árið 1991 var fjöldi ársverka kominn niður í rúm 600 og síðan þá hefur störfum í greininni enn fækkað vegna samdráttar og tíðra gjaldþrota.

Ýmsar ástæður eru fyrir erfiðleikum í skipaiðnaði fyrir utan óstöðugleika í efnahagsmálum. Aukin samkeppni frá ríkisstyrktum skipaiðnaði í helstu samkeppnislöndum er án efa ein mikilvægasta ástæðan, en einnig hefur greinin sjálf átt við ýmis skipulagsvandamál að etja, auk þess sem breytt samsetning flotans hefur haft áhrif á skipasmíðaiðnaðinn.

Mynd 15: Skipting verkefna skipaiðnaðarins sem hlutfall af veltu, 1983-1993




Forsvarsmenn fyrirtækja í skipaiðnaði hafa í allmörg ár kvartað yfir óeðlilegri samkeppni frá ríkisstyrktum skipaiðnaði í helstu samkeppnislöndum. Þegar árið 1986 skilaði embættismannanefnd ráðuneyta fjármála og iðnaðar skýrslu þar sem undirstrikað var að Íslendingar hefðu möguleika á því að beita jöfnunaraðgerðum til þess að draga úr skaðlegum áhrifum ríkisstyrkja og undirboða. Þáverandi ríkisstjórn mótaði hins vegar þá afstöðu að hagkvæmara væri fyrir þjóðarbúið að nýta sér þessa ríkisstyrki en að bregðast við þeim með jöfnunartollum. Þrátt fyrir þetta var haldið áfram að þrýsta á stjórnvöld að bregðast við þessum ríkisstyrkjum sem í sumum tilfellum voru allt að 30% af framleiðsluverðmæti skipanna.

Í skýrslu sem unnin var af breska ráðgjafarfyrirtækinu A&P Appeldore árið 1989 og endurskoðuð 1993 var bent á erfiða samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja í skipaiðnaði í samkeppni við niðurgreiddan skipaiðnað í Noregi og harðnandi alþjóðlega samkeppni. Einnig er bent á samdrátt í fiskveiðum hér við land og erfiðleika í sjávarútvegi. Þrátt fyrir þetta var það álit erlendu sérfræðinganna að íslenskur skipaiðnaður stæði hinum norska ekki langt að baki hvað varðaði tæknunnáttu og framleiðslugæði og ef ríkisstyrkjum væri haldið fyrir utan væri íslenski

skipaiðnaðurinn fyllilega samkeppnishæfur. Í skýrslunni frá 1989 var bent á ýmsar úrbætur sem grípa mætti til í því skyni að bæta samkeppnisstöðuna og í hinni endurskoðuðu útgáfu skýrslunnar er tekið fram að viss árangur hafi orðið hvað þetta varðar.

Mynd 16: Skipting fiskiskipaflotans eftir stærð (brúttórúmllestum) 1975, '80, '85, '90 og '94



Fyrirtækjanna sem reynt hafa að lækka tilboð sín í einstök verk til þess að ná þeim til sín. Afleiðingin hefur hins vegar orðið sú að mjög lítil framlegð hefur verið í þessum verkum sem birst hefur sem mikill taprekstur nánast allra fyrirtækja í greininni. Á undanföllum árum hafa flestöll fyrirtækin síðan farið í gegnum gjaldþrot, nauðasamninga eða fjárhagslega endurskipulagningu.

Breyting varð á stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi stuðning við skipasmíðaiðnað í byrjun árs 1994 í kjölfar vaxandi þrýstings frá samtökum atvinnurekenda og launafólks og skýrslu nefndar um verkefnastöðu íslensks skipaiðnaðar og fjárhagsstöðu greinarinnar. Ákveðið var að veita jöfnunaraðstoð til skipaiðnaðar og verja í fyrstu 40 milljónum króna til þessa verkefnis og síðar 20 milljónum króna til viðbótar. Tilgangur aðstoðarinnar var að jafna samkeppnisstöðu íslensks skipaiðnaðar vegna erlendra ríkisstyrkja, þannig að innlend fyrirtæki gætu keppt á jafnréttisgrundvelli. Til grundvallar þessari ákvörðun stjórnvalda benti iðnaðarráðherra á þjóðhagslegan ávinning af því að auka verkefni í innlendum skipaiðnaði sem skilaði sér með beinum hætti í ríkissjóð aftur. Jöfnunaraðstoðin var veitt vegna stærri endurbóta- og viðhaldsverkefna, en einnig var ákveðið að veita fyrirtækjum í greininni aðstoð vegna hagræðingar- og ráðgjafarverkefna, vörubróunar- og markaðsverkefna auk annarra aðgerða.


Í áliti nefndar sem mat árangur þessara jöfnunaraðgerða kom fram að þær hefðu í meginatriðum skilað þeim árangri sem til stóð. Í framhaldi af því ákvað ríkisstjórnin í febrúar 1995 að veita styrki til nýsmíða og endurbóta á skipum á árinu 1995 í samræmi við gildistöku 7. tilskipunar Evrópusambandsins um ríkisstyrki á EES-svæðinu. Þetta leiðir til þess að nýsmíði skipa yfir 100 brl. og að verðmæti undir 10 mill. ECU (um 850 millj. ísl. kr.) verður styrkt um 4,5%. Þegar um verðmætari nýsmíði er að ræða koma ekki til styrkir, heldur verður samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar gagnvart fyrirtækjum í öðrum EES-löndum tryggð með því að krefjast niðurfellingar á styrkjum í samkeppnislöndunum. Einnig verða veittir 4,5% styrkir til endurbóta á skipum yfir 1.000 brl. Gagnvart löndum utan EES-svæðisins verður jöfnunartollum samkvæmt GATT-samningnum beitt til þess að jafna samkeppnisstyrki. Óvíst er hvert framhald þessara jöfnunaraðgerða verður eftir að þetta ár er liðið, en á vegum OECD stendur til að afnema heimild til þess að beita ríkisstyrkjum í upphafi næsta árs.

Þrátt fyrir að tekist hafi að jafna samkeppnisstyrki skipaiðnaðar með viðunandi hætti er ekki þar með sagt að greinin sé í stakk búin til að endurheimta þá markaðshlutdeild sem hún hafði á árum áður. Miklar breytingar hafa átt sér stað í sjávarútvegi í átt til sífellt stærri og afkastameiri skipa sem íslensku fyrirtækin hafa ekki aðstöðu til að smíða frá grunni. Þetta leiðir hugann að innri uppbyggingu greinarinnar og almennri samkeppnisstöðu í sívaxandi alþjóðlegri samkeppni.

Þrátt fyrir samdrátt í greininni á undanföllum árum varð ekki vart við fækkun fyrirtækja fram til ársins 1991 og lítil breyting varð á stærðardreifingu þeirra, eins og fram kemur á eftirfarandi mynd. Árið 1991 voru 70 fyrirtæki skráð í skipasmíðaiðnaði, þar af 4 með fleiri en 40 ársverk. Árið 1988

var fjöldi fyrirtækja 66 og 5 með fleiri en 40 ársverk. Frá árinu 1991 hefur fyrirtækjum í greininni fækkað vegna gjaldþrota þótt ekki liggi fyrir tölur um þá þróun.

Mynd 17: Stærðardreifing fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna í skipasmíðum og -viðgerðum 1972, 1980, 1988 og 1990



Þótt töluverður fjöldi fyrirtækja starfi í þessari atvinnugrein eru það einungis tiltölulega fá fyrirtæki hér á landi sem geta fengist við nýsmíði nýttísku fiskiskipa. Flest fyrirtæki í greininni fást aðallega við viðhald á fiskiskipaflotanum, en sinna ekki nýsmíði nema í mjög litlum mæli. Þær skipasmíðastöðvar sem teljast stórar á íslenskan mælikvarða eru hins vegar mjög litlar í samanburði við erlenda keppinauta. Í eftirfarandi töflu má sjá að meðalstórar íslenskar skipasmíðastöðvar eru mun minni en í helstu nágrannalöndunum. Hér voru einungis um 11 starfsmenn að meðaltali í vinnu hjá skipasmíðafyrirtækjum árið 1990 og hefur trúlega fækkað verulega síðan, en þeir eru tæplega 50 í Noregi, 100 í Danmörku og 350 í Þýskalandi. Í öllum þessum löndum hefur starfsmönnum hins vegar fækkað mikið, mest í Noregi. Ef litið er á framleiðni vinnuaflds, bæði breytinguna frá 1981 og verðmætasköpunina að baki hverrar vinnustundar, þá standa íslensku fyrirtækin þeim erlendu langt að baki. Hér voru einungis 12 US\$ að baki hverrar vinnustundar í skipasmíðaiðnaði samanborið við 21-33\$ í Danmörku, Noregi og Þýskalandi og hefur þessi munur aukist verulega á s.l. 10 árum vegna slakrar framleiðniþróunar hér.

Þróunin í stærð fiskiskipa hefur verið íslenskum fyrirtækjum í skipaiðnaði óhagstæð, en þrátt fyrir það hefur þeim ekki tekist að endurskipuleggja starfsemi sína til þess að bregðast við þessum breytingum. Í stað þess að fjárfesta í aukinni upptökugetu stöðvanna til að hægt verði að smíða stór skip að fullu hér innanlands ber fremur að stefna að því að flytja inn óunna skipsskrokka sem síðan eru fullunnir hér á landi. Nauðsynlegt er að meta arðsemi fjárfestinga í stórauknum upptökumannvirkjum á grundvelli þeirrar framlegðar eða verðmætasköpunar sem felst í smíði skipsskrokka. Hlutfallslega minnsta verðmætasköpunin í smíði skips á uppruna sinn í smíði skipsskrokksins og því eru miklar efasemdir um að slík fjárfesting geti verið hagkvæm, hvort heldur er litið á málið út frá þjóðhags- eða rekstrarsjónarmiði.

Greining á ýmsum lykilþáttum í skipasmíðum og viðgerðum

	Vinnsluvirði á vinnustund mælt í US\$		Vinnuafli 1981=100	Framleiðni 1981=100	Meðalstærð fyrirtækja	
	1981	1990			1985	1990
	Ísland	7,0	12,3	66,5	95,4	16,0
Danmörk	12,3	33,1	66,8	139,9	126,8	98,7
Noregur	10,1	21,0	43,6	113,8	57,0	48,5
Þýskaland	11,3	26,5	58,9	-	370,6	341,8

Heimild: OECD, *Industrial Structure Statistics, 1989/90, Paris 1992*

Smæð íslensku fyrirtækjanna, hvort sem litið er á fjölda starfsmanna eða fjárhagslegan styrkleika, hefur einnig haft verulega slæm áhrif á samkeppnisstöðu þeirra út á við. Fyrirtækin hafa ekki haft bolmagn til þess að fjárfesta í vörubrúun og markaðssetningu þannig að íslenskir útgerðarmenn sem þurfa að endurnýja skip sín geta ekki fengið með skjótum hætti endanlegt tilboð án undangenginnar hönnunar- og þróunarvinnu. Þannig hefur smæð fyrirtækjanna að mörgu leyti orðið að helsta samkeppnisókosti skipaiðnaðar ef horft er fram hjá ríkisstyrkjum erlendis. Þetta kann að virðast andstætt niðurstöðum fjölmargra erlendra kannanna¹⁵ sem sýna að vöxtur þessara fyrirtækja standi undir verulegum hluta nýráðninga á síðustu árum. Svo er þó ekki, því stærð fyrirtækja getur orðið að samkeppnisforskoti ef stjórnendur nýta sér þá aðlögunarhæfni og sveigjanleika sem smæðin býður upp á. Kostir smærri fyrirtækja umfram þau stærri byggjast öðru fremur á þróaðri láréttri verkaskiptingu og sérhæfingu á tilteknum verksviðum þar sem smærri fyrirtækin geta mjög auðveldlega farið úr einu verkefni í annað. Hér á landi hefur slík verkaskipting og sérhæfing ekki náð neinni útbreiðslu, heldur hafa þessi litlu fyrirtæki í rauninni farið í samkeppni við stór fyrirtæki á forsendum stórrækstrarhagkvæmni án þess að hafa neina burði til þess.

Til þess að bæta samkeppnisstöðu skipaiðnaðar verður því að taka mið af uppbyggingu greinarinnar og stöðu hennar. Ljóst má vera að veruleg hagræðing verður að eiga sér stað í greininni til þess að auka framleiðni og verðmætasköpun, hvort heldur er með beinum samruna fyrirtækja eða nánú samstarfi og verkaskiptingu. Huga verður að því að hvetja til slíks samstarfs eða samruna með því að binda fjárhagslega fyrirgreiðslu skilyrðum. Endurskoða verður fjármögnunarleiðir á smíðatíma og samræma markaðssetningu og þróunarstarf. Nauðsynlegt er að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðar beiti sér fyrir aðlögun fyrirtækjanna að nýrri tækni með öflugri endurmenntun og tækniyfifærslu erlendis frá.

V.2 Málmiðnaðargreinar aðrar en skipasmíðar

Sjávarútvegsfyrirtæki skipta við fleiri atvinnugreinar í málmiðnaði en skipasmíðar. Hér er um að ræða málmsmíði og vélaviðgerðir (atv.gr. 350), smíði og viðgerð raftækja (atv.gr. 370), smíði og viðgerð mælitækja (atv.gr. 391) og rafvirkjun (atv.gr. 495).

Málmsmíði og vélaviðgerðir eru umsvifamestar þessara atvinnugreina með vítt starfssvið. Í vélaviðgerðum er fengist við alhliða viðgerða- og viðhaldsþjónustu við útgerð og fiskvinnslu ásamt öðrum greinum. Í tengslum við þessa þjónustu þróuðu samtök fyrirtækja í málmiðnaði, að hluta til í samstarfi við útgerðir, grundvöll fyrir alhliða fyrirbyggjandi viðhaldskerfi sem tryggir verulega lækkun kostnaðar vegna viðgerða. Síðan hafa þau vinnubrögð sem kerfisbundið viðhald byggist á verið tekin upp í kennsluskra vélstjóra og tæknifræðinga. Þetta hefur nú leitt til umtalsverðra framfara í viðhaldi skipa og sparnaðar fyrir alla aðila.

Í málmsmíði er fengist við smíði, viðgerðir og viðhald á tækjabúnaði fyrir ýmsar atvinnugreinar, einkum landbúnað, sjávarútveg, iðnað og byggingariðnað. Sem dæmi um framleiðslu og smíðavörur greinarinnar fyrir sjávarútveg má nefna bobbinga, togspil, blakkarhjóll, færíbönd, vogir, slægingarvélar, frystitæki, netahristara, skelplóga, tanka, flutningavagna, fiskþvottavélar, gufuskiljur, karfaafhreistrara, snyrtilínur, vinnslulínur, snigla, kassa, kór og lausfrystitæki. Af þessari upptalningu sést að starfsemi fyrirtækja í almennum málmiðnaði er afar fjölbreytt og því erfitt að gera henni fullnægjandi skil í stuttu máli.

Ekki liggur fyrir vitneskja um það hversu stór hluti af heildartekjum eða framleiðslu málmsmíða og vélaviðgerða tengist beinum viðskiptum við fyrirtæki í sjávarútvegi. Á einstökum sviðum málmiðnaðar er þó framleiðsla og þjónusta við sjávarútveg burðarásinn í starfseminni og í sumum tilvikum reka útgerðarfyrirtæki eigin vélsmíðjur. Mjög gróflaga má áætla að um 40-50% af umsvifum í almennum málmiðnaði (atv.gr. 350) tengist beint viðskiptum við fyrirtæki í sjávarútvegi. Árið 1991 námu rekstrartekjur í þessari atvinnugrein um 11 milljörðum króna. Það má því ætla að umsvif upp á 5 milljarða króna megi rekja til beinna viðskipta við sjávarútveg.

¹⁵ Sjá t.d. The European Observatory for SME's, Second Annual Report, 1994.

Fjöldi starfa í þessari grein hefur haldist nokkuð stöðugur á síðustu árum, í kringum 2500 ársverk. Á allra síðustu árum hefur þó orðið vart fækkunar starfa í þessari atvinnugrein eins og í svo mörgum iðngreinum. Árið 1991 voru ársverk komin niður í 2200 og áætlanir Þjóðhagsstofnunar benda til að störfum hafi enn fækkað síðan þá. Miðað við fyrrgreind hlutföll má þvíætla að rekja megi rúmlega 1000 ársverk í málmsmíði og vélaviðgerðum til sjávarútvegs.


Mikið hefur verið fjallað um erfiðleika iðnaðar í sambyli við sjávarútveg og þá gjarnan verið vitnað til mismunandi áhrifa raungengisbreytinga á þessar tvær greinar. Ekki verður dregið í efa að raungengi íslensku krónunnar er afar mikilvægt fyrir samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar. Það er hins vegar ekki hægt að staldra einvörðungu við þá skýringu. Ef litið er á gagnkvæm áhrif þessara tveggja greina hvortar á aðra er ljóst að lengi hafa verið til staðar ýmsir möguleikar og tækifæri í málmiðnaði til framleiðslu á margs konar búnaði og tækjum fyrir sjávarútveg. Þannig hafa iðnfyrirtækin haft aðgang að nokkuð stórum heimamarkaði fyrir slíkar vörur, þ.e. sérhæfðan búnað og tæki fyrir sjávarútveg og matvælaframleiðslu, jafnvel á alþjóðlegan mælikvarða. Þetta hefur auk þess verið markaður sem vegna sinna erfiðu samkeppnisskilyrða á alþjóðlegum markaði gerir miklar kröfur og ætti því að vera unnt að standa sig vel í útflutningi ef vel tekst til á heimamarkaðinum.

Íslenskum málmiðnaðarfyrirtækjum hefur hins vegar ekki tekist sem skyldi að nýta sér þennan sterka heimamarkað og umbreyta þeirri reynslu og þekkingu sem byggst hefur upp í sjávarútvegi, allt frá veiðum til endanlegrar sölu á afurðum til neytenda úti í heimi, í markaðshæfa vöru. Þvert á móti eru mörg dæmi þess að það hafi fyrst og fremst verið erlend fyrirtæki sem hafi nýtt sér þessa möguleika og nægir þar að nefna framleiðslu og þróun Baader-fiskvinnsluvéla og Simrad-fiskleitartækja ásamt framleiðslu á kraftblökkum fyrir síldveiðiflotann hér fyrir á árum. Sú framleiðsla byggdist á íslensku hugviti. Vitaskuld hafa einstök fyrirtæki skarað fram úr hvað þetta varðar, t.d. í framleiðslu á toghlerum og spilum og í rafeindatækni, án þess að það raski þessari meginniðurstöðu.

Ástæður þess að ekki hefur tekist að koma jákvæðari þróunartengslum milli sjávarútvegs og málmiðnaðar eru margbreytilegar og vissulega skiptir staða raungengis þar verulegu máli. Það eru hins vegar ekki síður ýmsir innri þættir í málmiðnaði sem skýra þennan vanda, þættir sem tengjast stærð fyrirtækjanna, verkaskiptingu milli þeirra, ráðandi fyrirtækjamenningu, stefnuvali stjórnenda og rekstraraðferðum. Þessir þættir snúa að skipulagi (“struktur”) greinarinnar og þá má að mörgu leyti skýra með því að íslensk málmiðnaðarfyrirtæki eru ákaflega lítil á innlendann mælikvarða, svo ekki sé talað um alþjóðlegan. Flest fyrirtæki í þessari grein eru með færri en 20 starfsmenn og meðalstærð þeirra er undir 5 starfsmönnum. Í reynd má segja að greinin einkennist af því að vera í þjónustu og viðgerðum fremur en eiginlegri framleiðslu. Fyrirtæki af þessari stærð hafa ekki það fjárhagslega bolmagn sem þarf til þess að geta nýtt þau jákæðu áhrif og tækifæri sem sjávarútvegurinn býður upp á og staðið undir kostnaði við að þróa markaðshæfa vöru.

Þrátt fyrir þessa erfiðu samkeppnisstöðu málmiðnaðar vegna smæðarinnar hefur þróunin á undanförunum áratugum verið í þveröfuga átt við það sem vænta mátti. Hlutfall stærri fyrirtækja hefur stöðugt verið að lækka, en vægi fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn hefur aukist verulega. Árið 1972 voru um 89% fyrirtækjanna með færri en 20 starfsmenn en árið 1990 voru þau 96%. Á sama tíma fækkaði fyrirtækjum með fleiri en 60 starfsmenn úr 11 í 4, eða úr rúmum 4% í tæplega 1%.

**Mynd 18: Stærðardreifing fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna í málmsmíðum
1972, 1980, 1988 og 1990**



Minnkandi málmiðnaðarfyrirtæki hér á landi er reyndar ekkert sérstakt fyrirbrigði heldur er hér um alþjóðlega þróun að ræða. Það sem einkennir þróunina á Íslandi í samanburði við aðrar þjóðir er að erlendis eru minnkandi fyrirtæki í málmiðnaði hluti af vaxandi láréttri verkaskiptingu milli fyrirtækja og aukinni sérhæfingu á tilteknum verksviðum. Einstaka fyrirtæki hafa gerst undirverktakar hjá stærri framleiðendum og með því móti hefur sá sveigjanleiki sem lítil og meðalstór fyrirtæki bjóða upp á orðið að mikilvægu samkeppnisforskoti í stað þess að vera ókostur sem fyrirtækin geta jafnvel ekki sigrast á. Hér á landi eru hins vegar fá dæmi um slíka verkaskiptingu. Að hluta til má rekja ástæðurnar til þess að fram til ársins 1992 var fyrirtækjum beinlínis refsað með skattaðgerðum ef víðtækri verkaskiptingu var beitt milli fyrirtækja vegna uppsöfnunaráhrifa aðstöðugjaldsins sem sveitarfélög lögðu á fyrirtæki.

Til þess að átta sig á samkeppnisstöðu málmiðnaðar í alþjóðlegu samhengi má í eftirfarandi töflu sjá samanburð á ýmsum lykilþáttum í rekstri málmiðnaðarfyrirtækja á Íslandi, í Danmörku, Noregi og Þýskalandi. Þar kemur fram að árið 1981 var vinnsluvirði á hverja vinnustund mælt í US\$ svipað hér á landi og í Noregi, en um 20% lægra en í Danmörku og Þýskalandi. Tíu árum seinna hafði vinnsluvirði á hverja vinnustund á Íslandi dregist enn frekar aftur úr, sérstaklega miðað við Danmörku og Þýskaland.

Á þessu tíu ára tímabili fækkaði störfum í málmsmíði hér á landi um 6% og um 16% í Noregi, en fjölgaði aftur á móti í Danmörku og Þýskalandi. Þetta má setja í samhengi við það að framleiðni vinnuafls hér á landi og í Noregi hefur aukist mun minna en í Danmörku og (að öllum líkindum) í Þýskalandi. Ein af skýringunum á þessu kann að vera sú að ef litið er á meðalstærð fyrirtækja hér og í þessum löndum kemur fram allverulegur munur okkur í óhag, sem hlýtur að móta verulega samkeppnisstöðu okkar. Hér á landi er meðalstærð fyrirtækja í málmsmíðum komin niður fyrir 5 starfsmenn, en meðalstærð sambærilegra fyrirtækja í Danmörku er yfir 40 starfsmenn og yfir 100 starfsmenn í Þýskalandi. Það er hins vegar sammerkt fyrirtækjum í öllum þessum löndum að meðalstærð þeirra hefur verið að minnka.

Greining á ýmsum lykilþáttum í málmsmiðum

	Vinnsluvirði á vinnustund mælt í US\$		Vinnuafll 1981=100	Framleiðni 1981=100	Meðalstærð fyrirtækja	
	1981	1990	1990	1990	1985	1990
	Ísland	10,9	14,8	94,1	104,6	6,9
Danmörk	12,8	28,0	134,4	135,1	46,2	42,7
Noregur	10,8	18,4	83,9	103,7	30,7	25,5
Þýskaland	12,8	28,8	106,4	-	109,7	108,9

Heimild: OECD, *Industrial Structure Statistics, 1989/90, París 1992*

Stærðardreifing fyrirtækja í málmiðnaði ásamt að því er virðist rótgróinni andstöðu við það að stækka þau með samruna eða sjálfstæðum vexti segir mikið um þann “fyrirtækjaanda” sem einkennir þessa atvinnugrein. Í mörgum tilfellum er hér um einstaklings- eða fjölskyldufyrirtæki að ræða þar sem eigendur vilja hafa hlutina einfalda og yfirsýn yfir reksturinn. Þetta breytir því ekki að í mörgum þessara fyrirtækja eru starfsmenn og/eða eigendur sífellt að finna upp nýja hluti eða nýjar lausnir á ýmsum vandamálum. Vegna vankunnáttu í markaðsmálum og takmarkaðs fjárhagslegs bolmagns verður ekkert úr því að markaðssetja þessa hluti eða þessar lausnir. Þegar vel hefur árað í meginstarfsemi fyrirtækjanna hafa þau reynt fyrir sér á erlendum mörkuðum, en ef afturkippur verður áður en búið er að koma framleiðslunni á markað kippa menn að sér hendinni. Það er jafnframt athyglisvert að stoðkerfi atvinnuveganna, rannsóknarstofnanir, markaðsleiðbeiningar og fjárhagsleg skipulagning á vegum hins opinbera, hefur ekki verið byggt upp með þarfir þessara litlu fyrirtækja í huga. Þetta hefur því óhjákvæmilega komið mjög hart niður á þróun í greininni og alþjóðlegri samkeppnisstöðu hennar.


Um rafiðnaðinn gildir svipað og um málmiðnaðinn að því leyti að starfsemin beinist að mörgum atvinnugreinum. Árið 1991 voru heildarrekstrartekjur í atv.gr. 370 (smíði og viðgerð raftækja), atv.gr. 391 (smíði og viðgerð mælitækja) og atv.gr. 495 (rafiðn) samtals um 9 milljarðar og fjöldi ársverka um 1600. Líkt og gildir um málmiðnaðinn er erfitt að meta af nákvæmni mikilvægi viðskipta við sjávarútveg fyrir fyrirtæki í þessum greinum. Hin öra tæknivæðing í sjávarútvegi hefur þó án efa skilað auknum viðskiptum við fyrirtæki í rafiðnaði, enda eru fáar atvinnugreinar í dag sem eru jafn háðar rafeindatekni af ýmsum toga og nútíma sjávarútvegur. Hér er miðað við að viðskipti við sjávarútveg standi á bak við um helming af heildarveltunni í atvinnugreinum 370 og 391, en um fjórðung af veltunni í rafvirkjun.

Prátt fyrir þá dökku, almennu mynd sem dregin hefur verið upp hér að framan hefur á síðustu árum orðið vart mjög jákvæðrar þróunar í framleiðslu á hátæknirafeindabúnaði og tækjum fyrir sjávarútveg. Fram hafa komið íslensk fyrirtæki sem tekist hefur að brjótast úr viðjum vanans og nýta sér það jákvæða þróunarumhverfi sem íslenskur sjávarútvegur býður upp á. Þannig hafa íslensk fyrirtæki þróað og smíðað tæki á sviði raf- og tölvutækni, veiðarfæri, vélar og tæki og markaðssett framleiðslu sína með góðum árangri, bæði hér heima og erlendis. Nú er svo komið að íslenskar hátæknivörur á þessu sviði hafa náð góðri fótfestu á heimsmarkaði og horfur eru á að áframhald geti orðið á þeirri þróun.

Þekktasta dæmið er framleiðsla á tölvuvogum. Upphaflega hugmyndin, að búa til nákvæmar vogir sem byggðu á tölvutækni og mögulegt væri að nota úti á rúmsjó, kom fram í Háskóla Íslands fyrir allmörgum árum og var hafist handa um tæknilega þróun innan háskólans. Fljótlega var stofnað fyrirtæki til að sjá um framleiðslu og markaðssetningu. Eftir talsverða byrjunarerfiðleika, nokkur gjaldþrot og aukið hlutafé frá fjárfestum tókst að koma framleiðslunni af stað og vekja áhuga kaupenda, fyrst hér innanlands og síðan erlendis. Á þeim tíma sem tölvuvogirnar voru að öðlast öruggan sess á markaðinum rann upp tími fullvinnsluskipanna þar sem þurfti áreiðanlegar vogir vegna fiskvinnslunnar um borð. Á sama tíma fór áhugi fyrirtækja í hefðbundinni fiskvinnslu á nákvæmari framleiðslustýringu vaxandi og voru tölvuvogir ákjósanlegar í því sambandi. Það skapaðist því á skömmum tíma umtalsverður innanlandsmarkaður fyrir þessa framleiðslu sem gerði fyrirtækinu kleift að komast yfir erfiðasta hjallann. Smám saman jókst útflutningur á tölvuvogum og

nú er svo komið að framleiðsla fyrir erlendan markað er meiri en fyrir innanlandsmarkað. Þessi framvinda er mjög í líkingu við það sem gerst hefur annars staðar þegar upp hafa komið ný fyrirtæki og atvinnugreinar. Í fyrstu beinist framleiðslan að heimamarkaði og leitar síðan út fyrir landamærin þegar sá heimamarkaður er mettaður. Mikilvægur þáttur í velgengni þessara fyrirtækja er án efa sú mikla áhersla sem lögð hefur verið á samfellda vöruþróun og vandaða markaðssetningu á vörunum. Einnig kann það að hafa skipt máli að fyrirtæki í sjávarútvegi eru fljót að tileinka sér nýjungar og laga sig að breyttum aðstæðum vegna stöðugra breytinga á rekstrarumhverfi sjávarútvegsins. Jákvæð viðbrögð fjárfesta og þolinmæði hefur vafalaust ráðið úrslitum um að hægt var að ljúka framleiðslu og markaðssetningu þessarar vöru.


Mynd 19: Útflutningur á rafeindavogum 1983-1994 á verðlagi 1990, m.kr.




Hin hagstæða þróun varðandi tölvuvogir hefur leitt til þess að fyrirtæki í rafiðnaði hafa beitt sér fyrir viðtækri vöruþróun sem þegar hefur skilað verulegum árangri. Í samvinnu við fyrirtæki í almennum málmiðnaði hafa verið þróaðar flæðilínur fyrir frystihús og frystitogara, bæði fyrir innlandan markað og til útflutnings. Einnig hefur verið unnið að því að þróa hátæknibúnað til að flokka fisk með tölvusjón fyrir fiskvinnslu. Að síðustu má nefna að útlit er fyrir að fyrirtæki sem fram að þessu hafa aðallega framleitt vélar og tæki til sjávarútvegs muni í framtíðinni beina framleiðslu sinni að öðrum greinum matvælaíðnaðar, en við það opnast mjög stórir markaðir. Það má því með sannri segja að framvindan á þessu sviði hafi verið hagstæð og farið fram úr bestu vonum. Enn eru fyrirtæki í greininni fá og smá og ekki má mikið út af bera til að illa fari. Það er því mjög mikilvægt að hlúð sé að þessum vaxtarbroddum íslensks iðnaðar og greininni verði búin hagstæð starfsskilyrði í framtíðinni.

V.3 Veidarfæraiðnaður

Veidarfæraiðnaðurinn (atv.gr. 233) byggir afkomu sína að langmestu leyti á viðskiptum við sjávarútveg. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar voru 295 ársverk í þessari grein árið 1991 og rekstrartekjur hennar námu um 1.642 milljónum. Mynd 20 sýnir þróun vísitölu vinnuaflds í veiðarfæraiðnaði samanborið við þróun í almennum iðnaði alls. Á myndinni má sjá að þróun vinnuaflds í greininni hefur haldist nokkuð í hendur við þróunina í almennum iðnaði alls. Á árunum 1982-1987 er uppgangur, en frá 1987 til 1991 hallar undan fæti. Svipaða sögu er að segja um vísitölur framleiðslumagns.

Mynd 20: Vinnuafli í veiðarfæraíðnaði og almennum iðnaði 1980-1992, 1980=100.

Uppbygging veiðarfæraíðnaðarins hér á landi er að mörgu leyti sérstök því hann er í reynd tvískiptur. Annars vegar er um að ræða allstórt framleiðslufyrirtæki, Hampiðjuna hf., sem m.a. býr til net, garn og kaðla, og hins vegar mörg minni netaverkstæði sem annast gerð og útbúnað veiðarfæra¹⁶. Lítil breyting hefur orðið á uppbyggingu greinarinnar s.l. 20 ár, en um 40% af fyrirtækjunum eru með 5-20 starfsmenn, en það eru netagerðarverkstæðin á stærstu útgerðarstöðunum. Um helmingur af fyrirtækjunum er með færri en 5 starfsmenn.

Mynd 21: Stærðardreifing fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna í veiðarfæraagerð 1972, 1980, 1988 og 1990

Ágæt samvinna er á milli Hampiðjunnar og netaverkstæðanna og reyndar einnig við útgerðarmenn og skipstjóra sem fullyrða má að lagt hafi grunninn að því að veruleg þróun hefur orðið í þessari atvinnugrein. Hönnun og framleiðsla á nýjum og stærri úthafstrollum hefur t.a.m. aukið afla íslenskra og erlendra togara á djúpslóð. Góð þekking er til staðar í landinu á veiðarfæraframleiðslu og talsverð vinna hefur verið lögð í að þróa ný veiðarfæri og hluti í þau. Styrkur greinarinnar liggur fyrst og fremst í góðri verkþekkingu og nálægð við kröfuharðan heimamarkað. Á þessum markaði hitta fyrirtækin fyrir reynda fiskimenn sem stöðugt eru að leita hentugri leiða og prófa sig áfram með útfærslu veiðarfæra og veita fyrirtækjunum mikilvægar og nákvæmar upplýsingar um gæði vörunnar.

Erfitt er að finna upplýsingar um veiðarfæraíðnað annarra landa til þess að meta alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar. Veiðarfæraíðnaður flokkast undir vefjariðnað eða nánar tilgreint spunaiðnað. Til þess að fá sambærilegar tölur hefur í eftirfarandi töflu verið tekið mið af eftirfarandi atvinnugreinum fyrir Ísland: ullarþvotti, spuna og vefnað (atv.gr. 231), veiðarfæraíðnaði (atv.gr. 233) og framleiðslu á öðrum vefnaðarvörum (atv.gr. 244). Fyrir aðrar þjóðir hefur verið miðað við textíliðnað (atv.gr. 321) að frádreginni þrjónavöruframleiðslu (hér atv.gr.nr. 232, en alþjóðlegt

¹⁶ Hampiðjan rekur einnig eigið netaverkstæði.

atv.gr.nr. 3213). Jafnframt hefur veiðarfæraiðnaður hér á landi verið tilgreindur sérstaklega til þess að hægt sé að meta stöðu hans sérstaklega.

Greining á ýmsum lykilþáttum í spunaiðnaði

	Vinnsluvirði á vinnustund mælt í US\$		Vinnuafli	Framleiðni	Meðalstærð fyrirtækja	
			1981=100	1981=100		
	1981	1990	1990	1990	1985	1990
Ísland	8,5	15,5	71,1	112,4	17,3	11,7
þ.a. veiðar- færaiðnaður	9,9	16,5	106,1	99,5	10,9	11,4
Danmörk	17,6	29,9	112,0	101,5	46,0	44,9
Noregur	9,6	19,0	57,9	123,3	33,6	26,2
Þýskaland	11,2	25,4	81,8	-	141,1	143,6

Heimild: OECD, *Industrial Structure Statistics, 1989/90, Paris 1992*

Eins og fram kemur í töflunni, þá er samkeppnisstaða spunaiðnaðar og þar með veiðarfæragerðar áþekkt því sem gerist í öðrum greinum sem tengjast sjávarútvegi. Bæði verðmætasköpun á hverja vinnustund og meðalstærð fyrirtækja er áberandi minni en í samanburðarlöndunum, en hins vegar hefur framleiðnin í spunaiðnaði í heild aukist meira hér en t.d. í Danmörku. Samt hefur störfum fækkað hér, en fjölgað þar. Ef veiðarfæraiðnaður er athugaður sérstaklega, þá hefur framleiðni dregist örlítið saman þar, en það tengist þeim mikla samdrætti sem orðið hefur í sjávarútvegi á undanförunum árum.

Slæmar horfur í íslenskum sjávarútvegi valda því að vöxtur í þessari grein verður fyrst og fremst að byggjast á auknum útflutningi á fullbúnum veiðarfærum og hlutum í þau, auk þess sem ætla má að verkþekking og ráðgjöf á sviði veiðarfæragerðar geti í auknum mæli skapað gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið.


Vert er að huga að tengslum veiðarfæragerðarinnar við annan iðnað tengdan sjávarútvegi. Má í þessu sambandi nefna framleiðslu á toghlerum, bobbingum, togsplum og flotkúlum úr plasti. Ætla má að með aukinni samvinnu framleiðenda þessara iðnaðarvara megi ná sterkari stöðu á innanlandsmarkaði og í útflutningi.

V.4 Umbúðaiðnaður

Tvær iðngreinar falla undir umbúðaiðnað: pappa- og pappírsvörugerð (atv.gr. 272) og plastvöruiðnaður (atv.gr. 398). Þessi skilgreining kann að orka tvímælis þar sem líklegt er að sjávarútvegurinn stundi bein viðskipti við fyrirtæki í fleiri atvinnugreinum í sambandi við umbúðir. Þar má nefna fyrirtæki í prentiðnaði, en til einföldunar er hér miðað við að endanlegir seljendur umbúða til sjávarútvegs séu fyrirtæki í atvinnugreinum 272 og 398.

Árið 1991 voru um 760 ársverk í þessum tveimur greinum, en hafði þá fækkað um 4,3% að meðaltali á ári frá 1987. Fram að þeim tíma var mikill uppgangur í þessum greinum og ársverkum fjölgaði um 5,8% að jafnaði á ári og voru orðin rúmlega 900 árið 1987. Það er markvert við þessa grein að nokkur breyting hefur orðið á stærðardreifingu á undanförunum árum. Bæði hefur fyrirtækjum fjölgað og þá sérstaklega stærri fyrirtækjunum. Árið 1980 voru 62 fyrirtæki skráð í þessum greinum, en hafði fjölgað í 70 árið 1990. Þótt flest fyrirtækin séu með færri en fimm starfsmenn, þá hefur þessum litlu fyrirtækjum fækkað nokkuð á síðustu árum, en stærri fyrirtækjunum hefur fjölgað úr 4 í 8.

**Mynd 22: Stærðardreifing fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna í umbúðaiðnaði
1972, 1980, 1988 og 1990**



Ef litið er á alþjóðlega samkeppnisstöðu þessarar greinar, þá kemur í ljós að þrátt fyrir að meðalstærð þessara fyrirtækja sé mun minni en í Danmörku, Noregi og Þýskalandi, þá hefur framleiðniþróunin í íslensku fyrirtækjunum verið mjög mikil og störfum hefur fjölgað nokkuð. Vinnsluvirði á hverja vinnustund í umbúðaiðnaði er með því hæsta ef miðað er við aðrar greinar sem tengjast sjávarútvegi hér á landi, en jafnframt áberandi minni en í samanburðarlöndunum.

Greining á ýmsum lykilþáttum í umbúðaiðnaði

	Vinnsluvirði á vinnustund mælt í US\$		Vinnuafli 1981=100	Framleiðni 1981=100	Meðalstærð fyrirtækja	
	1981	1990	1990	1990	1985	1990
Ísland	9,6	20,7	123,1	145,5	10,0	11,2
Danmörk	16,7	38,2	127,0	110,2	52,5	54,6
Noregur	13,2	32,0	76,8	166,9	63,4	56,5
Þýskaland	13,8	32,3	122,6	-	120,2	130,7

Heimild: OECD, *Industrial Structure Statistics, 1989/90, París 1992*

Samkeppnisstaða greinarinnar á heimamarkaði einkennist af mikilli umbúðanotkun sjávarútvegs og þeirri vernd sem bæði fjarlægðin og að ýmsu leyti tungumálið veita. Umbúðanotkun í fiskvinnslu fór vaxandi sem hlutfall af rekstrarkostnaði án launa og afskrifta fram til ársins 1989, en lækkaði aftur á árunum 1990 fram til 1993. Meginskýringin á minnkandi umbúðanotkun á síðustu árum er auk minni umsvifa í sjávarútvegi vegna aflasamdráttar aukinn útflutningur á ferskum fiski á árunum 1990 til 1992.

Heildarútgjöld fiskvinnslunnar vegna umbúða árið 1991 námu rúmlega 1.500 m.kr. og áætluð útgjöld frystitogara námu 250 m.kr. Árið 1992 er áætlað að heildarútgjöld veiða og vinnslu vegna umbúða hafi numið tæpum 1.400 m.kr. og árið 1993 hafi þessi upphæð verið um 1.450 m.kr. Mikill munur er á umbúðanotkun í fiskvinnslu eftir vinnsluáðferðum. Því meiri fullvinnsla sem fram fer, því herra er hlutfall umbúða í heildarverðmæti vörunnar. Þannig má áætla að umbúðakostnaðurinn nemi um 8-10% við framleiðslu á fiski í neytendapakningar (200-400 gr.). Til samanburðar er umbúðakostnaðurinn um 4% í framleiðslu á 5 lb. pakkningu fyrir Bandaríkjamarkað og um 2% í framleiðslu á blokk.

Notkun á plastumbúðum í sjávarútvegi hefur aukist mjög mikið á undanförunum árum. Að baki þessari aukningu liggur mikil breyting á meðhöndlun fisks um borð í fiskiskipum. Í stað þess að geyma fiskinn lausan í lestum eru nú nær undantekningarlaust notaðir plastkassar eða plastkór af ýmsum stærðum við geymslu á ónunnum fiski. Þar að auki hafa vaxandi flutningar á hráefni milli fiskmarkaða og vinnslustöðva innanlands og útflutningur á ónunnum fiski aukið mjög notkun á plastumbúðum.

Innlend fyrirtæki í plastiðnaði hafa notið góðs af þessari þróun og að mestu annað aukinni eftirspurn eftir plastumbúðum. Raunar hafa Íslendingar verið í fararbroddi í þessum efnum og íslensk fyrirtæki í plastiðnaði hafa í auknum mæli flutt út plastkassa og plastkór til sjávarútvegsfyrirtækja erlendis.

Heildarvelta í atv.gr. 272 árið 1991 var rúmlega 1600 m.kr og fjöldi ársverka var 233, en í atv.gr. 398 var heildarveltan umtalsvert meiri eða tæpir 4 milljarðar króna og fjöldi ársverka 550. Útflutningur á umbúðum þetta ár nam rúmum 200 milljónum, þannig að sé miðað við að umbúðakostnaður íslensks sjávarútvegs hafi að mestum hluta verið vegna viðskipta við innlend fyrirtæki, má ætla að heildarumsvif umbúðaiðnaðar í tengslum við sjávarútveg hafi verið um 2 milljarðar og fjöldi starfa í kringum 300 árið 1991.

V.5 Matvælaíðnaður

Frá sjávarútvegi hafa spunnist margvísleg tengsl við innlendan matvælaíðnað þar sem sjávarútvegurinn leggur til hráefni til frekari vinnslu. Samkvæmt eldri atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar var fiskvinnslan utan matvælaíðnaðarins, en með nýrri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 95, sem tók gildi 1. janúar 1995, fellur vinnsla sjávarafurða undir matvæla- og drykkjarvöruíðnað. Þrátt fyrir þessa nýju atvinnugreinaflokkun er erfitt út frá opinberum hagtölum að rekja breytingar á vinnslu sjávarafurða í smáatriðum. Ekki er t.d. gerður greinarmunur á afurðum frystingar eftir vinnslustigi afurða. Þannig er ekki munur á afurðum eftir því hvort um fullunnar vörur í smásölupakkningum er að ræða eða hvort varan fer í frekari vinnslu hér á landi eða erlendis. Þetta á einnig við um flokkun á útflutningi eftir tollnúmerum. Til að afla upplýsinga um breytingar á samsetningu verður því að styðjast við upplýsingar frá framleiðendum sjálfum.

Hærra vinnslustig sjávarafurða

Vinnsla sjávarafurða hér á landi hefur tekið miklum breytingum í tímans rás og mótast af mörgum þáttum. Frá því að botnfiskur varð uppistaðan í útflutningsverðmætunum hefur vinnslan á afurðunum stöðugt verið að þróast. Nokkrir meginþætir skipta hér höfuðmáli. Í fyrsta lagi er það framboð hráefnis og sú vinnslutækni sem er til staðar í fiskvinnsluhúsunum. Í öðru lagi má nefna ástandið á útflutningsmörkuðum og stefnumótun í sölumálum. Þar til á allra síðustu árum hefur fiskvinnslan fremur einkennst af skorti á vinnuafli en skorti á hráefni. Lengi vel gekk erfiðlega að fullmanna fyrirtæki í fiskvinnslu og varð jafnvel að grípa til þess að flytja inn vinnuafli frá útlöndum. Eftir aflasamdrátt síðustu ára og breytt ástand á vinnumarkaði hefur þetta snúist við. Í stað þess að flytja inn vinnuafli er nú fluttur inn óunninn fiskur, aðallega frá Rússlandi. Þetta auk tækniframfara í fiskvinnslu hefur leitt til þess að s.k. sérvinnsla hefur rutt sér mjög til rúms í íslenskri fiskvinnslu. Hagstæð samkeppnisstaða íslenskra útflutningsfyrirtækja hefur án efa einnig stuðlað að þessari þróun og skapað forsendur fyrir breyttum áherslum í fiskvinnslunni. Samkvæmt upplýsingum frá sölusamtökunum SH og ÍS hefur hlutdeild smásölupakkninga í vöruframboði íslenskra fiskvinnslufyrirtækja aukist ört á þremur til fjórum árum og útlit er fyrir að framhald verði á.

Framleiðsla á sérrunnum sjávarafurðum í smásölupakkningum á vegum Íslenskra sjávarafurða hf. hefur vaxið mikið frá 1989. Fyrstu árin voru einungis framleidd nokkur hundruð tonn, en 1993 nam framleiðslan um 3.600 tonnum og á síðasta ári voru framleidd um 3.700 tonn af sérrunnum sjávarafurðum. Þrátt fyrir mikinn vöxt á tímabilinu er hlutfall þessara afurða þó einungis rúm 6% af heildarframleiðslu 1994 miðað við magn, en miðað við verðmæti er hlutfallið mun hærra. Á vegum SH hefur mikil áhersla verið lögð á að framleiða fullunnar afurðir fyrir endanlega notendur. Samkvæmt upplýsingum frá SH eru nú um 60% af útflutningi hennar seld til veitingahúsa, mótuneyta eða í smásölupakkningum. Gildir það um allar tegundir botnfisks nema ufsa. Neytendavörur sem unnar voru á vegum samtakanna árið 1994 námu um 6.000 tonnum. Þetta voru vörur í smásölupakkningum af ýmsu tagi, ýmsir sérskornir flakabitar fyrir veitingahús og rækjuafurðir fyrir verslanir og veitingahús. Aukin áhersla á fullvinnslu sjávarafurða býður upp á aukið

útflutningsverðmæti án hráefnisaukningar. Að sjálfsögðu þarf að fara með gát í þessum efnum þar sem aukið framboð á mörkuðunum gæti hæglega leitt til verðfalls og þar með gert að engu þann ávinning sem stefnt var að. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að íslenskar sjávarafurðir hafa í auknum mæli selst á erlendum mörkuðum á markaði fyrir smásöluvörur. Fram að þessu hefur þessi framleiðsla aðallega verið í samvinnu við erlenda aðila sem ráða yfir þekktum vörumerkjum. Þótt íslenskir útflytjendur ráði yfir allþekktum vörumerkjum hefur það verið skoðun þeirra sem best þekkja til að fara bæri frekar þessa leið en að markaðssetja íslenskar sjávarafurðir á sjálfstæðan hátt. Frá þessu eru þó mikilvægar undantekningar og í framtíðinni verður að stefna að því að markaðssetja íslenskar sjávarafurðir undir íslenskum vörumerkjum til að tryggja hámarksafkastur þessarar framleiðslu.

Aukið vægi smásöluafurða mun án efa draga mjög úr þeim verðsveiflum sem svo mjög hafa sett svip sinn á útflutning íslenskra sjávarafurða. Verð á neysluvörum er almennt mun stöðugra en verð á hrávörum eða hálfunnum vörum. Hingað til hefur mestur hluti sjávarafurðanna farið inn á s.k. stofnanamarkað frekar en inn á smásölumarkaði þar sem fengist hefur að meðaltali gott verð fyrir afurðirnar, en verðsveiflur hafa verið töluverðar. Ólíklegt er að snöggar breytingar verði á þessu í náinni framtíð, en þróunin undanfarin ár bendir eindregið til aukins vægis smásölupakkninga.

Áhrif aukinnar vinnslu á útfluttum sjávarafurðum á iðngreinar sem tengjast sjávarútvegi eru augljós. Hlutfall pakkninga í smásöluumbúðum er töluvert hærra en í hefðbundnum pakkningum og hærra vinnslustig kallar á aukna notkun véla og tækja. Auk þess má ætla að breytt markaðssetning kalli á aukin umsvif í þjónustugreinum sem tengjast fiskvinnslu. Almennt má því fullyrða að sú þróun sem nú má sjá til aukinnar vinnslu á íslenskum sjávarafurðum leiði til aukinna umsvifa í iðnaði sem tengist sjávarútvegi og skapi þar með forsendur fyrir því að hér vaxi upp öflugur iðnaður sem tengist fullvinnslu sjávarafurða.

Hlutverk stjórnvalda á þessu sviði er fyrst og fremst að tryggja að þessi þróun geti orðið á sem auðveldastan hátt. Með því að stuðla að öflugri rannsóknar-, vöruþróunar- og markaðsstarfsemi á sviði matvælaíðnaðar og leggja þeim fyrirtækjum lið sem vilja þróa nýjar vörutegundir getur hið opinbera hraðað þeirri þróun sem nú á sér stað. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins hefur unnið gott starf á þessu sviði. Starfsmenntun á sviði fiskvinnslu hefur vaxið á síðustu árum í tengslum við uppbyggingu á þessu sviði. Markaðsrannsóknir og stuðningur við markaðssetningu er mikilvægur þáttur í sambandi við aukna fullvinnslu.

Skortur á framtengslum

Íslenskur fiskiðnaður einkennist mjög af því að stór hluti afurðanna hefur löngum verið fluttur út lítt unninn. Þetta á sér ákveðnar skýringar, t.d. hefur aflamagn oft verið mikið auk þess sem viðvarandi skortur hefur verið á vinnuafli í greininni. Til þess að bjarga aflanum þurfti afkastamikla vinnslu sem miðaðist meira við magn en vinnslustig. Vörurnar voru seldar á eins konar hrávörumarkaði, en eitt af einkennum hans er að verðsveiflur eru mjög miklar samanborið við neytendavörumarkað. Séu bornar saman verðsveiflur annars vegar á 5 punda pakkningum og hins vegar á blokkarpakkningum þorsks og ýsu fyrir tímabilið 1978-1994, kemur í ljós að verð á blokk í dollurum er mun sveiflukenndara en verð á 5 punda pakkningum, enda er vinnslustig 5 punda pakkninga mun hærra en blokkarpakkninga. Ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar um verðþróun á fiskafurðum í neytendapakkningum, en óhætt er að fullyrða að verðbreytingar á slíkum afurðum eru enn minni en á 5 punda pakkningum.


Þetta á raunar við á fleiri sviðum en í sjávarútvegi. Stóriðja hér á landi byggist nær eingöngu á framleiðslu á lítt unnum afurðum. Þannig fer til dæmis öll okkar álframleiðsla til áframhaldandi vinnslu í verksmiðjum erlendis. Verð á málmum hefur verið mjög sveiflukennt og hefur íslenskt þjóðarþú fundið verulega fyrir afleiðingum þess á undanförunum árum. Til að verjast þessum

sveiflum og auka um leið verðmæti er í raun ekki til nema eitt ráð. Það er að auka fullvinnslu á sem flestum sviðum og flytja framleiðsluna sem næst endanlegum notendum.


Hinar miklu sveiflur, bæði í aflamagni og afurðaverði, skýrðu mikinn hluta þess óstöðugleika sem einkenndi íslenskt efnahagslíf fram til ársins 1990 og kom aðallega fram í mjög sveiflukenndri gengisskráningu íslensku krónunnar. Umræða um efnahagsmál hér á landi hefur oft snúist um það að þessar sveiflur hafi skaðað iðnaðinn sérstaklega mikið. Það ætti hins vegar að vera ljóst að þetta vandamál snýr ekki einungis að fyrirtækjum í iðnaði, heldur að öllum fyrirtækjum hér á landi, einnig fyrirtækjum í sjávarútvegi. Sveiflur á raungengi hafa ekki síður lamandi áhrif á sjálfa fiskvinnsluna en aðrar greinar. Raungengisstaðan getur reyndar haft sérlega mikil áhrif á þróunina í átt til frekari fullvinnslu sjávarafurða.

Þegar raungengið hækkar skerðist samkeppnisstaða þeirra greina sem ekki búa við sama afkomubata og verður hjá hefðbundnum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þau fyrirtæki í sjávarútvegi sem reyna fyrir sér á neytendavörumarkaði eiga þannig mjög erfitt uppdráttar við þessi skilyrði. Þegar hráefnavöruverð verður mjög hátt miðað við verð á neytendavörumarkaði getur arðsemi fullvinnslunnar dottið verulega niður fyrir arðsemina af hefðbundinni vinnslu og fyrirtækin kjósa því að færa sig inn á þann markað. En þar sem stöðugt framboð og áreiðanleiki í afhendingu eru mjög mikilvægir þættir á neytendavörumarkaði geta þessi fyrirtæki ekki haldið markaðssamböndum sínum með því að hoppa stöðugt á milli þessara markaða. Reyni fyrirtækin að þrauka á neytendavörumarkaðinum kemur það beint niður á afkomunni.

Mynd 23: Breyting á verði 5 lbs pakkninga í dollurum 1978-1994 (Meira unnin afurð)



Mynd 24: Breyting á verði blokkar-pakkningar í dollurum 1978-1994 (Minna unnin afurð)



Þegar verð á hráefnavörumarkaðinum er mjög lágt, eins og reyndin er t.d. nú í upphafi ársins 1995, getur arðsemi fullvinnslunnar verið mjög hagstæð og fyrirtækin leita því í þá vinnslu. Á árinu 1992 svöruðu framleiðendur spurningunni um af hverju fullvinnslan væri ekki meiri yfirleitt á þann hátt að framlegðin væri einfaldlega ekki nógu mikil miðað við hefðbundna vinnslu, en þá var verð á hráefnavörumarkaði mun hærra en nú er. Nú, þremur árum síðar, hefur raungengi krónunnar lækkað um u.þ.b. 20%, sem virðist hafa dugað til þess að koma þróuninni í átt til frekari fullvinnslu verulega á skrið.

Erfitt er að fullyrða hvort þessi tilhneiging til frekari fullvinnslu er varanleg eða ekki. Jákvæð verðþróun á allflestum hrávörumörkuðum á undanförunum mánuðum gæti bent til þess að svo sé ekki. Hækki verð á hefðbundnum sjávarafurðum skyndilega, líkt og gerðist 1990-91, mun arðsemi fullvinnslunnar lækka hlutfallslega í samanburði við hefðbundna vinnslu. Því munu þau fyrirtæki sem fullvinna aflann standa samtímis frammi fyrir hækkanði raungengi og hlutfallslegri hækkun afurðaverðs úr hefðbundinni vinnslu. Reynsla fortíðarinnar bendir til þess að þau kjósi að færa sig yfir á hráefnavörumarkaðinn til þess að ná í skammtímagróðann af hækkuninni þar. Nýlegt dæmi um þetta er sala SH á ufsaflökum á Frakklandsmarkað. Mikil vinna hefur verið lögð í að afla verðmæts

markaðar í Frakklandi fyrir ufsaflök sem gefið hefur gott verð á síðustu misserum. Nú hefur verð á söltuðum ufsaflökum hins vegar hækkað skyndilega og margir framleiðendur hafa snúið sér að þeirri afurð. Afleiðingin er hins vegar sú að SH er um það bil að missa fyrrgreindan markað vegna ónógs framboðs af ufsaflökum. Forsvarsmenn SH telja að það muni kosta gríðarlegt fjármagn að vinna hann til baka og hafa reynt að telja framleiðendur ofan af því að láta þessa skammtímasveiflu í afurðaverði ráða ferðinni.

Þessi vandi sem hér er bent á snýst í rauninni um muninn á skammtíma og langtíma hugsunarhætti annars vegar og arðsemi hins vegar. Reynslan sýnir að í þeim löndum þar sem lögð hefur verið áhersla á framleiðslu fyrir neysluvörumarkað fremur en hrávörumarkað hefur almenn hagþróun verið hagstæðari. Hér er bæði hægt að horfa til launastigs og arðseminnar af atvinnulífinu. Ávinningurinn er augljós.

Fyrir okkur er meginniðurstaðan úr þessum hugleiðingum sú að það sé afar brýnt að stjórnvöld jafni áhrif sveiflna í afla eða verðlagi með skilvirkum og öruggum hætti. Á þann hátt má draga úr skaðlegum áhrifum skammsýnna ágóðasjónarmiða. Stjórnvöld geta eftt hagfellda þróun með markvissum stuðningsaðgerðum, t.d. með framlögum sem ekki væru nema brot af því sem varið er til þróunarsjóðs sjávarútvegs.

Matvælaíðnaður annar en fiskvinnsla

Fyrir utan fiskvinnsluna sjálfa eru það fyrst og fremst atv.gr. 205, niðursuða og niðurlagning, og atv.gr. 209, annar matvælaíðnaður, auk fyrirtækja í atv.gr. 313, lifrabræðslu, lýsishreinsun og -herslu, sem nota hráefni frá sjávarútvegi til frekari vinnslu.

Niðursuða og niðurlagning byggir starfsemi sína að mestu á hráefni frá sjávarútvegi. Miklar sveiflur hafa verið í þessari grein á undanföllum árum, bæði vegna ástandsins í sjávarútvegi og óróleika á hefðbundnum útflutningsmörkuðum fyrir niðursoðnar sjávarafurðir. Árið 1994 nam heildarverðmæti útflutts lagmetis tæplega 1.805 m.kr., en 1.521 m.kr. árið þar á undan.

Annar matvælaíðnaður, atv.gr. 209, byggir að nokkru leyti á hráefni frá sjávarútvegi. Starfsemi í þessari atvinnugrein er margvísleg og má þar nefna ýmiss konar vinnslu á fiskafurðum til manneldis. Auk þess eru hráefni frá sjávarútvegi, s.s. lýsi og fiskimjöl, nýtt til matvælaframleiðslu. Að öðru leyti byggir annar matvælaíðnaður meira á hráefni frá landbúnaði og innfluttu hráefni. Hér hefur verið miðað við að um fjórðungur umsvifa í þessari atvinnugrein tengist sjávarútvegi með beinum hætti.

Vinnsla á lýsi og lýsisafurðum hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í fiskvinnslu hér á landi. Lýsi var lengi ein helsta sjávarafurðin og mikilvæg útflutningsafurð. Árið 1994 voru fluttar út lýsisafurðir fyrir um 2 milljarða króna, að stærstum hluta loðnulýsi. Útflutningur á lýsi til manneldis hefur farið vaxandi og árið 1994 nam sá útflutningur um 270 milljónum króna. Auk útflutnings er töluvert stór innanlandsmarkaður fyrir lýsi og mikil vöruþróun hefur átt sér stað á síðustu árum.

V.6 Annað

Tengsl annarra atvinnugreina en iðnaðar eru ekki til umfjöllunar í þessari skýrslu. Engu að síður er rétt að minnst í fáum orðum á mikilvægi sjávarútvegs fyrir fyrirtæki sem starfa utan iðnaðar. Starfsemi sjávarútvegs snertir að sjálfsögðu starfsemi fyrirtækja í öllum atvinnugreinum á einn eða annan hátt. Mikilvægi sjávarútvegs í íslensku atvinnulífi er slíkt að erfitt er að ímynda sér atvinnugrein sem á beinan eða óbeinan hátt tengist ekki sjávarútvegi. Þessu til viðbótar má nefna að fyrirtæki í sjávarútvegi dreifast vítt og breitt um landið og eru víða burðarásinn í atvinnulífi einstakra byggðarlaga sem eiga því í raun oftast en ekki tilveru sína undir því hvernig fyrirtækjunum í sjávarútvegi farnast.

Af þeim atvinnugreinum sem eiga bein viðskipti við sjávarútveg og ekki hefur verið fjallað um má nefna byggingariðnað sem sér um viðhald á fasteignum í eigu sjávarútvegsfyrirtækja eða sér um byggingu á nýju húsnæði undir starfsemi sjávarútvegsins. Á allra síðustu árum hafa þessi tengsl minnkað mjög þar sem ekki hefur verið fjárfest mikið í byggingum í sjávarútvegi, frekar að fiskvinnsluhús hafi verið lögð niður, bæði vegna samdráttar í afla og tilkomu fullvinnsluskipa sem að

hluta hafa tekið við af fiskvinnslu í landi. Þjónustufyrirtæki af ýmsum toga eiga einnig umtalsverð viðskipti við sjávarútveg. Fyrir utan fjármálastofnanir og tryggingafélög má nefna fyrirtæki í samgöngum, en flutningur á fiski á landi hefur færst mjög í vöxt með aukinni starfsemi fiskmarkaða og sérhæfingu í fiskvinnslunni. Auk þess má nefna olúfélög, en fyrirtæki í sjávarútvegi eru með stærstu viðskiptavinum olúfélaganna. Sjávarútvegurinn er í auknum mæli háður flókinni tölvu- og rafeindatekni sem kallar á viðskipti við þjónustugreinar sem sinna slíkum verkefnum, bæði viðhaldi og kaupum á tölvum og tölvubúnaði af ýmsu tagi. Af þessari upptalningu má sjá að viðskiptin við sjávarútveg teygja sig inn á flest svið atvinnulífsins.

VI. FRAMTÍÐ IÐNAÐAR SEM TENGIST SJÁVARÚTVEGI

Umfjöllun um iðnað og sjávarútveg hefur á stundum fengið þann blæ að hagsmunir þessara tveggja atvinnugreina fari illa saman. Oft er talað um að sambylí iðnaðarins við sjávarútveg sé erfitt vegna hinna miklu sveiflna sem eru í sjávarútvegi, bæði vegna breytilegs afla sem berst að landi og óstöðugs afurðaverðs á erlendum mörkuðum sem hafi truflandi áhrif á efnahagslífið. Einnig hefur verið á það bent að afkoma í almennum iðnaði hafi á umliðnum árum staðið í öfugu hlutfalli við afkomuna í sjávarútvegi.¹⁷

Í skýrslu um starfsskilyrði iðnaðar sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið gaf út í september 1994 er bent á mikilvægi efnahagslegs stöðugleika fyrir iðnaðinn og nauðsyn þess að innlend hagstjórn stuðli að lágri verðbólgu og jafni sveiflur sem eiga upptök í sjávarútvegi. Hér er því á vissan hátt verið að gefa undir fótinn með þá skoðun að iðnaðinum stafi viss ógn af þeim sjálfkrafa óstöðugleika sem er í sjávarútvegi. En þetta vandamál snýr ekki einungis að fyrirtækjum í iðnaði, heldur að öllum fyrirtækjum hér á landi og þar með töldum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Efnahagslegur óstöðugleiki getur aldrei verið af hinu góða og því hlýtur það ætíð að vera markmið ábyrgar hagstjórnar að stuðla að stöðugleika. Skoðanir geta hins vegar verið skiptar um það hver sé vænlegasta leiðin til að ná árangri.

Samskipti iðnaðar og sjávarútvegs og þá sérstaklega fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi með beinum hætti mótast af fleiri þáttum en áhrifum sjávarútvegs á almennt efnahagsástand. Skipulag og þróun í sjávarútvegi ræður miklu um viðgang þeirra fyrirtækja í iðnaði sem næst standa sjávarútveginum. Í kafla III var fjallað um skipulagsbreytingar, markaðsvæðingu, tæknibreytingar í sjávarútvegi og þann hagstjórnarvanda sem óstöðugleikinn í greininni skapar. Allt eru þetta atriði sem skipta sköpum fyrir önnur fyrirtæki sem háð eru þróun sjávarútvegsins. Einnig var fjallað lítillega um markaðsmál í sjávarútvegi og mikilvægi þeirrar stefnumörkunar sem fram fer innan sjávarútvegsins fyrir önnur fyrirtæki.

Þrátt fyrir að miklar breytingar hafi orðið á högum íslenskra fyrirtækja á síðustu árum, sérstaklega hvað varðar almennt starfsumhverfi vegna aukins stöðugleika og breytinga á fjármagnsmarkaði, hefur ekki orðið mikil breyting á því fyrirtækjamynstri sem einkennir íslenskt atvinnulíf. Framleiðslueiningarnar eru smáar og einstaklingsrekstur er áberandi. Sú spurning er því áleitin hversu stóran þátt þetta atriði á í því að hindra að upp komi öflug fyrirtæki sem tilbúin eru í samkeppni á heimsmarkaði. Með þessu er ekki verið að segja að slík fyrirtæki séu ekki til, síður en svo, því mörg íslensk fyrirtæki hafa sýnt og sannað að þau standast fyllilega þær kröfur sem samkeppni á heimsmarkaði gerir. Hins vegar segir það sig sjálft að í litlu hagkerfi þar sem mörg fyrirtæki hafa einungis 1-10¹⁸ starfsmenn er fjöldi stórra fyrirtækja í hverri atvinnugrein takmarkaður. Vera má að stærð fyrirtækja ráði ekki í öllum tilvikum úrslitum um samkeppnishæfni á alþjóðamarkaði, en þess eru þó fá dæmi að þau fyrirtæki í iðnaði sem fremst standa, og þá sérstaklega í iðnaði á borð við þann sem hér er til umfjöllunar, þ.e. starfsemi sem tengist sjávarútvegi, séu mjög lítil. Ástæðan er hagkvæmni stærðarinnar þar sem föstum kostnaði er dreift á

¹⁷ Sjá grein Ásgeirs Daníelssonar: Sveiflur í sjávarútvegi, gengisstefna og almenn hagstjórn, Fjármálatíðindi 1991.

¹⁸ Samkvæmt lauslegri áætlun má reikna með að árið 1991 hafi tæplega 40% af vinnuaflinu starfað í fyrirtækjum með innan við 10 starfsmenn.

stórar framleiðslueiningar. Sumar greinar iðnaðar sem tengjast sjávarútvegi einkennast einmitt af miklum föstum kostnaði, s.s. skipasmíði og vélsmiðjur. Í öðrum greinum skiptir stærðin ekki jafn miklu máli, sérstaklega þar sem um framleiðslu er að ræða sem fremur krefst þekkingar en fjármagns.

Útflutningur á iðnaðarvörum til sjávarútvegs hefur farið vaxandi á síðustu árum, en í fæstum tilvikum hefur hlutdeild útflutningsins í heildarumsvifum iðnfyrirtækjanna orðið svo mikil að segja megí að viðkomandi fyrirtæki stundi fyrst og fremst útflutning. Viðskiptin við innlandan sjávarútveg eru því enn mun mikilvægari en viðskipti við sjávarútveg í öðrum löndum. Hér er ef til vill komið að lykilsþurningu varðandi bein tengsl iðnaðar og sjávarútvegs. Spurningin er sú hvort fyrirtækjum í iðnaði sem tengist sjávarútvegi hafi tekist sem skyldi að nýta sér sjávarútveginn sem eins konar stökkpall yfir á heimsmarkaðinn. Dæmið um þróun fyrirtækisins Marels hf. má í þessu tilviki skoða sem viðmiðun. Í því tilviki virðist allt hafa gengið upp að lokum. Á nokkrum árum hefur það fyrirtæki breyst frá því að vera hefðbundið íslenskt smáfyrirtæki með veika fjárhagsstöðu yfir í að vera vel þekkt fyrirtæki á heimsmælikvarða. Slík dæmi hafa fram að þessu verið fremur sjaldgæf í íslensku athafnalífi.

Skýringa á þessari þróun er að leita í flóknu samspili sögulegra tilviljana, efnahagsstjórnar, uppbyggingar íslensks efnahagslífs og utanaðkomandi áhrifa. Enginn einn þessara þátta umfram annan er aðalorsök þessarar stöðu. Eins og rakið hefur verið í þessari skýrslu hafa þær róttæku breytingar sem orðið hafa á íslensku efnahagslífi skapað grundvöll nýrrar sóknar í efnahags- og atvinnumálum. Samkeppnisskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreinanna eru með hagstæðasta móti, lagalegum hindrunum hefur verið rutt úr vegi og gerðir hafa verið alþjóðlegir viðskiptasamningar sem tryggja íslenskum fyrirtækjum auðveldari markaðsaðgang en áður. Með markvissu starfi innan fyrirtækjanna og með hæfilegum stuðningi stjórnvalda, sérstaklega á sviði rannsóknar- og þróunarstarfsemi, má byggja upp hér á landi öflugan iðnað í tengslum við sjávarútveg sem breytti fyrirtækjum í sjávarútvegstengdum iðnaði í einn af mikilvægustu vaxtarbroddum íslensks atvinnulífs.

FYLGISKJÖL

Fylgiskjal 1

HEIMILDIR

- Alda Möller, Neytendavörur í framleiðslu frystihúsa, *Fiskifréttir*, febrúar 1995.
- Ásgeir Daníelsson. Sveiflur í sjávarútvegi, gengisstefna og almenn hagstjórn, *Fjármálatíðindi*, 3, 1991.
- Atvinnuvegaskýrsla 1990*, Þjóðhagsstofnun, 1993.
- Atvinnuvegaskýrsla 1991*, Þjóðhagsstofnun, 1994.
- En nasjonal strategi for økt sysselsetting i 1990-årene*, NOU 1992:26, Oslo 1992.
- Fiskvinnsla, framgangur hraðfrystihúsaáætlunar 1971-1977*, Framkvæmdastofnun ríkisins, 1977.
- Framkvæmdastofnun ríkisins, *Fiskiskipaáætlun I*, 1977, Reykjavík 1977.
- Friðrik M. Baldursson, Auðlindaskattur og gengisstefna, *Vísbinding*, 27. júlí 1989.
- Hraðfrystihúsaáætlun 1971-1976*, Framkvæmdastofnun ríkisins, 1974.
- Jónas H. Haralz. Staða sjávarútvegs í efnahagslífinu. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 1967.
- Krugman, P. *Geography and Trade*, MIT press, 1991.
- Landshagir 1994*, Hagstofa Íslands, 1994.
- Laun og launakostnaður í fiskiðnaði í Noregi, Danmörku, Englandi og Íslandi*, Kjararannsóknarnefnd, 1985.
- OECD, *Iceland; Science, Technology and Innovation Policies*, París 1993.
- OECD, *Industrial Structure Statistics, 1989/90*, París 1992.
- Porter, M. *The Competitive Advantage of Nations*, Macmillan Press, 1990.
- Ragnar Árnason, *The Icelandic Fishing Industry: Changing Structure and Performance*, University of Iceland, 1991.
- Sigurður Snævarr, *Haglýsing Íslands*, Heimskringla 1993.
- Sjávarfréttir '94/'95*.
- Skýrsla til sjávarútvegsráðherra*, Nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu, 1993.
- Sögulegt yfirlit hagtalna*, Þjóðhagsstofnun, 1993.
- Starfsskilyrði atvinnuveganna*, Skýrsla nefndar forsætisráðherra, Reykjavík 1982.
- Starfsskilyrði iðnaðar*, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, 1994.
- The East Asian Miracle, Economic Growth and Public Policy*, World Bank, 1993.
- The European Observatory for SME's*, Second Annual Report, 1994.
- Útvegur 1993 og 1994*, Fiskifélag Íslands.
- Verkefnastaða og framtíðarhorfur í skipasmíðaiðnaði*, Nefndarálit, Iðn.-viðsk.r. 1993.
- Vigdís W Bóasson, *Iceland: An International Competitive Strategy*, MBA-ritgerð, 1994.
- Zysman, J. *Governments, Markets and Growth*, Martin Robertson, Oxford, 1983.
- Þjóðhagsreikningar 1945-1992*, Þjóðhagsstofnun, 1994.
- Þróun sjávarútvegs*, Rannsóknarráð ríkisins, Rit 1987:1.